# DRAUGABANI Í ÚTRÝMINGARHERFERÐ

GUÐLAUGUR KRISTINN ÓTTARSSON

VIÐTAL 22



FÆR BRAGÐLAUKANA AF STAÐ

ÞRIÐJA GRÁÐAN 32





VERKFÆRIÐ ER MAÐUR SJÁLFUR

MENNTUN 26


FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

4. júlí 2009 — 157. tölublað — 9. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000



VIÐTAL 28



Skoðar innsta eðli mannsins

STJÓRNMÁL 24

Valdarán í Rómönsku Ameríku

INNI OG ÚTI 8



Eftirréttir í ferðalagið

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG







FERÐAHELGIN HAFIN Það er ekki laust við að ferðahugur hafi verið kominn í stóran hluta landsmanna í gær, og þétt umferð var úr borginni fram eftir kvöldi. Áður en lagt er í ferðalagið er auðvitað nauðsynlegt að fylla á tankinn og því nóg að gera á bensínstöðvum við helstu umferðaræðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hækka lægstu launin

**Aðildarfélög BSRB og Starfsgreinasambandið skrifuðu undir kjarasamning við ríkið í gærkvöldi. Líklegt er að samningar við sveitarfélögin verði erfiðari.**

**KJARAMÁL** Fulltrúar allra aðildarfélaga BSRB, utan eins, og fulltrúar Starfsgreinasambands Íslands (SGS) skrifuðu í gær undir kjarasamninga við ríkið. Í samningunum er tekið mið af stöðugleikasáttmálanum, og munu því aðeins lægstu launin hækka.

„Auðvitað er enginn ánægður með þessa niðurstöðu, en miðað við aðstæður er þetta það sem mögulegt var,“ segir Signý Jóhannesdóttir, sviðsstjóri sviðs opinberra starfsmanna innan SGS.

Þeir sem lægst launin hafa munu hækka um samtals tuttugu þúsund krónur í þremur áföngum. Laun undir 210 þúsund krónum munu hækka frá 1. júlí síðastliðnum og 1. nóvember, og laun undir 310 þúsundum munu hækka 1. júní 2010.

„Í þessum kjarasamningum er bara verið að horfa til allra lægstu launanna, þeir sem hafa hærri laun fá engar hækkanir,“ segir Árni Stefán Jónsson, starfandi formaður BSRB. Aðeins lítið hlutfall félagsmanna fær því kjarabætur þar til samningurinn rennur út, í lok nóvember 2010.

Samningarnir sem undirritaðir voru í gær eru innlegg í stöðugleikasáttmálann, segir Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins. Hann segir að samið hafi verið um minni hækkanir en á frjálsum markaði, enda ekkert launungarmál að ríkið sé í erfiðri stöðu og ráði ekki við meiri hækkanir.

BSRB og SGS eiga eftir að semja við sveitarfélögin og Reykjavíkurborg. Signý segir að það geti reynst erfiðara, þar sem fleiri lægra launaðir starfsmenn séu hjá sveitarfélögum, og fjárhagsstaða þeirra sé erfið. Undir það taka aðrir viðmælendur Fréttablaðsins.

Ríkið á einnig eftir að semja við tugi félaga, þar með talað Bandalag háskólamanna, Félag framhaldsskólakennara og fleiri.

Atkvæði verða greidd um samningana á næstunni. - bj

Tomasz Napierajczyk:

## Pólverji dæmir í efstu deild

**FÓTBOLTI** Athygli hefur vakið að í fyrsta sinn er erlendur ríkisborgari að sinna dómgæslu í efstu deild Íslandsmótsins í knattspyrnu að staðaldri. Sá heitir Tomasz Jacek Napierajczyk og er pólskur verkamaður sem kom hingað til lands fyrir rúmum þremur árum.



TOMASZ NAPIERAJCZYK

Fyrir ári var hann hvattur til að hafa samband við Knattspyrnusamband Íslands þar sem hann hafði lengi starfað sem dómari í heimalandi sínu. Hann þótti standa sig það vel að honum var gefið tækifæri til að vera aðstoðardómari í efstu deild, þar sem hann dæmir nú reglulega. - esá / sjá síðu 48

Aðilar vinnumarkaðarins:

## Icesave-málinu verður að ljúka

**EFNAHAGSMÁL Forsvarsmenn stærstu samtaka atvinnurekenda sem og verkalýðsforystunnar taka undir þau rök að samþykkja verði frumvarp Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna.**

**Felli Alþingi samninganna verði staða Íslands jafnvel enn alvarlegri en hún er nú. Afgreiðsla málsins sé okkur lífsnauðsynleg til að aðgangur fáist að erlendu fjármagni sem endurreisn efnahagslífsins verði byggð á.**

- shá / sjá síðu 4


Tempur – 15 ár á Íslandi



Frábær afmælistilboð í júlí

Betra BAK










**SPURNING DAGSINS**



*Víkingur, verðurðu ekki bara með víkingahjálm við píanóið?*

„Jú, ég á einmitt víkingahjálm sem ég hef lengi ætlað mér að nota við píanóleik. Núna er gullna tækifærið.“

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari spilar á vígslutónleikum nýja tónlistar- og ráðstefnuhússins á mánudag. Gestum verða afhentir hjálmar, stígvél og varúðargallar við innganginn í öryggisskyni, enda húsið vart fokhelt.

Alþingi fjallar um styrkingu embættis sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins:

# Skipa saksóknara í stað Valtýs

**DÓMSMÁL** Skipaður verður sérstakur ríkissaksóknari sem taka mun við öllum störfum ríkissaksóknara sem tengjast á einhvern hátt bankahruninu, verði frumvarp dómsmálaráðherra sem rætt var á Alþingi í gær að lögum.

Samkvæmt frumvarpinu mun Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins, heyra undir sérstakan ríkissaksóknara. Þar með er ætlunin að taka alveg fyrir aðkomu Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara að málum tengdum bankahruninu, en hann hefur lýst sig vanhæfan í þeim málum vegna starfa sonar síns sem annar forstjóra Exista.



**STYRKING** Hugsanlegt er að starfsmönnum sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins verði fjölgað í 36.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að embætti sérstaks saksóknara verði „stóreflt“ frá því sem nú er. Bætt verður við þremur saksóknurum, sem heyra munu undir sérstakan saksóknara. Þeir munu hafa sjálfstætt ákæruvald og taka sjálfir ákvarðanir um ákærur. Verði frumvarpið að lögum munu útgjöld ríkisins hækka um 43 milljónir króna á ári, samkvæmt fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi í gær. Í máli ráðherra kom fram að hugmyndir væru uppi um að fjölga verulega í starfsliði sérstaks saksóknara. Í stað um tuttugu starfsmanna nú verði þeir 36 talsins; fjórir saksóknarar, fjórtán lögfræðingar, tólf lögreglumenn og fjórir endurskoðendur, auk tveggja annarra starfsmanna. **- bj**

Mótmælin í Íran:

# Réttað yfir starfsmönnum

**ÍRAN** Réttað verður yfir tveimur starfsmönnum breska sendiráðsins í Teheran í Íran, sem voru handteknir í síðustu viku. Starfsmennirnir voru sakaðir um aðild að mótmælum vegna forsetakosninganna í Íran í síðasta mánuði. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Níu starfsmenn í sendiráðinu voru handteknir og sakaðir um að skipuleggja mótmælin, sem yfirvöld líta á sem ólögleg. Að sögn fulltrúa breskra stjórnvalda hefur öllum starfsmönnunum verið sleppt, utan þeirra tveggja sem réttað verður yfir. Þeir munu vera íranskir ríkisborgarar. **- kg**

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

# Lögmæt húsleit hjá Hannesi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að húsleit efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á heimili Hannesar Smárasonar hefði verið lögmæt.**



HANNES SMÁRASON

**Hannes fór fram á að húsleit á heimili hans, sem gerð var 3. júní, yrði úrskurðuð ólögmæt, og að haldlagning gagna sömuleiðis.**

**Hæstiréttur telur skilyrði fyrir húsleit og haldlagningu gagna hafa verið uppfyllt, enda Hannes grunaður um refsiverða háttsemi. Þar sem Hannes hafi ekki gert kröfur um að haldlagning á ákveðnum hluta gagna sem aflað var yrði dæmd ólögmæt sé kröfu hans hafnað.** **- bj**

Hlutabréfalán Kaupþings:

# Útiloka borgun tekjuskatts

**VIÐSKIPTI** Útilokað er að starfsmenn Kaupþings þurfi að greiða tekjuskatt vegna niðurfellingar persónulegra ábyrgða. Þetta er mat skattasérfræðinga sem Kaupþing hefur ráðfært sig við. Helgi Sigurðsson fyrrverandi lögfræðingur hjá Nýja Kaupþingi greinir frá þessu í aðsendri grein sem birt er í Fréttablaðinu í dag.

Helgi segir að skattgreiðslur hljóti meðal annars að taka mið af auðgun starfsmanna og því endurgjaldi sem fólst í sölubanni hlutabréfa í Kaupþingi. Hann segir að bannið hafi komið í veg fyrir að starfsmenn hafi getað forðað sér frá tjóni.

**-bþa** / **sjá síðu 20**

# Borgin bjargar rekstri sökkvandi Egilshallar

**Óvissu er eytt með 172 milljóna króna viðbótarleigusamningi um afnot af Egilshöll, segir borgarstjóri. Almenningur borgar óráðsíu einkaðila, segir Ólafur F. Magnússon. Borgarráð samþykkti að kanna reynsluna af einkaframkvæmdum.**

**REYKJAVÍKURBORG** „Þetta er stórmál fyrir Grafarvogsbúa,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri um nýjan samning um aukna notkun Reykjavíkurborgar á Egilshöll.

Samningnum sem samþykktur var í borgarráði á fimmtudag er ætlað að tryggja áframhaldandi rekstur Egilshallar sem var kominn í þrot í höndum dótturfélags Nýsis, Borgarhallarinnar hf. Höllin er nú í höndum Landsbankans. Borgin greiðir 172 milljónir fyrir viðbótarleiguna. Sú upphæð er í raun inneign borgarinnar hjá Borgarhöllinni vegna vangreiddra fasteignaskatta upp á 145 milljónir og ógreiddra 27 milljóna króna afborgana af lóðarkaupum.

Hanna Birna segir mikið óöryggi hafa verið með rekstur Egilshallar auk þess sem frágangur í og við húsið hafa verið óviðunandi. „Menn hafa verið að kvarta undan aðgengi en nú verður það lagað,“ segir borgarstjóri.

Meðal þess sem samningum er ætlað að festa í sessi er íþróttastarfsemi fyrir börn og unglinga og frístundaheimili fyrir fötluð grunnskólabörn. Þess utan flytur Ungmennafélagið Fjölnir hluta sinnar starfsemi í Egilshöll en á móti sleppur borgin undan fyrri samningi um aðra uppbyggingu fyrir íþróttafélagið. Nýta á húsið betur fyrir knattspyrnuæfingar, skauta, fimleika, bardagaíþróttir og frjálsar íþróttir.

Fulltrúar minnihlutans í borgarráði gerðu ýmsar athugasemdir við samninginn. „Borgarstjórnarflokkur F-listans varar við því að háum fjárhæðum sé varið úr vasa almennings til að leiðrétta óráðsíu einkaaðila,“ bókaði áheyrnarfulltrúinn Ólafur F. Magnússon.



**EGILSHÖLL** Aðkoman að þessu stóra fjölnotahúsi hefur lengi verið gestum þess þyrnir í augum. Bæta á úr þessu fyrir haustið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON



DAGUR B. EGGERTSSON



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Dagur B. Eggertsson og Björk Vilhelmsdóttir, borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, og Þorleifur Gunnlaugsson úr Vinstri grænum sögðust gera fyrirvara við að fjárhag Reykjavíkur væri best borgið með því að „festast inni í stórhækkuðum húsaleigusamningi við Egilshöll til eins árs“.

Á móti sögðu fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að niðurstaðan væri hagfelld fyrir borgina. Að auki væri gert ráð fyrir því að síðar á þessu ári verði farið yfir rekstur og afnot af Egilshöllinni til næstu ára.

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna lögðu síðan til að skoðuð yrði reynsla borgarinnar og annarra sveitarfélaga af verkefnum í einkaframkvæmd og svokölluðum félagaframkvæmdum. „Þannig verði leitast við að leggja mat á heildarkostnað vegna framkvæmda í einkaframkvæmd annarsvegar og eiginframkvæmd borgarinnar hinsvegar,“ sagði í tillögu minnihlutans sem borgarráð samþykkti.

gar@frettabladid.is

# Lést í flugslysi í Vopnafirði



**Maðurinn sem lést í flugslysinu í Vopnafirði í fyrrakvöld hét Hafþór Hafsteinsson. Hafþór var 43 ára, fæddur 3. janúar 1966, til heimilis að Skrúðási 9 í Garðabæ. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn.**

**Hafþór var fyrrverandi forstjóri flugfélagsins Atlanta og hafði undanfarin misseri gegnt stjórnarformennsku í félaginu Avion Aircraft Trading.**

Palin hættir sem ríkisstjóri:

# Orðuð við forsetaframboð

**BANDARÍKIN, AP** Sarah Palin, fyrrverandi varaforsetaefni bandaríska Repúblikanaflokksins, tilkynnti í gær að hún hygðist hætta sem ríkisstjóri Alaska í lok júlí. Ákvörðun Palin þykir koma á óvart og benda til þess að hún hyggist einbeita sér að því að hljóta útnefningu repúblíkana í forsetakosningunum árið 2012.



SARAH PALIN

Palin sagði í gær að hér sem hún hefði ákveðið að gefa ekki kost á sér sem ríkisstjóri í kosningum árið 2010 væri það best fyrir íbúa Alaska að hún viki strax.

Sean Parnell, sem verið hefur aðstoðarríkisstjóri Alaska, mun gegna ríkisstjóraembættinu fram að kosningum. **- bj**


# Barcelona

í júlí

frá kr. **19.990**

Verð kr. **19.990**
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum (KEF-BCN). Sértilboð 3., 10., 17. og 24. júlí. Ath. aðeins örfá sæti á þessu sértilboði.

*Allra síðustu sætin!*
Heimsferðir bjóða frábær sértilboð á flugi til Barcelona á völdum brottförum í júlí. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í borginni sem býður frábært mannlíf og fjölbreytni í menningu, afþreyingu að ógleymdu fjörugu strandlífi og endalausu úrvali veitingastaða og verslana.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Upplýsingar um háar lánveitingar til lykilstarfsmanna Kaupþings í lánabókum:

# 22 starfsmenn fengu 23,5 milljarða

**VIÐSKIPTI** Sumarið 2006 höfðu 22 stjórnendur og lykilstarfsmenn Kaupþings fengið samtals tæplega 23,5 milljarða króna að láni frá bankanum til að kaupa hlutabréf í bankanum. Þetta kemur fram í lánabók bankans sem DV birti upplýsingar úr í gær.

Enginn starfsmannanna 22 er starfandi hjá Nýja Kaupþingi. Sá síðasti til að hætta var Helgi Sigurðsson, yfirlögfræðingur bankans. Hann hætti í vikunni eftir að DV upplýsti að hann hefði fengið 445 milljóna króna lán til hlutabréfakaupa sumarið 2006.

Hæstu lánin fengu Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður, og Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri. Skuld þeirra við Kaupþing sumarið 2006 var samtals tæplega 5,4 milljarðar króna.

Þegar bankarnir hrundu í október í fyrra námu skuldir 130 starfsmanna við bankann, sem voru til komnar vegna hlutabréfakaupa í bankanum, samtals rúmlega 47 milljörðum króna.

Stjórn bankans ákvað 25. september síðastliðinn að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna, sem við fall bankans námu rúmlega tíu milljörðum



**FENGU MILLJARÐA** Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson skulduðu Kaupþingi um 5,4 milljarða sumarið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

króna. Það hefur þó enn ekki verið gert. Einn af fyrrverandi hluthöfum bankans hefur kært þá ákvörðun til sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins. **- bj**




# TAX FREE!
# Pallaefni

## TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI FYRIR SÓLPALLINN

gildir til 8. júlí

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 03.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,37 | 126,97 |
| Sterlingspund | 206,12 | 207,12 |
| Evra | 176,76 | 177,74 |
| Dönsk króna | 23,737 | 23,875 |
| Norsk króna | 19,612 | 19,728 |
| Sænsk króna | 16,151 | 16,245 |
| Japanskt jen | 1,3165 | 1,3243 |
| SDR | 195,1 | 196,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 229,0491

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innanhúshönnuður lögsækir Dorrit Moussaieff forsetafrú:

# Forsetafrú lögsótt af nágranna

**BESSASTAÐIR** Dorrit Moussaieff forsetafrú hefur verið stefnt fyrir dómstól í London af nágranna sínum, innanhússhönnuðinum Tiggy Butler.

Samkvæmt frétt Daily Mail um málið voru málsatvik með þeim hætti að hinn 23. apríl síðastliðinn tók að leka vatn úr íbúð Butler í íbúð Dorritar sem er á næstu hæð fyrir neðan. Í ákærunni á hendur Dorrit er því haldið fram að í kjölfar lekans hafi hún farið ólöglega inn í íbúð Butler ásamt tveimur mönnum og neitað að yfirgefa íbúðina. Dorrit var einnig sökuð um að hafa ausið svívirðingum yfir Butler og húshjálp hennar.



**FORSETAHJÓNIN** Dorrit Moussaieff ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í stefnunni er að finna fleiri ásakanir en síðan málið hófst fyrir nokkru hefur Butler dregið töluvert af ásökunum sínum til baka.

Auk þess hefur Butler verið fyrirskipað að greiða áttatíu prósent af þeim skaða sem vatnslekinn olli á íbúð Dorritar.

Í samtali við Daily Mail segir Dorrit að ásakanir Butler eigi sér ekki neina stoð í raunveruleikanum. „Hún hélt því fram að ég hefði stokkið yfir tveggja metra háan vegg jafnvel þótt ég hafi verið á hækjum daginn sem það átti að hafa gerst,“ segir Dorrit.

Einnig er haft eftir Dorrit í frétt Daily Mail að margt í lögsókninni hefði hún ómögulega getað framið þar sem hún var í útlöndum dagana sem það átti að hafa átt sér stað. - bþa

Herferð vegna öryggisbelta:

# Beltin hefðu bjargað lífi 36

**SAMGÖNGUR** Á tíu ára tímabili, frá 1999 til 2008, hefði mátt forða 36 banaslysum í umferðinni hefðu þeir sem létust notað öryggisbelti. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Umferðarstofu.

Umferðarstofa og VÍS boða til herferðar vegna mikils fjölda alvarlegra slysa sem hefði mátt fyrirbyggja með notkun öryggisbelta. Í tilkynningu segir að enn sé töluverður hópur fólks sem taki þá áhættu að ferðast með bílum án þess að nota beltin. Í herferðinni verður bent á að það að lenda í árekstri á 55 kílómetra hraða án bílbeltis geti verið svipað og að falla niður af tíu hæða húsi. - bj

Gylfi Magnússon um SPRON:

# Hafa heimild til útborgunar

**KJARAMÁL „Það er skilningur minn að slitastjórnin hafi fulla heimild til að greiða út laun,“ segir Gylfi Magnússon. Um 100 starfsmenn SPRON fengu ekki greidd laun 1. júlí. Taldi slitastjórn að ekki væri hægt að greiða út laun þar sem fyrirtækið hefði aldrei farið í greiðslustöðvun.**

**„Við sjáum ekki að það sé nein þörf á lagabreytingum en við höfum hins vegar ekkert boðvald yfir slitastjórninni og getum ekki skipað henni að borga laun. Ef það er eitthvað annað sem við gætum gert myndum við hjálpa með það,“ segir Gylfi.**

**Að mati Gylfa er sérstaklega óheppilegt hversu seint tilkynning slitastjórnarinnar kom um að hún myndu ekki greiða launin. Sú tilkynningin kom daginn áður en greiða átti launin.** - vsp

## ÁRÉTTING

Vegna ummæla Kristjáns Möller samgönguráðherra í Kastljósi á fimmtudagskvöld er rétt að ítreka eftirfarandi: Kristján sagði í samtali við blaðamann Fréttablaðsins síðastliðinn miðvikudag að lífeyrissjóðir, þar á meðal lífeyrissjóðurinn Stapi, hefðu sýnt áhuga á fjármögnun Vaðlaheiðarganga. Orðrétt sagði ráðherra: „Það er lífeyrissjóður fyrir norðan sem heitir Stapi, þeir komu til mín öðru hvoru megin fljótlega, ég held fyrir áramót frekar en strax eftir áramót, og lýstu áhuga á að fjármagna Vaðlaheiðargöng ef út í þau er farið.“ Fréttablaðið áréttar þetta vegna þess að af Kastljóssviðtalinu við ráðherra mátti draga þá ályktun að frétt Fréttablaðsins af málinu hefði verið röng.

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn umboðsmanns Alþingis í blaðinu í gær. Umboðsmaður Alþingis heitir Róbert Spanó.

# Alþingi á aðeins einn kost

**Forsvarsmenn atvinnulífsins sem og verkalýðsforystunnar taka undir rök fjármálaráðherra um nauðsyn þess að frumvarp hans um Icesave-samningana verði samþykkt. Uppbyggingin fram undan sé því háð.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það verður að klára þetta. Öðruvísi komumst við ekki í samband við erlenda fjármagnsmarkaði sem endurreisnin byggir á,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann færir, ásamt öðrum forsvarsmönnum atvinnulífsins og verkalýðsforystunnar, sömu rök og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fyrir samþykkt frumvarps um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna.

Steingrímur sagði við fyrstu umræðu frumvarpsins á miðvikudag að yrði frumvarpið fellt myndi allt annað stranda á því. „Þá kemur október aftur,“ sagði Steingrímur.

Áfram var tekist á um Icesave-samningana á Alþingi í gær, annan daginn í röð. Að því loknu var frumvarpinu vísað til fjárlaganefndar, sem kom saman síðdegis til að fara yfir hvaða gesti nefndin skyldi fá á sinn fund vegna málsins og hverjum málið skyldi sent til umsagnar. Búist er við því að fyrstu gestirnir komi fyrir nefndina á mánudag.

Fjárlaganefnd mun hafa yfirumsjón með vinnunni við frumvarpið en ákveðnum hlutum þess mun verða vísað til efnahags- og skattanefndar og utanríkismálanefndar. Ætlað er að það þurfi rúma viku í nefndum áður en það verður tekið til annarrar umræðu á Alþingi.

Vilhjálmur segir lyktir málsins alltaf hafa verið skilyrði fyrir aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og annarra þjóða að lánveitingum. „Ég tel ekki að með því að hafna samningnum sé hægt að fá annan betri í framtíðinni.“ Vilhjálmur segir að innstreymi erlends fjármagns sé lykilatriði til að koma atvinnulífinu í gang og öll uppbygging næstu ára hvíli á því. „Án aðgangs að slíku lánsfé búum við til kreppu sem mun standa yfir svo árum skiptir.“

„Gleymum því aldrei að mistök stjórnmálamanna eru núna að lenda á okkur – þjóðinni,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins. Hann segir að í því ljósi sé holur hljómur í málflutningi stjórnarandstöðunnar þessa dagana. „Mér sýnist, í þeirri stöðu sem við erum í, að stjórnmálamenn geri okkur betur kleift en á horfðist að leysa úr þessu erfiða máli. Staðan er sú að ef þjóðin ætlar í þessa deilu með því að fella þessa samninga og setja allt málið í uppnám aftur er verið að taka áhættu sem ekki er þess virði að taka.“

Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, segir málið í heild sinni skelfilegt fyrir Íslendinga. Hann er ósáttur við hvernig að samningunum var staðið og hefði kosið að færustu sérfræðingar hefðu verið valdir til viðræðnanna við Breta og Hollendinga í stað þess að láta fyrrverandi stjórnmálamann leiða samninganefnd Íslands á móti þaulvönum sérfræðingum mótaðilanna. „Ég hefði að sjálfsögðu viljað sjá mun sanngjarnari vexti eins og margir hafa bent á. En nú liggur þessi samningur svona á borðinu og það þarf að taka afstöðu. Ég öfunda alþingismenn ekki af því að þurfa að leiða þetta erfiða mál til lykta en ég er þeirrar skoðunar að við eigum engan annan kost en að samþykkja samninginn og ljúka málinu. Íslendingar standa við skuldbindingar sínar og ég óttast afleiðingar þess ef Alþingi fellir samninginn. Það tæki við enn meiri óvissa í íslensku efnahagslífi en nú er. Nóg er nú samt.“

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að stjórn samtakanna hafi ekki ályktað formlega um málið en það hafi verið rætt. „Ég heyri ekki betur en að allir stjórnarmenn okkar séu þeirrar skoðunar að við eigum um ekkert annað að velja en að samþykkja þennan samning, eins dapurt og það nú er.“ svavar@frettabladid.is





*„Ég tel ekki að með því að hafna samningnum sé hægt að fá annan betri í framtíðinni.“*

VILHJÁLMUR EGILSSON

*„... við eigum um ekkert annað að velja en að samþykkja þennan samning, eins dapurt og það nú er.“*

ANDRÉS MAGNÚSSON

*„... ég óttast afleiðingar þess ef Alþingi fellir samninginn. Þá tæki við enn meiri óvissa í íslensku efnahagslífi en nú er.“*

HELGI MAGNÚSSON

*„Gleymum því aldrei að mistök stjórnmálamanna eru núna að lenda á okkur – þjóðinni.“*

GYLFI ARNBJÖRNSSON



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Ef samningurinn verður felldur mun allt annað stranda, segir Steingrímur.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**ÚRKOMULÍTIÐ Á MORGUN** Norðausturlandið hefur vinninginn í veðrinu þessa helgina en þrátt fyrir vætu sunnan- og vestanlands í dag er hlýtt og vindur yfirleitt fremur hægur. Það styttir hins vegar víðast upp á morgun og líkur á góðum sólarköflum eftir hádegi um allt land.



Á MORGUN
Víða 3-8 m/s en 8-15 allra syðst.

MÁNUDAGUR
3-8 m/s.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 31° |
| Billund | 26° |
| Eindhoven | 23° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 26° |
| Kaupmannahöfn | 26° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 22° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 28° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 23° |
| París | 28° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


ÚTSALAN
ER HAFIN Í SMÁRALIND
30-70%
AFSLÁTTUR
OPIÐ LAUGARDAG 11-18
OG SUNNUDAG 13-18
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

KJÖRKASSINN



*Á ríkisstjórnin að leggja áherslu á Vaðlaheiðargöng frekar en Suðurlandsveg?*

| | |
|---|---|
| Já | 15,3% |
| Nei | 84,7% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Vilt þú að skólaárið í grunnskólum verði stytt frekar en að grunnþjónusta verði skert?*

Segðu þína skoðun á vísir.is VÍSIR

Aukið samstarf Ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnunar:

# Átak gegn bótasvikum kynnt

**ATVINNUMÁL** „Atvinnuleysisbótasvik eru ekkert annað en þjófnaður á sameiginlegum sjóðum Íslendinga. Með þessu átaki viljum við framar öðru vekja samfélagslega meðvitund um að þetta sé ólögleg og óæskileg framkoma,“ segir Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra. Árni, ásamt Skúla Eggerti Þórðarsyni ríkisskattstjóra og Gissuri Péturssyni, forstjóra Vinnumálastofnunar, kynnti í gær sameiginlegt átak Ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnunar til að sporna við svikum á atvinnuleysisbótum og svokallaðri svartri vinnu.

Yfirlýst markmið átaksins er að skapa almennt aðhald á vinnumarkaði og hafa áhrif til varnaðar á fólk og fyrirtæki, ásamt því að finna þá sem brotið hafa af sér. Til þess að það takist er ætlunin að beita margvíslegum aðferðum, svo sem að heimsækja vinnustaði þar sem grunur leikur á að verið sé að brjóta lög um atvinnuleysistryggingar eða ástunda skattsvik og opna leiðir til þess að koma nafnlausum ábendingum á framfæri til stofnana. Einnig á að efna til stóraukinnar fræðslu um atvinnuleysisbætur og skilyrði fyrir úthlutun þeirra.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir erfitt að segja til um umfang slíkra brota fyrir fram. „Það eru þó ýmsar vísbendingar um að slík svik eigi sér stað, og við munum fylgja þeim eftir,“ segir Gissur. **- kg**



**ÁTAK** Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri, Árni Páll Árnason félagsmálamálaráðherra og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, kynntu átak gegn atvinnuleysisbótasvindli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Veiðiátak skilar árangri:

## Vel gengur að fækka mink

**UMHVERFISMÁL** Veiðiátak umhverfisráðuneytisins á mink hefur skilað góðum árangri í Eyjafirði. Mink hefur einnig fækkað á Snæfellsnesi þar sem annað tveggja rannsóknasvæða átaksins er.

Tilraunaverkefni um útrýmingu minks hefur staðið yfir í þrjú ár og er veiðiátakið skipulagt og framkvæmt af Umhverfisstofnun.

Markmið átaksins er að auka verulega veiðiálag á minkastofninn á svæðunum tveim frá því sem áður var og meta hvort fýsilegt gæti talist að útrýma mink á landinu. **- shá**


Rafskutlur og Golfhjól á frábæru verði.



Rafskutlur
á kr 179.000 –

opið laugardag
frá 10 - 16:00

Golfhjól
frá kr 189.000



H-Berg ehf
Import-Export

H-Berg ehf. • Grandatröð 5 • Hafnarfjörður • S: 866-6610
www.hberg.is • hberg@hberg.is


# Vinirnir reyndu að lífga hinn látna við

**Sá sem slasaðist í flugslysinu í Vopnafirði er mjög illa haldinn. Vinur hans lést. Ætluðu að kasta kveðju á félaga sína í veiðihúsi en flugu á rafmagnslínu. Þeir áttu að vera í 300 metra hæð. Fyrsta banaslysið í íslenskri flugvél í níu ár.**

**SLYS** Maðurinn sem slasaðist í flugslysinu við Selá í Vopnafirði í fyrradag liggur þungt haldinn í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans. Vinur hans lést í slysinu.

Mennirnir komu til Vopnafjarðar á þriðja tímanum í fyrradag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snæddu þeir með vinum í veiðihúsinu Hvammsgerði við Selá áður en þeir sneru aftur til Vopnafjarðar og hugðust fljúga suður til Mosfellsbæjar. Mennirnir höfðu báðir mikla reynslu af flugi.

Í stað þess að fljúga rakleiðis suður flugu mennirnir aftur að veiðihúsinu í því skyni að kasta kveðju á vini sína úr vélinni. Þeir sátu í framsætum vélarinnar. Það var þá sem slysið varð; vélinni var flogið á raflínur og hrapaði til jarðar. Raflínurnar voru í um tíu metra hæð frá jörðu.

Vinir mannanna úr veiðihúsinu urðu vitni að slysinu. Þeir hlupu þegar til og reyndu að koma vinum sínum til hjálpar. Þeir gerðu lífgunartilraunir á öðrum manninum, en hann hafði látist samstundis, og hlúðu að hinum særða.

Spurður um viðbrögð mannanna segir Baldur Friðriksson, læknir á Vopnafirði, að þau hafi kannski ekki skipt sköpum. „En þetta var mjög góð tilraun til að bjarga því sem bjargað varð,“ segir Baldur.

Fjöldi sjúkraliða og björgunarsveitarmanna kom að aðgerðinni. Aðkoman að slysinu var ófögur og var bæði vitnum og þeim sem að aðgerðinni komu boðin áfallahjálp í fyrrakvöld. Þá var þeim boðið til bænastundar í Vopnafjarðarkirkju um kvöldið. Starfi kirkjunnar við áfallahjálpina vegna málsins er þó hvergi nærri lokið, að sögn Brynhildar Óladóttur, starfandi prests í Vopnafjarðarkirkju.

Flugvélin, sem er fjögurra sæta Cessna 180 með skráningarnúmerið TF-GUN, var flutt af slysstað eftir miðnætti og síðan ekið með hana í gámi til Reykjavíkur í gær. Nú mun Rannsóknarnefnd umferðarslysa rannsaka málið næstu mánuði, og meðal annars skoða vélina betur.

Þetta er fyrsta banaslysið í íslenskri flugvél í níu ár, eða frá því að lítil tveggja hreyfla flugvél skall í Skerjafjörðinn í ágúst árið 2000. Þá létust sex manns. Þrjár erlendar vélar, með útlendinga innanborðs, hafa reyndar farist á þeim tíma í íslenskri lofthelgi.

stigur@frettabladid.is




### ÁTTU AÐ VERA Í ÞÚSUND FETA HÆÐ

Reglur um einkaflugvélar kveða á um að ekki skuli flogið nær jörðu en í þúsund feta hæð, sem eru um 305 metrar. Þegar mennirnir rákust á rafmagnslínuna voru þeir eðli málsins samkvæmt ekki mikið ofar en í tíu metra hæð.

Afar algengt er þó að þessi regla sé brotin, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það geri nær allir þeir sem fljúgi á smærri vélum.

Jafnframt gerist það reglulega að flogið sé á rafmagnslínur, þótt ekki hljótist alltaf af því alvarleg meiðsl. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa sumir jafnvel útbúið vélar sínar sérstaklega á hjólabúnaði þannig að þær klippi á víra ef á þá er flogið.





Grillfólkið

Grill, gleði og samvera

Njóttu góðrar máltíðar með vinum og vandamönnum með SS grillkjöti.

Ljúffengur kryddlögurinn dregur fram það besta í kjötinu og vel grillað kjöt laðar fram brosið á fólkinu þínu.

Grillkjötið frá SS – fyrir sérstakar stundir.

SS fremstir fyrir bragðið

www.ss.is


Skilanefnd boðar málaferli gegn Akranesbæ vegna eftirstöðva erlends láns:

# Neita að greiða 94 milljónir

**AKRANES** „Við erum mjög, mjög, mjög ósátt við þetta,“ segir Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri Akraness, um innheimtubréf frá Landsbankanum vegna gjaldeyrisláns sem sveitarfélagið tók hjá bankanum.

Deila er milli skilanefndar Landsbankans og Akraneskaupstaðar vegna 94 milljóna króna sem bankinn segir vera eftirstöðvar af gjaldeyrisláninu. Borga verði kröfuna strax eða semja um greiðslu hennar. „Að öðrum kosti verður krafan innheimt með aðför eða atbeina dómstóla,“ segir í bréfi til bæjarins. Bæjarstjórnin neitar að borga.

„Staðreyndin er sú að við erum búin að borga mikið meira af þessu láni heldur en við högnuðumst um á þeim tíma sem það var tekið,“ segir Gísli. Hann útskýrir að lánið hafi verið sams konar og önnur sveitarfélög hafi tekið og átt að vera þeim til hagsbóta. „Þessi gjaldeyrislán áttu að vera afar hagstæð og voru það á meðan krónan var í lagi. Eftir fall krónunnar hefur þetta hoppað upp um áttatíu til níutíu milljónir frá í október.“

Að sögn Gísla snýst ágreiningurinn fyrst og fremst um það við hvaða stig gengisvísitölunnar eigi að miða. Eðlilegt sé að miða við 167 til 176 stig. Þegar bærinn hafi viljað gera upp lánin í febrúar hafi vísitalan staðið í 190 stigum. „Við margleituðum svara hjá skilanefndinni en fengum engin svör. Svo kom bara þetta bréf núna þar sem miðað er við gengisvísitöluna 230,“ segir Gísli, sem kveður bæinn nú hafa sett málið í hendur lögfræðiskrifstofu. **- gar**



**BÆJARRÁÐ AKRANESS** Núverandi bæjarstjórn Akraness tók við í maí í fyrra. Bæjarstjórnin neitar að greiða upp gjaldeyrislán frá Landsbankanum eftir útreikningi skilanefndar.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# Græjaðu þig upp fyrir sumarið í næstu verslun Nova!

Komdu við hjá okkur, græjaðu þig upp af góðu skapi og öðrum nauðsynjum. Við eigum bolta, boli, söngbók og tjald sem hentar alveg sérlega vel fyrir villta stemningu. Og auðvitað farsíma í miklu úrvali og 3G punga fyrir fartölvur. Góða skemmtun í sumar!



DAGUR & STEINI

Nova verð:
**14.900 kr.**

**Digital myndarammi**

Fullt verð: 18.900 kr.

Njóttu myndanna þinna í myndaramma í stað þess að geyma þær í tölvunni eða símanum.



**9.900 kr./stgr.**

**3G auga**

Nú geturðu fylgst með heimilinu, krökkunum, sumarbústaðnum eða hverju sem er án þess að vera á staðnum. Þú hringir myndsímtal í augað!




**0 kr.**

**Söngbók Nova**

Fáðu þér Nova söngbók með öllum bestu lögunum fyrir afmælið, sumarbústaðinn, partýið, útileguna, eða bara þegar þú ert ein(n) heima að æfa þig!

gitargrip.is Einnig getur þú búið til þína eigin söngbók á Gitargrip.is í samstarfi við Nova. Þar getur þú prentað út uppáhaldslögin þín með eða án gítargripa.

**990 kr.**

**Nova bolir**

Nova sumarbolir með skemmtilegum frasa á nova.is eða í næstu verslun Nova, einnig getur þú búið til bol með þínum eigin texta og símanúmeri á nova.is.







**690 kr.**

**Nova fótbolti**

Fáðu þér flottan Nova fótbolta og sláðu í gegn á vellinum. Hann er líka alveg ómissandi í ferðalagið í sumar.




**2.990 kr.**

**Nova diskókúlutjald**

Nú er málið að skella sér í útilegu og vera í flottasta partýtjaldi sumarsins. Fáðu þér Nova diskókúlutjald á aðeins 2.990 kr á nova.is eða í næstu verslun Nova.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða leikrit ætlar Vesturport að setja upp með tónlistarmanninum Nick Cave?
2. Hvaða merkilegi hlutur fannst nýlega við fornleifauppgröft við kirkjudyrnar á Þingvöllum?
3. Hvað heitir simpansinn sem Michael Jackson átti og enn lifir?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Leirkeilur eða eðjueldfjöll líklega fundin á landgrunninu vestur af landinu:

# Skuttogari vísaði á ný eldfjöll

**JARÐFRÆÐI** Leirkeilur eða eðjueldfjöll hafa líklega fundist í fyrsta skipti hér við land í nýafstöðnum kortlagningarleiðangri rannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar. Fundur þessa náttúrufyrirbæris byggir á athyglisgáfu skipstjórans á frystitogaranum Þerney RE-101.

Fyrirbærin fundust á 900 til 1.300 metra dýpi við rætur landgrunnsins um hundrað sjómílur vestsuðvestur af Snæfellsnesi. Fjöllin eru fjörutíu til 200 metra há. Á mælingasvæðinu, sem fengið hefur heitið Keiludjúp, fannst einnig 450 metra hátt reglulega lagað fjall með tiltölulega flötum gíg á toppinum. Fjallið er nánast smækkuð útgáfa af Herðubreið og hefur fengið heitið Mardöll.

Skipstjóri á frystitogaranum Þerney lét Hafrannsóknastofnunina vita á sínum tíma af einhverju óvenjulegu sem hann sá á dýptarmæli skipsins á þessu sama svæði og gaf upp staðsetninguna. Í ljós kom að Þerney hafði siglt beint yfir eina af leirkeilunum sem fundust nú, þá sem nefnd er Litla-Keila.

Leiðangurinn var frumkönnun á nýju hafsvæði með fjölgeisladýptarmælingum. Markmiðið var að kortleggja þekktar og mögulegar veiðislóðir. Alls voru kortlagðir um 2.700 ferkílómetrar af hafsbotninum. Í síðari hluta leiðangursins voru svo kortlagðir um 2.000 ferkílómetrar. - shá



**NÝR FJALLGARÐUR** Myndir úr fjölgeisladýptarmælingunum sýna hið nýja landslag afar vel. MYND/HAFRÓ

Var ekki með hjálm:

# Fær 29 milljónir í skaðabætur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Mylluna ehf. til að greiða fyrrverandi starfsmanni tæpar 29 milljónir króna vegna vinnuslyss sem hann varð fyrir árið 2005.

Maðurinn hlaut höfuðhögg og heilaskaða þegar hann var að vinna við lagningu háspennuvírs í Áreyjadal á Þórdalsheiði við Reyðarfjörð. Borð í klæðningu keflis með háspennuvír losnaði og slóst í höfuð mannsins.

Maðurinn krafðist 47 milljóna í bætur, en var látinn bera þriðjung tjónsins sjálfur vegna þess gáleysis að hafa ekki borið hjálm á höfði. - sh

Umhverfisstofnun:

# Skerjafjörður verði friðlýstur

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun vinnur að undirbúningi friðlýsingar Skerjafjarðarsvæðisins í samræmi við náttúruverndaráætlun. Drög að tillögu til umhverfisráðherra um friðlýsingu innan bæjarmarka Garðabæjar, alls um 4,27 ferkílómetra, liggja nú fyrir. Einnig er unnið að friðlýsingu nyrsta hluta Búrfellshrauns, Gálgahrauns í Garðabæ.

Drög að friðlýsingu svæðanna hafa verið auglýst til kynningar til 6. ágúst 2009. Þetta er í fyrsta sinn sem sú leið er farin að auglýsa opinberlega tillögur að friðlýsingum. - shá

## DÓMSMÁL

### Ræningi áfram í varðhaldi

Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir öðrum mannanna sem rændu úrsmið á heimili sínu við Barðaströnd 21. maí síðastliðinn. Maðurinn verður í varðhaldi til 13. júní, eða þar til dómur fellur í máli hans. Til stendur að ákæra hann fyrir ýmis auðgunarbrot, auk ránsins.

### Pólverjar sendir úr landi

Hæstiréttur staðfesti í gær framsalsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir tveimur pólskum ríkisborgurum. Mennirnir verða framseldir til Póllands, þar sem þeir munu afplána fangelsisdóma. Annar hefur verið dæmdur fyrir fjársvik en hinn fyrir þjófnaði.

# Hústökur skoðaðar í dómsmálaráðuneyti

**Dómsmálaráðherra hefur enn ekkert fundið sem gefi ástæðu til að huga að lögum um hústökur. Borgaryfirvöld ættu að ræða um niðurnídd hús við ráðuneytið. Umhverfissjónarmið og innbrot séu sameiginlegt vandamál þeirra.**

**SAMFÉLAG** Í dómsmálaráðuneytinu er verið að kanna hvernig lög um hústökur eru í nágrannalöndunum, segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra.

Enn hefur lítið sem ekkert fundist sem gefur tilefni til að endurskoða íslensk lög, en nokkuð hefur borið á hústökum síðan í bankahruninu.

„Við erum búin að kanna það hvort um þetta sé lagaumgjörð á Norðurlöndum, en svo virðist ekki vera. Það sem við höfum fundið er að stundum er heimiluð hústaka í hernaðartilgangi, eða heimiluð hústaka ólæstra húsa, sem kallað er „squatting“, segir hún.



RAGNA ÁRNADÓTTIR

Ekkert hafi fundist um slík lög í Hollandi og Bretlandi, en þar munu ákveðnar gerðir hústöku vera leyfðar. „Það virðist frekar djúpt á þessu í lögunum,“ segir Ragna.

Spurð um pólitíska afstöðu til þessa, í ljósi þess að tóm hús grotna um víða borg, segist Ragna telja að borgaryfirvöld ættu að skoða það í samvinnu við ráðuneytið, vandamálið snúi að báðum; húsin séu í niðurníðslu og brotist sé inn í þau.

„Ef þetta snýst um það að hús séu að grotna niður, þá segir það sig sjálft að það er ekki mál fyrir dómsmálaráðuneytið. Það væri frekar mál ráðuneytisins þegar hópur manna fer inn í hús sem einhver á og í óleyfi. En málið myndi horfa öðruvísi við ef eigandinn leyfði það. Hvert er þá viðhorf hans til hústökunnar? Svo er spurning hvort borgin og skipulagsyfirvöld vilja gera eitthvað til að hindra niðurníðslu,“ segir Ragna.



**HÚSTAKA VIÐ VATNSSTÍG** Meðal þess sem hústökufólkið ætlaði að bjóða upp á var fríbúð, þar sem almenningur gat gefið vörur og þegið þær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skammt er liðið frá hústöku við Vatnsstíg, þar sem ónotað hús var gert upp og hústökufólkið bauð upp á ýmsa þjónustu við almenning, þangað til lögreglan kom og henti fólkinu út, handtók suma og stórskemmdi um leið húsið.

„Punkturinn í því máli er sá að þar er það eigandinn sem sættir sig ekki við að einhver sé í húsinu hans, eins og þetta horfir við mér,“ segir Ragna.

Hún var þá spurð um rök ýmissa hústökumanna, um hvort ekki mætti líta til almannahagsmuna og láta þá koma á undan hagsmunum manns sem skemmir hús með því að halda því tómu.

„Spurningin er sú hvort það sé einhver almannahætta af starfseminni, maður getur haft göfugar hugsjónir og góðan tilgang en getur maður þess vegna farið inn í annarra manna hús? Og ef þú átt hús, er þá skylda fyrir þig að nýta það eða ekki? Hversu langt nær eignarrétturinn? Nær hann ekki til þess að þú getir ráðstafað þinni eign eins og þú vilt? En á móti koma þessi umhverfissjónarmið,“ segir Ragna.

klemens@frettabladid.is


Stökktu til
Bodrum í Tyrklandi 17. júlí
frá kr. 79.900 í 2 vikur

Hálft fæði innifalið - ótrúlegt verð!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 17. júlí í 2 vikur. Í boði er frábært tilboð í gistingu með hálfu fæði.

Bodrum bíður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Sumarleyfisstaðurinn Bodrum í Tyrklandi er einn eftirsóttasta áfangastaður Tyrklands. Bodrum er fallegur hafnarbær sem stendur á samnefndum skaga á Eyjahafsströnd Tyrklands. Bærinn skartar fallegum hvítum húsum sem eru víða skrýdd blómum og þröngum heillandi götum sem bera fortíðinni vitni. Hér er endalaust úrval veitingastaða, bara, kaffihúsa, verslana og mikið nætur- og skemmtanalíf í boði.

Kr. 79.900
- með hálfu fæði í 2 vikur
Netverð á mann mv. 2 fullorðna og 2 börn.

Kr. 89.900
- með hálfu fæði í 2 vikur
Netverð á mann mv. 2 fullorðna.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.






410 4000 | landsbankinn.is

EINKABANKINN | SJÁLFVIRKT HEIMILISBÓKHALD

Kakan þín er komin í Einkabankann



- Fyrsta sjálfvirka heimilisbókhaldið
- Enginn innsláttur í Excel og engir útreikningar
- Þú velur hvaða reikningar og kort mynda kökuritið
- Færslurnar eru flokkaðar fyrir þig
- Hægt er að endurnefna og endurflokka færslur

Heimilisbókhaldið er í Einkabankanum þér að kostnaðarlausu.
Kynntu þér málið á landsbankinn.is.

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37675 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.







RUGLverð
í TÍVOLÍTÆKI
30 miðar
Á 2000 KR.

# SUMARHÁTÍÐ 2.-5. JÚLÍ

**Komdu á RISA sumarhátíð Korputorgs í dag þar sem fjölskyldan getur bæði skemmt sér og gert góð kaup. Fjöldi skemmtilegra leiktækja, bæði inni og úti, og fjöldi spennandi tilboða í öllum verslunum Korputorgs.**

## RÚMFATALAGERINN

**Flowerline sæng**
Stærð: 135 x 200 sm.



Verð áður: 1.490
**990**
SPARIÐ: 500

## LISTSMIÐJA ART2B



Verð áður: 79.200
**39.600**
SPARIÐ: 39.600

**50% afsláttur af öllum olíumálverkum.**
Mikið úrval í öllum stærðum.

## EUROPRIS

**Trampólín 1,83m**
Öryggisnet fylgir.



Verð áður: 27.990
**19.990**
SPARIÐ: 8.000



## TOYS'R'US

**14" Disney Prinsessuhjól**



Verð áður: 29.999
**14.999**
SPARIÐ: 15.000

## ILVA

**2 fyrir 1 af öllum handklæðum**



**tveir** fyrir **einn**

## OFFICE 1

**Ferðatöskusett**
4 töskur.



Verð áður: 42.000
**24.990**
SPARIÐ: 17.010



## MERKJAOUTLET

**Herrajakki PVC**
stærðir S-XXL.



Verð áður: 9.995
**6.995**
SPARIÐ: 3.000

## RÚMFATALAGERINN



Verð áður: 49.900
**39.900**
SPARIÐ: 10.000

**Hawaii garðsett**
Borð + bekkur + 2 stólar

## ILVA KAFFI

**Komdu og njóttu góðra veitinga.**



**499**

**Ekta danskt**
Brauð með hangikjöti og kaffi.

## Tívolíleiktæki

Go-kart bílar, 20 m. fallturn, hringekja, hoppukastalar og fleiri spennandi og skemmtileg leiktæki, bæði úti og inni. RUGLverð í tívolítæki úti á plani; 30 miðar á aðeins 2000 kr.

## BÓNUS

**12 stk. Top-Flite XL 3000 golfkúlur**




**998**
KR. DÓSIN

## THE PIER

**Goa hilla**
Úr hnotu.



Verð áður: 4.990
**2.490**
SPARIÐ: 2.500

## Ratleikur

Þeir sem versla á Korputorgi býðst að taka þátt í léttum og skemmtilegum ratleik sem öll fjölskyldan getur keppt í.

Heppnir þátttakendur geta unnið gjafabréf í verslunum Korputorgs.

**Frítt inn**
**í Krakkahöllina**
FYRIR BÖRN Í DAG.



RÚMFATA LAGERINN · Listsmiðja · Europris · BÓNUS · KRAKKAHÖLLIN · TOYS"R"US · the PIER · ILVA · Office1 · MERKJA OUTLET

KORPUTORG



**GLEÐI** Fyrr í vikunni dæmdi dómstóll í Indlandi að það bryti í bága við mannréttindi að samkynhneigð væri refsiverð í landinu. Úrskurðinum var fagnað víða um landið, meðal annars af þessari konu í Kalkútta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfisstofnun á vespu:

## Komast umhverfis Mývatn á einni hleðslu

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun (UST) hefur sett sér það markmið að starfsemi stofnunarinnar valdi hvorki skaða í náttúrunni né neikvæðum áhrifum á umhverfið. Með það markmið að leiðarljósi festi stofnunin nýlega kaup á lítilli rafmagnsvespu fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár. Landverðir munu nota vespuna á eftirlitsferðum um verndarsvæðið og með því næst hvort tveggja, hagkvæmni í rekstri og lágmarksáhrif á umhverfið.

Starfsmenn UST í Mývatnssveit komast fjörutíu til fimmtíu kílómetra á hverri hleðslu og því er hægt að aka hringinn í kringum Mývatn á einni hleðslu. **- shá**

# Rjómablíða á landinu öllu

Landsmenn nutu góða veðursins víða um land í gær. Hvert sem litið var mátti sjá fólk njóta útiveru og samveru hvert með öðru, enda ekki annað að gera en að nýta góða daga hvenær sem þeir gefast.



**ATHAFNAMENN** Þessir ungu athafnamenn stunduðu viðskipti við Laugaveginn. FRE'TTABLAÐIÐ/ANTON



**SÍVINSÆLL** Ísinn er sívinsæll og eflaust hafa nokkrir lítrar runnið í maga landans í gær. FRE'TTABLAÐIÐ/ANTON



**SUMAR** Akureyringar og gestir nutu lífsins á kaffihúsum við göngugötuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN





**MÓTMÆLT** Sumir notuðu daginn til að mótmæla Icesave-samningum á Austurvelli.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÁTÖK** Útivist og gönguferðir geta tekið á, og þá er gott að geta slakað á við sjóinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON









**MIKILL HITI** Mjög heitt er á meginlandi Evrópu um þessar mundir og dýrin fara ekki varhluta af því. Þessi ísbjörn stakk sér til sunds í vatni í dýragarðinum í München í Þýskalandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar á Ísafirði rannsakar þorskveiði í gildrur:

# Rannsóknir á þefskyni þorsks

**RANNSÓKNIR** Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar á Ísafirði rannsakar um þessar mundir leiðir til að fanga þorsk í gildrur á hagkvæman hátt. Verkefnið hlaut styrk til þriggja ára frá AVS rannsóknasjóði og er samvinnuverkefni útibúsins, Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., LÍÚ og Háskólans á Akureyri.

Rannsakað er hvernig þorskur laðast að og veiðist í gildrur, og tilraunum með lyktargjafa til aðlöðunar. Fyrstu skref verkefnisins voru stigin sumarið og haustið 2008 þegar framkvæmdar voru myndatökur neðansjávar af leiðigildrum sem prófaðar hafa



**ÞORSKUR Í KVÍUM** Fáir hugsa um lyktarskyn þorsks þegar veiðar á tegundinni eru ræddar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

verið hérlendis með misgóðum árangri. Einnig fóru fram prófanir á áhrifum nokkurra gerða lyktarefna á þorsk í tilraunakví í Álftafirði við Ísafjarðardjúp. Tilraunaaðstaða og uppsetning búnaðar var samnýtt með öðru verkefni stofnunarinnar um atferlisstjórnun á þorski með hljóðduflum. Skemmst er frá því að segja að niðurstöður þeirra prófana leiddu til þess að hafin er vinna við hönnun, smíði og prófanir á búnaði sem gerir mönnum kleift að stýra skömmtun á lyktarefnum við botn og jafnframt að fylgjast með í myndavélum hvort og hvernig fiskur bregst við. Verði niðurstöður prófana jákvæðar mun verða smíðuð gildra utan um búnaðinn og reynt að fanga þann fisk sem rennur á lyktina. **- shá**

Gistinætur á hótelum í maí:

# Fjölgar á Suður- og Norðurlandi

**FERÐALÖG** Gistinóttum á hótelum á Suður- og Norðurlandi fjölgaði milli ára í maí síðastliðnum, en fækkaði milli ára í öðrum landshlutum. Þetta kemur fram í frétt á vef Hagstofu Íslands.

Alls voru gistinætur á hótelum landsins 117.000 í maí, en voru 17.900 í sama mánuði árið 2008. Gistinóttum fjölgaði hlutfallslega mest á Suðurlandi, úr 12.400 í 13.900 eða um rúm tólf prósent. Á Norðurlandi fjölgaði þeim um tæp níu prósent miðað við sama mánuð í fyrra. Gistinóttum um allt land fækkaði um tæp tvö prósent fyrstu fimm mánuði ársins, miðað við sama tímabil í fyrra. **- kg**


Ódýrt úr nammibarnum á LAUGARDÖGUM

Tilboðið gildir aðeins á laugardögum



50%

Úr nammi- og hnetubarnum

Tilboðið gildir aðeins á laugardögum

11-11

alltaf í leiðinni!

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki






**ÁTEKTA BEÐIÐ** Bandarískir hermenn í Helmand biðu eftir því að geta farið um borð í þyrlur til að framkvæma árás á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árásum haldið áfram í Suður-Afganistan:

# Bandaríkjaher færir sig inn í þorpin

**AFGANISTAN, AP** Bandarískir hermenn færðu sig inn í bæi í Suður-Afganistan í gær, á öðrum degi mikillar sóknar gegn uppreisnarmönnum. Lítillar mótstöðu hefur gætt frá yfirvöldum í bæjunum eða talíbönum, sem eru mjög sterkir á þessum slóðum.

Í Pakistan, hinum megin við landamærin, urðu bandarískar eldflaugar sautján talíbönum að bana.

Hernaðaryfirvöld hafa þó sagt að meginmarkmiðið með aðgerðinni sé ekki að drepa og sigra uppreisnarmenn, heldur sé áhersla lögð á að vinna traust almennings. Leitað sé eftir stuðningi öldunga í þorpunum.

Tveir breskir hermenn létu lífið í vegsprengju á fimmtudaginn. Annar þeirra var hershöfðinginn Rupert Thorneloe, en hann er háttsettasti breski hermaðurinn til að láta lífið í stríðinu í Afganistan. Gordon Brown forsætisráðherra og Karl Bretaprins voru meðal þeirra sem vottuðu virðingu sína vegna fráfalls hans.

Enn er leitað að bandarískum hermanni sem var rænt af uppreisnarmönnum í austurhluta landsins á þriðjudag. Fleiri hermenn hafa verið fluttir á svæðið til leitar, sem og þyrlur sem fljúga um svæðið þar sem talið er að honum sé haldið. **- þeb**


Alicante

Flugsæti

Verð frá 7.900 kr.*

og 70.000 Vildarpunktar

fyrir flug fram og til baka,
með flugvallarsköttum **8. og 15. júlí.**

* Verð án Vildarpunkta: 49.900 kr.

Vissir þú að þú getur flutt Vildarpunkta á milli reikninga og keypt Vildarpunkta til að gefa öðrum?
Nánari upplýsingar hjá Vildarklúbbnum á icelandair.is eða í síma 5050 100.

Dæmi um nýtingu Vildarpunkta:

| Vildarpunktar | | verðmæti |
|---|---|---|
| 70.000 | = | 42.000 kr. |
| 40.000 | = | 24.000 kr. |
| 15.000 | = | 10.000 kr. |

Sölutímabilið stendur til 15. júlí.
Takmarkað sætaframboð!

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í ferðaklúbbinn á VITA.is

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 46739 07/09

LAMBAKJOT.IS



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



# GRILLAÐ LAMBAFILLE
## – FYLLT MEÐ FETAOSTI, FURUHNETUM, SPÍNATI OG APRÍKÓSUM

2 heil lambafille • 100 g fetaostur • 1 poki spínat • 100 g furuhnetur • 50 g apríkósur

Mótið holrými með því að troða trésleif í gegnum bita af lambafille, þannig að gat myndist endilangt. Skolið spínatið og þerrið. Steikið spínatið í ólífuolíu á pönnu, ásamt furuhnetum. Þerrið á pappír. Bætið fetaostinum saman við og blandið öllu vel saman í skál með höndunum. Skerið apríkósur smátt niður og blandið saman við. Kryddið með salti og pipar. Setjið maukið síðan í sprautupoka og sprautið því inn í gatið á lambakjötinu. Nú er það tilbúið beint á grillið í u.þ.b. 2 mín á hverri hlið (fjórar hliðar). Saltið og piprið kjötið eftir smekk. Gangi ykkur vel!

Berið fram með fersku gænu salati , tómötum, blaðlauk, papriku og lárperu.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Matreiðsluþættir líka á netinu - lambakjot.is

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... Á GRILLIÐ

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 15 **Velta:** 80,9 milljónir

**OMX ÍSLAND 15**
263 **+0,09%**

**OMX ÍSLAND 6**
743 **-0,01%**

MESTA HÆKKUN
**ÖSSUR** 1,32%
**MAREL** 0,37%

MESTA LÆKKUN
**BAKKAVÖR GROUP** 2,56%
**FØROYA BANKI** 1,23%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 159,00 0,00% ... Atlantic Petroleum 475,00 +0,00% ... Bakkavör 1,14 -2,56% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,50 +0,00% ... Føroya Banki 120,50 -1,23% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 54,80 +0,37% ... Össur 115,50 +1,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Gætu skilið kortafyrirtækin frá

Eitt af því sem Gylfa Magnússyni viðskiptaráðherra finnst sérkennilegast við íslenskt viðskiptalíf er að tvö stærstu kreditkortafyrirtækin, Valitor, sem gefur út Visakort, og Borgun, sem gefur út Mastercard, séu að stórum hluta í eigu bankanna, þó í mismunandi hlutföllum.

„Það er svolítið sérkennilegt að fyrirtæki sem voru í samkeppni voru í eigu fjármálafyrirtækjanna. Líklega færi betur að selja þau sérstaklega því vissulega er heppilegra að þessi tvö fyrirtæki séu ekki að stórum hluta í eigu sömu aðila,“ segir Gylfi.

Til greina kemur að Íslandsbanki og Kaupþing verði í eigu erlendra kröfuhafa við uppgjör bankanna seinna í mánuðinum. Heimildir Fréttablaðsins herma að til umræðu hafi verið að skilja dótturfélög bankanna að við söluna og selja þau sér. Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir að ekki sé alltaf skynsamlegt að skilja dótturfélög frá móðurfélögum við sölu þeirra.

„Ég get ekki staðfest að þessi hugmynd sé á borðinu og þetta hefur ekki komið inn á borð hjá ráðuneytinu. Við munum ekki ganga svo langt að selja öll dótturfélögin en það gæti verið að það sé betra að selja einhver sérstaklega,“ segir Gylfi. **- vsp**



**GYLFI MAGNÚSSON** Viðskiptaráðherra segir sérkennilegt að fyrirtæki sem séu í samkeppni séu í eigu ríkisins.

## Tóku ekki þátt í íslensku bólunni

**Margeir Pétursson, framkvæmdastjóri MP banka, segir að árið 2007 hafi bankinn farið að hafa áhyggjur af stöðu mála á Íslandi. Bankinn hóf þá að selja hlutabréf og aðrar eignir og kaupa þess í stað ríkisskuldabréf. Hann segir augljóst að bóla hafi verið í gangi á Íslandi og gjaldmiðillinn verið of sterkur. Þetta segir Margeir í viðtali við Wall Street Journal.**

**Margeir segir að bankanum hafi vegnað vel undanfarið og verið að nýta sér þau tækifæri sem hafi opnast í kreppunni. Hann segir að innstæður í bankanum hafi fjórfaldast frá upphafi árs, úr fimmtíu milljónum dala í 200 milljónir.**

**- bþa**

## Kreditkort kærir Kaupþing

Kreditkort hf., umboðsaðili American Express á Íslandi, hefur farið fram á að auglýsingar Kaupþings, þar sem fjallað er um punktasöfnun á e-kortum, verði stöðvaðar. Tilefni kærunnar er blaðaauglýsingar þar sem því er haldið fram að korthafar e-korta fái punkta af innlendri veltu kortsins.

„American Express er hins vegar eina kreditkortið á markaðnum sem veitir vildarpunkta af allri innlendri veltu,“ segir Viktor Ólason, framkvæmdastjóri Kreditkorts hf.

„Okkur þykir Kaupþing setja niður með svona vinnubrögðum. Þeir hafa ítrekað verið staðnir að því að ýkja kosti e-kortsins í auglýsingum sínum og ljóst er að samkeppnin hefur harðnað mikið með tilkomu American Express inn á markaði,“ segir Viktor. **- vsp**

# Eimskip sýknað af kröfu Baldurs

**Sýknan byggir á að Baldur hafi misnotað aðstöðu sína. Eimskip sleppur við að greiða 290 milljónir króna.**

Eimskip var í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag sýknað af kröfu Baldurs Guðnasonar, fyrrverandi forstjóra félagsins, um greiðslu launa í tvö ár eða til loka febrúar 2010. Byggir sýknan á því að Baldur hafi misnotað aðstöðu sína og því beri að ógilda ráðningarsamning. Fallist var á kröfu Eimskips að Baldur hafi gegn betri vitund misnotað aðstöðu sína og beri því að ógilda samninginn.

Málsatvik voru með hætti að Baldur skrifaði undir ráðningarsamning í mars árið 2007. Baldur sagði starfi sínu lausi í nóvember sama ár og óskaði eftir því að gengið yrði frá starfsloksamningi. Það var ekki gert og var hann enn í starfi í febrúar 2008.

Í febrúar 2008 var stjórn félagsins ljóst að fjárfestingar Eimskips í breska kælidreifingarfyrirtækinu Innovate Holdings væru komin í óefni og mikil tapsáhætta væri af henni. Þrátt fyrir að vera ljóst um það mikla tap er skrifað undir viðauka við ráðningarsamning Baldurs sem taka átti mið af auknum umsvifum félagsins á erlendri grundu. Viðauki við ráðningarsamning var ekki kynntur fyrir stjórn Eimskips og í dómi segir að Baldri ætti að hafa verið ljóst að stjórnarformaður Eimskips hafi ekki haft heimild stjórnar til að skrifa undir viðaukann.

Í viðauka við ráðningarsamning fólst að Baldur hafði rétt á launum til loka febrúar 2010 að upphæð 66.694 evra á mánuði að inniföldu orlofi og lífeyrisréttindum. Miðað við gengi evrunnar í dag er heildarfjárhæðin á tímabilinu um 290 milljónir króna. **- bþa**




**FYRRVERANDI STJÓRNENDUR** Baldur Guðnason, fyrrverandi forstjóri Eimskips, ásamt Magnúsi Þorsteinssyni, fyrrverandi stjórnarformanni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




Kristjana Samper
Fossar bernsku minnar
Hughvörf
Ljósafossstöð við Sog
Sýningin er opin virka daga frá kl. 13–17 og um helgar frá kl. 13–18 í allt sumar.
Aðgangur er ókeypis.
**Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum í sumar eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.**
Landsvirkjun
Árangur fyrir alla

## Heimsendingarþjónusta

# 800 5555




ÍSA-352 – ÍDEA grafísk hönnun

Söluaðilar AGA Gasol:

*SELFOSS*: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

*SAUÐÁRKRÓKUR*: Byggingavörudeild KS, s. 455 4626

*REYÐARFJÖRÐUR*: Heildverslunin Stjarna, s. 474 1114

*ÍSAFJÖRÐUR*: Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349

*AKUREYRI*: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515.

BYKO

ATLANTSOLIA

* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

Linde Gas ] AGA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Magnað veður:

## Kæruleysi í hitanum

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Auðvitað er mönnum varla sjálfrátt þegar veðrið yfir landinu er svona dægilegt, hitinn hátt í tuttugu stig þótt sólarlaust sé víða og rakinn minni mest á héruð sunnan Ermarsunds. Er nema von að menn láti eftir sér að taka umræðuna bara á kæruleysinu og fari bara með hreina steypu í ræðustólum þingsins. Fyrsti dagur í umræðunni um ríkisábyrgðina var ekki til að auka manni trú á erindi nokkurra þingmanna á þennan vettvang. Vinkill sjónvarpsvélarinnar á forsetastólinn býður upp á fasta liði: mann í stól, forseta og starfsmann, og svo hina rambandi þingmenn, karlarnir í hægagangi með hendur í buxnavösunum, skimandi um bekkina eins og þeir eigi von á einhverju nýju andliti óvænt í hópnum: ha, er eitthvað spennandi að gerast? Komin einhver ný?

Þurfum við ekki einhvern nýjan vinkil á þingið?

Hatrammar árásir forystumanna stjórnarandstöðunnar voru þegar þreifað var á stykkinu ekki efnismiklar. Hin síendurtekna andsvararuna er í rauninni afskaplega ómálefnalegt fyrirbæri, eins og Sigmundur Davíð sannaði eftirminnilega á fimmtudag. Við slíka framgöngu spyr maður heima í stofu: veit pilturinn ekki að það sést til hans? Hann er í beinni. Og Bjarni Benediktsson var annars staðar: kominn með sólvörn og í ermalausum bol í huganum. Og eftir efninu var líkast að menn ætluðu bara að taka kæruleysið á þetta allt. Utan þessa eins eða tveggja sem vildu skera sig úr og flytja mónólóga, búa til eftirvæntingu, skeggjaðar prímadonnur eins og Ögmundur Jónasson og Valgeir Skagfjörð.

Virðuleiki þingsins ræðst ekki af tauinu sem þingmenn draga á sig utan um nærfötin á morgnana, hann ræðst ekki heldur af hinu bólgna formlegheitaþvaðri sem mönnum er skylt að hafa eftir, né af fundarsköpum sem enn má taka til endurskoðunar – umræða um fundarstjórn forseta er skemmtiatriði sem ætti að stytta. Virðing þingsins ræðst af málefnalegri framgöngu þar sem talað er mannamál ef ræðumenn leiðast ekki út á öræfi stofnanaíslenskunnar. Og þess meiri skylda fellur á herðar þingmönnum eftir eðli máls. Sparnaðarreikningar á ábyrgð íslenskra skattborgara í öðrum löndum eru mikið alvörumál, sumir þeir sem röltu um þingsalinn á fimmtudag báru stóra ábyrgð á því fyrirkomulagi sem kostar okkur nú háar ábyrgðarfjárhæðir.

Mann undrar reyndar miðað við klúðrið að sumir eldri þingmenn Sjálfstæðisflokksins skuli hafa þor og dug til að sitja lengur á þingi. Framsókn hefur að vísu hreinsað sig út, en um þingsalinn rölta enn sjálfstæðismenn sem bera stóra ábyrgð í hruninu eins og ekkert hafi í skorist í kostulegri afneitun.

Hinir yngri fulltrúar, nýsprottnir eða áður faldir bakvið framvarðarsveitirnar, ætla að gera það sem lund þeirra stendur næst: sleppa eins billega frá málinu og mögulegt er. Hlaupast undan ábyrgð á gerðum fyrirrennara sinna og skella sér af krafti í skrumið. Taka bara kæruleysið á þetta allt saman. Verst að maður getur ekki farið úr jakkanum á meðan. Vill til að loftræstingin er þokkaleg.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Stökktu til
Salou 10. júlí í tvær vikur
frá kr. 74.990

Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða ótrúleg tilboð á ferðum til sumarleyfisperlunnar Salou, sunnan Barcelona 10. júlí í 2 vikur. Í boði eru stökktu tilboð, þar sem þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Salou er einn allra fallegasti bær Costa Dorada strandarinnar, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða, úrval veitingastaða og litríkt næturlíf. Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í sumarfrí með Heimsferðum og njóttu lífsins á þessum einstaka sumarleyfisstað á hreint ótrúlegum kjörum.

Frá kr. 74.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi stúdíó / íbúð í 2 vikur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

## SPOTTIÐ




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Stór biti í háls fyrir þjóðina



ÞORSTEINN PÁLSSON

Icesave-þrautirnar hvíla á þjóðinni. Ábyrgðin situr hins vegar á herðum þeirra sem sátu í bankastjórn og bankaráði gamla Landsbankans. Merkilegt er að opinber rannsókn skuli ekki enn hafa leitt í ljós hvort athafnir þeirra og eftir atvikum athafnaleysi varði við lög.

Spurning dagsins er hins vegar: Á þingmeirihluti ríkisstjórnarflokkanna einhverja kosti í stöðunni? Alþingi samþykkti í tíð fyrri stjórnar að fara samningaleiðina. Ekki má gleyma því að mörgum mánuðum fyrir endanlega gjaldmiðilshrunið var búið að loka dyrum á Seðlabankann bæði austan hafs og vestan. Einangrun Íslands var þá þegar orðin staðreynd.

Fyrri ríkisstjórn lagði því raunsætt mat á aðstæður. Núverandi ríkisstjórn tók að sama skapi rétta ákvörðun að ljúka málinu í þeim farvegi. Forystuflokkur stjórnarandstöðunnar getur ekki andmælt því með málefnalegum rökum.

Næsta spurning er þá þessi: Er samningurinn nægjanlega góður? Það er erfitt að meta. Hugsanlega hefði mátt gera betur. Ríkisstjórnin lét ekki á það reyna með því að taka málið upp á hærra plan. Í ljósi stærðar málsins hefði verið rétt að forsætisráðherrar landanna hefðu gert út um það á lokastigi. Þá hefði verið unnt að segja að fullreynt væri. Það var ekki gert.

Að því virtu er skiljanlegt að þingmenn stjórnarflokkanna beri einir ábyrgð á samþykkt ríkisábyrgðarinnar. Hugmyndir um endurupptöku samninganna eru ekki raunhæfar. Hjá þeim þjóðum þar sem stjórnskipunarlög gera ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum eru mál af þessu tagi gjarnan undanskilin. Í þeirri kröfu er heldur ekki fólgin nokkur lausn. Það er ósanngjarnt að örfáir menn í bankastjórn og bankaráði gamla Landsbankans skuli hafa komið Íslandi í þessa stöðu. Hún er hins vegar veruleiki sem ekki hverfur með því að segja nei.

## Þverstæðan í stjórnarsamstarfinu

Ýmsir hafa efast um þingmeirihluta ríkisstjórnarinnar vegna andófsyfirlýsinga nokkurra þingmanna VG og heilbrigðisráðherra. Þeir sem til þekkja vita hins vegar að andóf þetta er marklítið. Það á sér ekki aðra orsök en að þeir sem hlut eiga að máli hafa ekki pólitíska lipurð til að hverfa frá ábyrgðarleysi til ábyrgðar á fáum vikum. Við fyrstu umræðu málsins gáfu þeir þó allir vísbendingar um þær málsástæður sem nota á við lokaafgreiðsluna til að skýra stuðning eða hjásetu.

Formaður VG hefur hins vegar sýnt mikla leikni og um leið ábyrgð. Hann hefur kokgleypt ábyrgðarlausan málflutning sinn frá því í byrjun þessa árs. Það er lofsvert. Fyrir þá sem horfa á atburði stjórnmálanna utan frá fer ekki milli mála að fjármálaráðherrann er sterki maðurinn í ríkisstjórninni. Flest bendir til að stjórnin eigi í reynd allt sitt undir forystu hans.

Þverstæðan í stjórnarsamstarfinu er hins vegar sú að flokkur fjármálaráðherrans er veiki hlekkurinn í þingmeirihlutanum. Andóf þingmanna flokksins í flestum stærstu málunum sem stjórnin hefur lagt fyrir þingið á rót sína í því að VG hefur verið í þeirri stöðu að þurfa að kaupa ríkisstjórnarsamstarfið því verði að víkja til hliðar mörgum helstu grundvallarstefnumálum sínum. Þau nýtast bara á innanflokksfundum.

Þetta er gott fyrir þjóðina. Vandinn er hins vegar sá að líklega er flokksformaðurinn nú þegar búinn að reyna svo á þolrif pólitískra málamiðlana innan flokksins að hann eigi þar ekki stóra innistæðu til að þvinga þingmennina til að halda áfram að ganga gegn grundvallarmálum flokksins.

Ef það mat reynist rétt er spurning hvort innviðir ríkisstjórnarinnar þoli þann þunga sem fylgir öllum þeim erfiðu ákvörðunum sem eftir eru.

## Kemur veikleikinn fram í aðildarmálinu?

Ný skoðanakönnun benti til að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu tapað trausti meirihluta kjósenda. Sú niðurstaða er ekki ein og sér áfall fyrir stjórnarflokkana. Einstök könnun af þessu tagi þarf ekki að hafa spágildi til lengri tíma.

Hitt var áfall fyrir ríkisstjórnina þegar Seðlabankinn tilkynnti um óbreytta stýrivexti. Sú ákvörðun segir eina sögu: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lítur svo á að ríkisstjórnin hafi ekki enn gert þær ráðstafanir í efnahags- og fjármálum sem dugi. Þetta heitir einfaldlega að falla á prófi. Stöðugleikasáttmálinn hafði ekki tilætluð áhrif. Til þess var hann of rýr að efni og metnaði.

Nú þarf að hefja nýtt tilhlaup að markinu. Við svo búið dregur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn enn um sinn viðbótarlánveitingu sem koma átti í febrúar. Engin merki eru um að unnt verði að leysa gjaldeyrisfjötrana á næstu mánuðum.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um framtíðarstefnu í peningamálum. VG sem í raun leiðir stjórnarsamstarfið vill óbreytt ástand í þeim efnum. Samfylkingin vill breytingar. Óvíst er hins vegar um styrk hennar til að koma þeim fram. Í aðildarumsókn að Evrópusambandinu fælist stefnumörkun í þeim efnum.

Helsta hættan á næstu dögum af innanflokkstogstreitunni í VG vegna Landsbankamálsins er að hún hafi áhrif á framgang aðildarumsóknarinnar. Ekki er ólíklegt að þingmenn VG muni reyna að bæta fyrir eftirgjöf í Landsbankamálinu með því að tefja Evrópusambandsmálið, hugsanlega með liðsinni stjórnarandstöðunnar. Fari svo yrði það fyrsti vitnisburðurinn um þann framtíðarveikleika sem í því sundurlyndi er fólginn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# HELGAR-SPRENGJA




STÆRÐ: 183x203 SM.

VERÐ ÁÐUR: 119.900,-

**89.900,-**

SPARIÐ 30.000,-

**GOOD NIGHT SLEEP dýna**
Virkilega góð og vönduð dýna sem vert er að fjárfesta í. Hreint ótrúlegt verð! Fætur fylgja með.



SPARIÐ 8.000,-

VERÐ ÁÐUR: 24.900,-

**16.900,-**

**ROM hillusamstæða**
Falleg, nett og stílhrein hillusamstæða með glerhurð. Í þessari hillusamstæðu er pláss fyrir sjónvarpið, DVD spilarann, myndbandstækið og hljómflutningstækið. 2 skúffur sem auka notagildið enn frekar. B175,5 x H159,5 x D40 sm.



SPARIÐ 20.000,-

VERÐ ÁÐUR: 59.900,-

**39.900,-**

**VIVID svefnsófi**
Flottur og þægilegur svefnsófi. 2 lausir púðar fylgja með sem hægt er að nota sem armpúða eða höfuðpúða. Stærð í svefnstöðu: B118 x L190 x H44 sm.



50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 34.900,-

**17.450,-**

**CAROLINA garðborð**
Gott og vandað borð úr gegnheilum harðviði. Borðið er með stækkunarplötum á sitthvorum enda. Stærð B90 x L150 / 240 sm.



BORÐ ÁÐUR: 34.900,-

**24.900,-**

SPARIÐ 10.000,-

SPARIÐ 4.000,-

STÓLL ÁÐUR: 9.990,-

**5.990,-**

**LIVA borð og LIVA stólar**
Glæsilegt borðstofuborð úr gegnheilli eik sem hægt er að stækka í báða enda. Borð: B90 x L160 sm. Stækkunarplata: B90 x L45 sm. Verð: **5.990,-**



23% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 8.990,-

**6.990,-**

**OREGON garðstóll með örmum**
Góður og vandaður stóll úr gegnheilum harðviði. Stóllinn er með 5 stillingar á baki.



25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 7.990,-

**5.990,-**

**OREGON garðstóll með örmum**
Glæsilegur harðviðarstóll með örmum úr gegnheilum harðviði. Stólinn er hægt að leggja saman.




50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 37.900,-

**18.950,-**

**DAKAR garðborð**
Glæsilegt borð úr gegnheilum harðviði. Stórt og gott borð með stækkunarplötu. Stærð: L180/230 x B100 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
WWW.RUMFATALAGERINN.IS



ENNEMM / SÍA / NM38357


# Friður í borginni?

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um borgarmálin



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Nú er tæpt ár til borgarstjórnarkosninga. Ekki verður annað sagt en að kjörtímabilið hafi verið býsna skrautlegt. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu meirihluta eftir kosningar og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson varð borgarstjóri. Teknar voru upp nýjar úthlutunarreglur lóða, til að kynda undir lóðasölu og framkvæmdum í Reykjavík. Borgin seldi hlut sinn í Landsvirkjun á undirverði, án þess að losa borgina undan ábyrgðum á lánum Landsvirkjunar og Orkuveitan keypti hlut í Hitaveitu Suðurnesja á yfirverði.

Bjórkælir var bannaður í ÁTVR í Austurstræti en að öðru leyti réði frjálshyggjan ríkjum og hugmyndum um fyrirtækjarekna leikskóla, Glitnis og Kaupþings leikskóla, var hampað auk þess sem tillaga um hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar leit dagsins ljós. Það var svo REI málið sem sprengdi fyrsta meirihluta kjörtímabilsins.

### Fyrsta sprengjan

REI málið olli stigvaxandi vandlætingu, eftir því sem kvarnaðist úr þeirri glansmynd sem fulltrúar meirihlutans í stjórn REI drógu upp af samruna REI og GGE, en stærsti eigandi GGE var FL-Group. Endalok fyrsta meirihluta kjörtímabilsins urðu þegar sundurtættur borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins boðaði til blaðamannafundar eftir 3 tíma sáttafund með sjálfum sér. Þar var tilkynnt um þá niðurstöðu að Orkuveitan ætti alfarið að selja REI, með 20 ára einkaréttarsamningi en GGE hefði þá notið forkaupsréttar.

Sjálfstæðismönnum láðist að bera þessa niðurstöðu undir samstarfsflokkinn, sem ekki vildi ganga að þessum afarkostum og því var samstarfinu slitið og vinstri meirihluti myndaður. Dagur B. Eggertsson varð borgarstjóri. Í tíð hundrað daga meirihlutans var skipaður þverpólitískur stýrihópur borgarráðs til að fara ofan í saumana á REI-málinu. Þar var öllum steinum velt, í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu var samrunanum rift. Undið var ofan af hugmyndum fyrri meirihluta um einkavæðingu á grunnþjónustu og átak gert í starfsmannamálum borgarinnar en á þeim tíma glímdi borgin við mikla manneklu.

### Óforskömmuð valdagræðgi

Þetta samstarf gekk ljómandi vel þar til sjálfstæðismenn nörruðu Ólaf F. Magnússon, sem var þá nýkominn til starfa eftir veikindaleyfi, úr samstarfinu með því að lofa honum borgarstjórastólnum og uppkaupum á húsunum við Laugaveg 4 og 6. Þannig voru rúmar 500 milljónir af skattfé Reykvíkinga notaðar til að kaupa hús, sem algjör óþarfi var að kaupa, þar sem til stóð að friða þau eins og þáverandi menntamálaráðherra lýsti yfir. Einnig er ljóst að afdráttarlaus yfirlýsing um að borgin ætlaði að kaupa húsin og að á því byggðist heilt meirihlutasamstarf hækkaði verð húsanna til mikilla muna.

Þetta samstarf Ólafs F. og sjálfstæðismanna var ekki farsælt enda var ljóst strax í upphafi að sjálfstæðismenn voru tilbúnir að fórna því fyrir hvaða annan flokk sem opnaði á samstarf.

Ekki leið á löngu þar til valdagræðgi Framsóknar losaði sjálfstæðismenn úr snörunni og núverandi meirihluti tók við. Hann kostaði borgarbúa líka sitt eða um milljarð í viðbótargreiðslur umfram samninga til verktaka.

Fyrir skemmstu lak svo út að stjórn Gagnaveitu Reykjavíkur hefði látið vinna fyrir sig skýrslu þar sem fram koma hugmyndir um einkavæðingu á Gagnaveitunni, meirihlutinn sver af sér áform um sölu og lætur sem ráðgjafinn hafi óumbeðið viðrað þessar hugmyndir. Rétt er að taka fram að minnihlutinn á ekki fulltrúa í stjórn Gagnaveitunnar, ekki frekar en hann átti í stjórn REI, í aðdraganda REI málsins.

Þó að ýmislegt hafi gengið á í borginni hefur „Hrunið“ tekið athyglina frá borgarmálum undanfarið, auk þess sem styttast fer í kosningar og eina von sjálfstæðismanna í borginni er að treysta á gleymsku kjósenda.

### Nýtt leikrit

Því hafa þau sig hæg núna, gera sem allra minnst og bæla niður sundurlyndið í eigin röðum. Þeim er tíðrætt um gott samstarf við minnihlutann, sátt og samstöðu.

Þetta er nú samt sami Sjálfstæðisflokkur og ætlaði að afhenda FL-Group hlut Orkuveitunnar í REI, einkavæða leikskóla og er enn í laumi að láta kanna einkavæðingarmöguleika. Þetta er sami Sjálfstæðisflokkur og hefur látið borgarbúa borga á annan milljarð fyrir tvo meirihluta til að halda völdum. Sami Sjálfstæðisflokkur og hefur með óvönduðum vinnubrögðum sprengt þrjá meirihluta á þessu kjörtímabili. Það er til marks um flærð borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins að fyrstu varamenn einmenningsflokkanna F-listans og Framsóknar hafa neitað, samvisku sinnar vegna, að taka þátt í meirihluta með borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna. Hafa fremur kosið að segja sig úr flokkunum og ganga í Samfylkinguna.

Brosandi og í lopapeysu býður Sjálfstæðisflokkurinn nú upp á nýtt leikrit. Þau halda að sér höndum, forðast erfiðar ákvarðanir og segjast vera breytt, í þeirri von að kjósendur gleymi hremmingum kjörtímabilsins, sem allar hafa verið í boði Sjálfstæðisflokksins. Því má ekki gleyma, þeim er ekki treystandi.

*Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.*

# Bjarga hefði mátt 36 mannslífum

**UMRÆÐAN**

Einar Magnús Magnússon og Ragnheiður Davíðsdóttir skrifa um notkun bílbelta



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON



RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR

Umferðarstofa og VÍS hafa hrint af stað auglýsingaherferð sem heitir „Notum bílbeltin – alltaf“.

Maður myndi halda að það þyrfti ekki að brýna fyrir fólki að hafa öryggisbeltin ávallt spennt, en þó sýna rannsóknir að það hefði mátt forða að minnsta kosti 20% allra þeirra sem létu lífið í umferðarslysum á árunum 1999 til 2008 frá dauða ef þeir hefðu einfaldlega notað öryggisbelti. Um er að ræða 36 mannslíf. Þá er ekki talinn með allur sá fjöldi einstaklinga sem voru án bílbelta og slösuðust alvarlega á sama tímabili. Þeir voru samtals 235 og margir þeirra lifa við ævarandi örkuml vegna þess eins að öryggisbelti var ekki notað.

Tiltölulega fáir nota almennt ekki öryggisbelti. Þeir eru hins vegar í mikilli lífshættu. Margfalt sinnum meiri en þeir sem nota öryggisbeltin. Í einhverjum tilfellum er um hugsanaleysi að ræða en í öðrum tilfellum er það meðvituð ákvörðun að nota ekki bílbelti. Ákvörðun sem studd er vægast sagt hæpnum rökum. Við skulum skoða það aðeins nánar.

Ég er að fara svo stutt. Það kannast vel flestir ökumenn við þessa hugsun. Staðreyndin er hinsvegar sú að flest umferðarslys eiga sér stað innan við 3 km frá upphafsstað ökuferðar.

Ég fer svo hægt. Árið 2005 lenti 24 ára maður í árekstri við bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Báðir bílarnir voru á innan við 50 km/hraða. Ungi maðurinn sem yfirleitt notar öryggisbelti sleppti því í þetta skipti – hann var að fara svo stutt. Eftir áreksturinn var hann í lífshættu í nokkra daga. Ósæð rifnaði og mjaðmagrindin brotnaði mjög illa. Hann er 75% öryrki í dag. Í hinum bílnum var 20 ára kona sem slasaðist nánast ekkert. Bíllinn hennar var á innan við 50 km hraða og hún var í öryggisbelti. Þetta er aðeins eitt dæmi af fjöldamörgum sem vitna um nauðsyn þess að nota öryggisbelti.

Ég vil geta kastað mér út ef bíllinn steypist fram af veginum. Þessi röksemd stenst ekki nema ekið sé löturhægt og jafnvel í þeim tilfellum er það vart á færi annars en Íþróttaálfsins að henda sér út. Ef bíll veltur niður fjallshlíð þá er í flestum tilfellum betra að maður sé inni í honum í stað þess að kastast út með ógnarkrafti. Þeir kraftar valda í flestum tilfellum limlestingum, örkumli og dauða auk þess sem mörg dæmi eru þess að viðkomandi lendir undir bílnum á leið niður.

Ég er miklu fljótari að koma mér út úr bílnum ef hann sekkur í sjó. Ef bíll steypist til dæmis fram af bryggju og út í sjó og þeir sem í honum eru nota ekki öryggisbelti þá eru allar líkur á því að þeir missi meðvitund vegna höggsins sem verður við það að ökutækið skellur á haffletinum. Menn ná ekki að halda sér eða koma höndum fyrir sig við slíkt högg. Ekki einu sinni Íþróttaálfurinn. Meðvitundarlaus mun viðkomandi síðan tapa dýrmætum tíma sem hægt væri að nota í að smella beltinu af sér og koma sér út.

Þeir einstaklingar sem verja ákvörðun sína um að nota ekki öryggisbelti með fyrrnefndum röksemdum hafa greinilega ekki lesið rannsóknir sem gerðar hafa verið á árangri og mikilvægi öryggisbelta. Þeir hafa ekki séð allan þann fjölda slysaskýrslna sem eru til vitnis um það að öryggisbeltin skipta sköpum.

Þótt hægt sé að finna örfá tilfelli þar sem hugsanlega myndi borga sig að nota ekki öryggisbelti þá er ekki mikil skynsemi í því að láta þau örfáu tilfelli leiða til þess að öryggisbeltum er sleppt. Það væri líkast því að nota ekki björgunarvesti við siglingar vegna þess að maður óttast að reka einhverstaðar á land þar sem hugsanlega er mannýgt naut sem gæti laðast að rauðum lit björgunarvestisins. Hafðu skynsemina með í för og notaðu bílbeltin – alltaf.

*Einar Magnús er verkefnastjóri umferðaráróðurs og fjölmiðlunar hjá Umferðarstofu. Ragnheiður er yfirmaður forvarna hjá VÍS.*

# Eru bara menn …

**UMRÆÐAN**

Bergþóra Snæbjörnsdóttir skrifar um kjör námsfólks


BERGÞÓRA SNÆBJÖRNSDÓTTIR

Mannkynið hefur í gegnum aldirnar verið óþreytandi við að spinna upp og segja sögur af ofurhetjum – fólki með ofurmannlega eiginleika. Gunnar á Hlíðarenda átti að geta hoppað mannhæðir í herklæðum, Jesús var sagður geta breytt vatni í vín og hver hefur ekki heyrt um Súpermann sem er allt í senn sætur, sterkur og getur flogið. Og nú virðist sem íslenskum námsmönnum sé ætlað að slást í hóp með ódauðlegum hetjum heimsins.

Fyrir skömmu voru undirritaðar nýjar úthlutunarreglur LÍN þar sem kveðið er á um að framfærsla námsmanna verði ekki hækkuð um krónu. Framfærslan, 100.600 kr., er þriðjungi lægri en atvinnuleysisbætur og töluvert undir fátæktarmörkum (miðað við miðgildi tekna í árslok 2008). Stúdentar eiga því að lifa á sömu framfærslu og áætlað var að þeir gætu skrimt á í ársbyrjun 2008. Síðan þá hefur matarkarfan hækkað um 30%, verð á fatnaði og skótaui um tæp 23%, á húsgögnum hefur orðið um 24% hækkun og allt hækkar þetta enn. Leiga á stúdentagörðum hækkar í samræmi við vísitölu og hefur því hækkað um tæp 12%. Til að króna þetta allt saman er svo ekkert tillit tekið til breyttra atvinnuaðstæðna í hinum nýju úthlutunarreglum en þar er gert ráð fyrir að meðalstúdent hafi um eina milljón króna í árstekjur. Nokkuð bjartsýn spá það í þessu árferði. Ætli einhver sér að lifa á þeirri upphæð sem stúdentar fá í framfærslulán verður viðkomandi hreinlega að geta mettað sjálfan sig og alla fjölskylduna með örfáum rúnstykkjum og tveimur silungum á mánuði.

Segjum sem svo að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hygðist leggja stund á B.A.-nám í kínversku í haust. Segjum einnig að hún fengi fulla framfærslu upp á 100.600 kr. frá LÍN (þar með hundsum við alla tekjuskerðingu) og að hún þyrfti ekki að borga bönkunum kostnað við vexti af framfærslulánum. Jóhanna er stálheppin stúdína og kemst að á stúdentagörðum í Skuggagörðum þar sem leigan er 68.323 krónur. Það þýðir að eftir húsaleigubætur á Jóhanna 50.000 krónur þann mánuðinn. LÍN miðar við að fæði fyrir einstakling kosti um 895 krónur á dag eða um 28.000 krónur á mánuði. Til samanburðar má nefna að kostnaður fæðis fyrir hvern fanga á Íslandi var ríflega 1.600 krónur á dag síðastliðið ár og er stúdent því helmingi sparneytnari en einstaklingur í fangelsismötuneyti samkvæmt reiknilíkani LÍN. Í mötuneyti HÍ kostar heit máltíð um 650 krónur og því ætti Jóhanna einungis 250 krónur eftir fyrir mat þann daginn. Hún yrði að koma með nesti daglega en það yrði að vera sparlegt þar sem ódýrasta matarkarfan kostar nú um 14.000 krónur og fer hækkandi. Tækist Jóhönnu að halda sig við hina ótrúlegu matarviðmið LÍN ætti hún um 22.000 krónur eftir til afnota. Útgjöld vegna bókakostnaðar í kínversku, ritfanga og skráningargjalda eru um 8.750 krónur á mánuði á haustönn. Þá á hún eftir 13.250 krónur á mánuði. Jóhanna tekur ætíð strætó en þar sem skrúfað hefur verið fyrir Frítt í strætó verkefnið er líklegt er að hún borgi 15.000 krónur á ári eða 1.667 kr. á mánuði í strætókort. Eftir mánaðarleg útgjöld standa því eftir heilar 11.583 krónur sem Jóhanna getur notað í lækniskostnað, fatnað, menningu og annað tilfallandi á mánuði. Höfum hugfast að Jóhanna þarf ekki að taka yfirdráttarlán hjá bönkunum auk þess að fá full framfærslulán sem nánast enginn fær.

Námsmenn eru stór og fjölbreyttur hópur fólks á öllum aldri með mismunandi sögur og byrðar að bera. Oft er okkur sagt að það sé bara rómantískt að vera blankur á námsárunum. Þeir sem það segja eru tæplega að reyna að lifa af þeim námslánum sem námsmönnum standa til boða í dag. Það er nefnilega ekkert rómantískt við að þurfa að steypa sér í skuldasúpu án nokkurs starfsöryggis að námi loknu. Það er ekkert rómantískt við að skrimta undir fátæktarmörkum. Sama hvaða samfélagshóp maður tilheyrir. Blákaldur veruleikinn er sá að verði ekkert að gert á næstunni til að koma til móts við námsmenn verður menntun að forréttindum þeirra fáu og útvöldu sem búa yfir ofurkröftum – eða hafa verulega loðna vasa!

*Höfundur er oddviti Röskvu, samtaka félagshyggjufólks við Háskóla Íslands.*



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


# Fáeinir sopar eyðileggja allt

**UMRÆÐAN**

Karl V. Matthíasson skrifar um ölvunarakstur


KARL V. MATTHÍASSON

Í hvert sinn sem við leggjum af stað út í umferðina ætlum við hvorki að lenda í óhappi né slysi og sem betur fer komumst við oftast heil heim. En stundum er það ekki svo því að fjöldi fólks lendir í alvarlegum umferðarslysum. Aftur og aftur erum við minnt á að spenna beltin, virða reglur um hámarkshraða, nota ekki farsíma undir stýri, gefa stefnuljós og vera meðvituð um akstursskilyrði, svo sem veðurlag, gerð vegar og fleira. Einn er sá þáttur sem mig langar að víkja hér að en það er ölvunarakstur. Gott er að rifja upp að upphafleg merking orðsins ölvaður er: Sá sem er undir áhrifum öls. Það er sannað mál að ölvunarakstur veldur fjölda umferðarslysa. Allir ættu að hafa þá reglu í heiðri að stýra ekki neinu ökutæki eftir að hafa drukkið áfengi eða neytt einhvers konar fíkniefna. Það sama gildir um fráhvörfin. Sá sem er timbraður eða á „niðurtúr“ getur einnig verið stórhættulegur í umferðinni.

Á þessum tíma fara margir í frí og sumir fá sér í glas. Einn bjór eða tvo og stundum létt vín með matnum. Í þessum drykkjum er alkóhól, en það slævir dómgreind, viðbragðsflýti og skynjun alla. Alkóhól hefur komið við sögu margra umferðarslysa. Í sumum tilvikum vegna þess að Bakkus hafði algerlega tekið völdin, en í öðrum út af því að viðkomandi trúði þeirri reginfirru að allt í lagi væri að aka eftir að hafa drukkið „smávegis“ léttvín eða bjór. Til eru þeir sem halda því fram að hvers konar ölvunarakstur einstaklings sé vísbending um að hann ætti að hafa samband við Vog.

Þeir sem fá boð í fínan kokteil, opnun viðburðar, mikilvæga móttöku eða þvíumlíkt ættu að gæta þess að fá sér óáfenga drykki ef þeir eru á bílnum. En ef þeim finnst brýna nauðsyn og kurteisi bera til þess að fá sér áfengan drykk svona til samlætis þá hvet ég viðkomandi til að skilja bílinn eftir og taka leigubíl eða ganga heim.

Stundum ber við að fólk fari upp í bíl hjá ökumanni sem hefur neytt alkóhóls eða annarra vímugjafa. Slíkt er lögbrot. Því miður eru þess dæmi að nánir aðstandendur eða vinir láti undan frekju og jafnvel hótunum drukkins ökumanns og þegið far í stað þess að kæra verknaðinn. Það er misskilin ást að líða sínum nánustu ölvunarakstur.

Lögreglan hefur í mörgum tilvikum komið í veg fyrir slys með því að taka ökumenn sem eru undir áhrifum úr umferð. Ökumaður sem staðinn er að ölvunarakstri verður fyrir áfalli, niðurbroti og skömm. Hann hefur jú framið alvarlegt lögbrot og hlýtur fyrir það þungar sektir. Áttum okkur á því að ölvunarakstur er alvörumál og það verður aldrei aftur tekið ef sá sem ekur ölvaður veldur slysi.

Við þekkjum það mörg hvað lífið getur breyst á svipstundu, hvernig dagur sem átti að gefa okkur „vort daglegt brauð“ varð skelfilegur örlagadagur og í sumum tilvikum af því að einhver fékk sér „aðeins einn“ og lagði þannig af stað út í umferðina. Ökum aldrei undir áhrifum áfengis eða annarra fíkniefna.

*Höfundur er vímuvarnaprestur og formaður Umferðarráðs.*




Hugmyndaflug yfir Gömlu höfnina

Taktu flugið!

**Stjórn Faxaflóahafna sf. kallar eftir hugmyndum frá almenningi til að leggja í púkk í samkeppni sem stendur yfir um heildarskipulag Gömlu hafnarinnar og Örfiriseyjar í Reykjavík.**

**A-hluti** samkeppninnar er ætlaður fagfólki og öðrum sem uppfylla tiltekin skilyrði og er í samvinnu við Arkitektafélag Íslands.

**B-hluti** samkeppninnar er ætlaður almenningi án nokkurra skilyrða um efni, form eða framsetningu hugmynda.

Farið nú á flug og skilið okkur hugmyndum í skrifuðum texta, með teikningu, ljósmynd eða jafnvel í ljóði ef svo ber undir! Aðalatriðið er að láta hugann reika þannig að Gamla höfnin fái að njóta þess.

- Heildarverðlaun verða fjórtán milljónir króna, þar af tvær milljónir króna fyrir hugmyndir almennings í B-hluta samkeppninnar.
- Samkeppnislýsingu má nálgast á *faxafloahafnir.is* og á *ai.is*.
- Frestur til að skila tillögum rennur út 6. október 2009.
- Dómnefnd birtir niðurstöður sínar í lok nóvember 2009.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

ATHYGLI

# Lán til starfsmanna Kaupþings banka hf.

**UMRÆÐAN**

Helgi Sigurðsson skrifar um lán til hlutabréfakaupa starfsmanna Kaupþings

Í umræðum um lán til starfsmanna Kaupþings banka vegna hlutabréfakaupa hefur ýmsum fullyrðingum verið haldið fram sem sumar hverjar eru beinlínis rangar og aðrar afar villandi. Hér á eftir verður farið yfir nokkrar þessara staðhæfinga í því skyni að reyna að leiðrétta helstu rangfærslur án þess þó að um tæmandi umfjöllun sé að ræða.

### Engin niðurfelling í september

„*Stjórn gamla Kaupþings felldi niður 50 milljarða skuld nokkurra starfsmanna bankans í lok september rétt fyrir hrun.*“

Engar skuldir voru felldar niður af stjórn gamla Kaupþings í september 2008. Stjórn bankans felldi niður 10,5 milljarða persónulega ábyrgð á skuldunum þannig að ábyrgð starfsmanna takmarkaðist við verðmæti þeirra trygginga sem lagðar voru fram til greiðslu lánanna. Á þeim tíma voru eignir fjölmargra starfsmanna umfram skuldir og í sumum tilvikum verulega umfram skuldir. Þó að niðurfellingunni væri rift gæti krafa bankans á hendur starfsmönnum aldrei orðið hærri en sem nemur mismuninum á eign starfsmannsins og skuld enda var bankanum í lófa lagið að ganga að undirliggjandi tryggingum lánanna og gera þannig upp persónulega ábyrgð þeirra. Sá mismunur er verulega lægri en 10,5 milljarðar.

Starfsmenn Kaupþings báru upphaflega enga persónulega ábyrgð á umræddum lánveitingum. Lánin voru veitt í samræmi við launastefnu félagsins sem kynnt var Fjármálaeftirlitinu í árslok 2003 og samþykkt af hluthöfum á aðalfundi í ársbyrjun 2004. Upphaflega var skaðleysi starfsmanna tryggt með útgáfu sölurétta. Á árinu 2005 voru lánin flutt frá öðrum fjármálafyrirtækjum yfir til Kaupþings í samræmi við tilmæli FME um að starfsmenn mættu ekki eiga í viðskiptum við aðra banka. Samhliða þessum flutningi óskaði stjórn bankans eftir því að söluréttirnir yrðu felldir niður og fundin yrði önnur útfærsla til að tryggja skaðleysi. Persónuleg ábyrgð starfsmanna, sem upphaflega var engin, var þá takmörkuð við 10% af fjárhæð lánsins. Jafnframt var ákvæði í lánssamningi um að gengið yrði að tryggingum ef verðmæti þeirra lækkaði niður fyrir tiltekin mörk og andvirði þeirra nýtt til greiðslu skuldarinnar. Með þessu var talið að starfsmenn væru tryggðir fyrir því að ekki reyndi á persónulega ábyrgð þeirra. Á þessum tíma var tryggingarstaða starfsmanna afar sterk vegna mikilla verðhækkana hlutanna og almenn veðsetningahlutföll bankans því að fullu virt.



HELGI SIGURÐSSON

### Vandi bankans

Þegar verð hluta lækkaði í lok árs 2007 og í ársbyrjun 2008 var bankanum nokkur vandi á höndum að nýta sér ákvæði um veðköll bréfanna. Lánveitingar til starfsmanna byggðust á því að um langtímafjárfestingu væri að ræða á kaupum á allt að 9% af heildarhlutafé félagsins, þar sem starfsmenn væru varðir fyrir fjárhagslegum skaða og gætu staðið af sér verðsveiflur á markaði. Umfangsmikil sala starfsmanna þegar verðmæti hluta í félaginu fór lækkandi var í andstöðu við yfirlýsta stefnu félagsins auk þess sem það hlaut að vera afar óheppilegt fyrir bankann að starfsmenn væru með þeim fyrstu sem seldu hluti sína þegar verðið lækkaði. Bankinn ákvað því að nýta sér ekki ákvæði samningsins um veðköll og fullvissaði starfsmenn þegar í ársbyrjun 2008 að þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að gengið yrði að þeim persónulega vegna skulda við bankann sem tengdust hlutafjárkaupum.

Hafa verður í huga að sala bréfanna var óheimil án skriflegs samþykkis bankans sem lagðist eindregið gegn sölu starfsmanna á hlutum í bankanum. Þessi afstaða bankans var í andstöðu við þær grundvallarforsendur sem gengið var út frá í lánssamningi og áttu að tryggja skaðleysi starfsmanna. Bankinn getur ekki á einum tíma bannað starfsmönnum að selja hluti í félaginu til að forðast tjón og ætlað síðar að innheimta kröfuna óháð slíku sölubanni. Færa má því sterk rök fyrir því að krafa bankans sé fallin niður jafnvel þó að ekki hefði komið til sérstök yfirlýsing frá stjórn bankans um niðurfellingu.

### Skattgreiðsla útilokuð

„*Skattayfirvöld hafa haldið því fram að starfsmenn Kaupþings þurfi að borga tekjuskatt*“.

Skattayfirvöld hafa ekki haldið því fram að starfsmenn Kaupþings þurfi að greiða tekjuskatt heldur óskað eftir upplýsingum um málsatvik og lýst sig reiðubúinn til að veita svokallað bindandi álit um skattgreiðslu. Þeir skattasérfræðingar sem bankinn hefur ráðfært sig við vegna málsins hafa talið slíka skattgreiðslu útilokaða enda hljóti slíkar skattgreiðslur meðal annars að þurfa að taka mið af auðgun starfsmannsins og því endurgjaldi starfsmannsins sem fólst í sölubanninu og kom í veg fyrir að starfsmaðurinn gæti forðað sér frá tjóni.

Þess má geta að starfsmenn Kaupþings hafa nú þegar greitt tekjuskatt af kaupréttum á hlutum sem nú eru verðlausir.

### Staðhæfing 1

„*Starfsmenn hafa reynt að tefja og þagga niður málið og sögðust síðan ætla að endurgreiða kröfuna þegar málið komst í hámæli*“.

Strax við hrun bankans óskuðu starfsmenn eftir viðræðum við PricewaterhouseCoopers og FME um stöðu starfsmannalána og öll gögn afhent vegna þessara lánveitinga. Á fyrsta fundi nýrrar bráðabirgðastjórnar 22. október 2008 var þetta mál rætt sérstaklega að beiðni starfsmanna og bókað að mikilvægt væri að ljúka málinu og eyða þeirri óvissu sem væri fyrir hendi. Þá kemur fram í fundargerðinni að rætt yrði við ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins vegna málsins. Í tölvupósti sem greinarhöfundur sendi til þáverandi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins segir orðrétt: „Ég vil biðja þig um að taka því ekki óstinnt upp þó að ég leggist á þig með að þessu máli verði hraðað eins og kostur er. Þetta hefur beinlíns áhrif á heilsu starfsfólksins og þar með starfsemi bankans auk þess sem við viljum hafa skýr svör ef fjölmiðlar spyrjast fyrir um málið enda stendur ekki til annars en að leysa það með sambærilegum hætti og mál annarra viðskiptavina.“ Eins og þessi tölvupóstur ber með sér var engin umræða um þessi mál í fjölmiðlum á þeim tíma sem hann var sendur til ráðuneytisins og fól í sér ósk um að fundin yrði lausn sem væri sambærileg við úrlausn mála gagnvart almennum viðskiptavinum bankans.

### Kristján Arason ekki í ábyrgðum

„*Kristján Arason og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fengu felldar niður persónulegar ábyrgðir.*“

Kristján Arason fékk enga niðurfellingu á persónulegri ábyrgð meðal annars af þeirri einföldu ástæðu að hann var ekki í neinum persónulegum ábyrgðum gagnvart bankanum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttur hefur ekki annað til saka unnið en að vera eiginkona Kristjáns Arasonar og hvorki fengið lán frá Kaupþingi né niðurfellingu á lánum. Samkvæmt lögum bera hjón ekki ábyrgð á skuldum hvort annars og umfjöllunin því ómakleg.

Lán til almennra viðskiptavina bankans vegna verðbréfakaupa voru ekki veitt á grundvelli persónulegrar ábyrgðar. Slík lán voru að jafnaði veitt til eignarhaldsfélaga út frá ákveðinni tryggingarþekju. Af heildarlánum bankans vegna verðbréfalána er persónuleg ábyrgð innan við 2,5% og einungis 0,5% ef tveir fagfjárfestar eru undanskildir. Starfsmönnum var hins vegar ókleift að stofna slík eignarhaldsfélög í upphafi þar sem FME taldi að þau brytu gegn gagnsæisreglum á markaði. Enginn vafi er á því að starfsmenn bankans hefðu sett þessi kaup inn í eignarhaldsfélag eins og aðrir viðskiptavinir ef afstaða FME á sínum tíma hefði ekki komið í veg fyrir það. Á árinu 2006 breyttust reglurnar að þessu leyti og fluttu þá nokkrir starfsmenn eignina yfir í eignarhaldsfélag. Á meðan starfsmenn Kaupþings hlýddu tilmælum FME að þessu leyti virðast starfsmenn annarra fjármálafyrirtækja hafa stofnað eignarhaldsfélög um kaup sín á hlutafé í viðkomandi fjármálafyrirtækjum sem nú hefur verið afskrifað.




### Niðurfellingin var lögmæt

„*Ný stjórn bankans og viðskiptaráðherra hafa vitnað til lögmanns Kaupþings eins og guðs almáttugs.*“

Án þess að greinarhöfundur sé haldinn sérstakri minnimáttarkennd hafa hvorki bráðabirgðastjórn Nýja Kaupþings banka hf. né núverandi stjórn Nýja Kaupþings banka hf. eða aðrir yfirleitt vitnað til hans eins og guðs almáttugs. Bráðabirgðastjórn Nýja Kaupþings banka hf. óskaði eftir áliti Viðars Más Matthíassonar prófessors og núverandi stjórn eftir áliti Harðar Felix Harðarsonar hrl. Ný stjórn bankans og viðskiptaráðherra hafa vísað til þessara lögfræðiálita. Niðurstaða þessara lögfræðiálita var sú að niðurfellingin væri lögmæt og færa megi sterk rök fyrir því að bankanum væri ekki stætt á því að innheimta lánssamningana þrátt fyrir að komist yrði að þeirri niðurstöðu að niðurfelling stjórnar á persónulegum ábyrgðum stæðist ekki. Krafa bankans gæti auk þess aldrei orðið hærri en sem nemur auðgun starfsmannsins en eins og áður er rakið voru fjölmargir starfsmenn með eignir umfram skuldir þegar niðurfellingin átti sér stað. Á móti 10,5 milljarða niðurfellingu persónulegra ábyrgða þann 25. september 2008 voru verulegar eignir sem verður að draga frá kröfunni.

### Lokaorð

Einn megintilgangur með skráningu bankans á markaði árið 2000 var að tryggja eignarhald starfsmanna. Í skráningarlýsingu var tekið fram að starfsmönnum yrði veitt lán til kaupanna til að ná þessu markmiði. Þessi kaup eru nánar útfærð á árinu 2003 og á aðalfundi 2004 er samþykkt að starfsmenn geti eignast allt að 9% af heildarhlutafé bankans. Á fundinum er gerð grein fyrir því að augljóslega geti starfsmenn ekki eignast þennan eignarhlut nema til komi lánafyrirgreiðsla frá bankanum. Á fundinum og í kynningu til FME í árslok 2003 er lögð áhersla á það að slíkar lánafyrirgreiðslur feli ekki í sér persónulega áhættu fyrir starfsmenn. Hagnaður starfsmanna af þessum lánveitingum reyndist enginn. Þvert á móti þurftu þeir að greiða skatta af kaupréttum vegna kaupa á hlutafé sem þeim var óheimilt að selja. Sú tekjuskattsgreiðsla hefur einatt verið tilefni til mikillar umræðu um óhófleg launakjör sem í raun voru tilkomin vegna hlutabréfa sem nú eru verðlaus. Möguleikar starfsmanna til að draga úr áhættu með sölu bréfanna voru háðir samþykki bankans sem beinlínis lagðist gegn því að þeir gerðu það og þeir fullvissaðir um að lánafyrirkomulagið yrði útfært með þeim hætti að þeir þyrftu ekki að hafa sérstakar áhyggjur.

Síendurtekin skrif um lán til starfsmanna Kaupþings og upplýsingar úr skýrslum ýmissa skoðunarnefnda sem vinna að rannsókn á falli fjármálakerfisins vekja grunsemdir um að verið sé að dreifa athygli frá því sem máli skiptir. Íslenskir skattgreiðendur þurfa ekki að velta því fyrir sér hvort þeir þurfi að greiða 350 eða 700 milljarða vegna innstæðueigenda Kaupþings og skattgreiðendur þurfa ekki heldur að hafa áhyggjur af því að greiða tapið af verðbréfalánum Kaupþings, það féll því miður á lánveitendur bankans. Af einhverjum ástæðum hefur þessi skipulagða lekastarfsemi nær eingöngu snúið að Kaupþingi. Það er lagaleg og siðferðisleg skylda núverandi stjórnar Nýja Kaupþings, Skilanefndar Kaupþings, Fjármálaeftirlits og Ríkislögreglustjóra að koma tafarlaust í veg fyrir að frekari upplýsingum úr lánabók bankans sé dreift í fjölmiðlum landsins.

*Höfundur er fyrrverandi lögfræðingur Nýja Kaupþings.*


FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á NETINU

EINFALT, ÞÆGILEGT OG ALLTAF TIL TAKS



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á VISIR.IS

# MÓTMÆLUM!

## ÖRYRKJAR OG ALDRAÐIR EIGA EKKI AÐ BORGA ÓREIÐUSKULDIR ANNARRA!

## Ályktun aðalstjórnar ÖBÍ 1. júlí 2009

Öryrkjabandalag Íslands mótmælir þeirri kjaraskerðingu sem lífeyrisþegar verða fyrir við gildistöku laga um ríkisfjármál 1. júlí 2009.

Horfið er mörg ár aftur í tímann hvað varðar réttindi lífeyrisþega. Einnig eru innleiddar nýjar skerðingar með því að láta lífeyrissjóðstekjur skerða bæði grunnlífeyri og aldurstengda uppbót.

Grunnlífeyrir almannatrygginga var m.a. hugsaður til að mæta þeim kostnaði sem fylgir fötlun og því óháður tekjum, líkt og hvers konar hjálpartæki.

Skerðing lífeyristekna með aðeins nokkurra daga fyrirvara er siðlaus. Hér er um tekjur tugþúsunda heimila að ræða, þar sem hverri krónu er ráðstafað fyrir fram. ÖBÍ fordæmir að heimili öryrkja og aldraðra skuli ekki talin með öðrum heimilum sem standa á vörð um.

Öryrkjabandalag Íslands er þess fullmeðvitað að samfélagið stendur frammi fyrir meiri vanda en nokkru sinni fyrr í sögu lýðveldisins. Ólíðandi er þó þegar reynt er að ná sáttum í samfélaginu að fulltrúar 44 þúsund landsmanna, öryrkja og eldri borgara, skuli ekki hafðir með í slíkri sáttagjörð.

**Áhrif lífeyrissjóðstekna á bætur almannatrygginga eftir 1. júlí 2009.**
**Dæmi um skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem býr með öðrum.**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

ÖBÍ

**VIÐ STÖNDUM FYRIR RÉTTLÆTI – EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR!**

# Draugabani í útrýmingarherferð

**Guðlaugur Kristinn Óttarsson** smíðaði tæki og komst að því hvað olli dularfullum hljóðum í Richardshúsi á Hjalteyri. Síðan hefur fólk um allt land beðið hann um að koma og kveða niður drauga. Hann telur að allt að tíunda hvert hús á landinu sé rafmengað. *Klemens Ólafur Þrastarson* ræddi við hann um þetta og um drauminn: mengunarfrítt rafkerfi sem gerir út af við drauga, og draugabana.

Úh burr uhm, heyrist drungalega innan úr veggjunum þegar þú leggst til svefns. Í húsinu eru þessi dularfullu óbærilegu hljóð, nótt sem dag. Íbúarnir finna til óvenju mikillar þreytu og verkja, sem verða ekki útskýrðir. Fjöldi sérfræðinga hefur komið til að rannsaka húsið og meira að segja miðlar og aðrir andans menn. Svona hefur þetta gengið í kannski tvö ár, en engin skýring finnst. Í hvern hringirðu þá?

### Góstböster

Eftir tveggja ára óþægindi íbúa Richardshúss á Hjalteyri og eins árs árangurslausar rannsóknir sérfræðinga á torkennilegum endurteknum ómi í húsinu var hringt í þá félaga Arnar Pálsson og Guðlaug Kristin Óttarsson. Til stóð að úrskurða húsið óíbúðarhæft og almenningur var farinn að tala um óforbetranlegan draugagang. Gætu þeir skoðað vandann?

Guðlaugur tók sig til og smíðaði sex elektró-akústíska keramikskynjara og Arnar kom þeim fyrir í húsinu. Til að gera flókna sögu stutta hljóðrituðu þeir lætin og gátu svo séð á tölvuskjá hvaðan þau komu, í þrívídd.

Rót vandans – rafmengun utandyra – var svo upprætt. Síðan hefur síminn ekki stoppað. Þeir eru beðnir að koma og kveða niður svipaða „drauga“ um allt land. Guðlaugur hefur rannsakað þessi fyrirbrigði í fjölda ára og gefið út lærðar ritgerðir um rafeðlisfræði. Hann telur að allt að tíu prósent húsa á landinu séu á einn eða annan hátt menguð með rafmagni.

### Úr rokkinu í rafmagnið

En hvernig kom til þess að Guðlaugur, sem fyrst gat sér nafn sem gítarleikari í Kuklinu og hljómsveitinni Þey, er kominn á kaf í að eltast við rafbylgjur, í draugabanabransann, eða góstbösting, eins og hann kallar það sjálfur?

„Það má segja að minn góstbösting-ferill hafi byrjað á níunda áratugnum í tónlistinni, þegar ég var fenginn til að finna óæskileg hljóð í stúdíóum, á skemmtistöðum og víðar. Ég gekk þá um með rafmagnsgítarinn og notaði hann sem skynjara, hann gat numið bylgjurnar. Þá snerist þetta um að finna hvað plagaði græjurnar, og hvernig mætti finna sem best sánd, en nú snýst þetta um fólkið,“ segir hann.

Tengslin milli raftruflana og vanlíðanar mannfólks fann Guðlaugur þegar hann var að bana rafdraugum á arkitektastofu, þar sem tölvukerfið var svo rafmengað að ekki var hægt að prenta út.

Þar komst hann á snoðir um að starfsfólkið tæki óvenju marga veikindadaga og að það kvartaði undan almennum slappleika. Þegar Guðlaugur hafði „núllað kerfið“ jukust afköstin og starfsfólkið hresstist.

Upptök slíkra truflana eru gjarnan rafbylgjur sem flækjast í járnabindingum í veggjum og skjótast um rýmið.

Á arkitektastofuna herjaði til að mynda langbylgjusendir uppi á Vatnsenda, sem sendi bylgjur lóðbeint á vinnustaðinn, og voru þær „vaðandi um allt ofnakerfið og á húsþakinu“.

### Hannar byltingu í kjallaranum

Eftir að Guðlaugur lærði að hanna sína eigin nema þarf hann ekki lengur að þvælast um með Fenderinn. Hann er kominn með eigið laboratorí í kjallara Iðnskólans í Hafnarfirði, þar sem hann segist vera að ala upp nýja og betri kynslóð rafmanna. Þar hannar hann líka nýtt rafkerfi frá grunni.



**PRÓFESSORINN Í KJALLARANUM** Guðlaugur segist vera að ala upp nýja kynslóð rafmagnsfólks í Iðnskólanum í Hafnarfirði, þar sem hann hefur laboratorí. Þar hannar hann einnig nýtt mengunarlaust rafkerfi. Frumgerð að því er neðst í hægra horninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framtíðarkerfi, sem mengar ekki út frá sér eins og það sem nú er í notkun.

„Ég er búinn að leggja inn nokkur einkaleyfi fyrir netþjónabú og gróðurhús, en þarf að hanna til dæmis tengla og annað sem fylgir. Þetta verður mengunarlaust rafkerfi framtíðarinnar og þá verða allir góstbösterar atvinnulausir, það er draumurinn. Ég reyni að leysa öll vandamál nógu vel til að ég þurfi aldrei að takast á við þau aftur. Og með þessu nýja kerfi verður góstbösting dauð atvinnugrein.“

### Jaðarmenn í bransanum

Þeir Arnar hafa verið svolítið hornreka á Íslandi, jaðarmenn, segir Guðlaugur. Hingað til hafi þeir alltaf verið þeir síðustu sem hringt er í, þegar svona vandamál komu upp. Fyrst var hringt í miðil.

„En reyndar erum við ekkert að gera mikið út á þetta. Ég er ekki að selja neitt og er ekkert í símaskránni með þetta, ég lít bara á þetta sem vandamál til að leysa,“ segir hann. Verkefnið í Richardshúsi hafi hann til að mynda unnið ókeypis. „Ef það er brautryðjendaverkefni þá leysi ég það ókeypis, því ég veit að það koma þá önnur í kjölfarið, sem geta borgað sig,“ segir hann.

### Endar ekki alltaf vel

„Við Arnar höfum líka lent í miklum vanda í góstbösting. Einu sinni gátum við ekkert sagt við fólkið, sem við vorum að vinna fyrir, nema að það þyrfti bara að flytja. Þetta voru hjón sem voru bæði komin með krabbamein. Þar var einhver strengur sem gekk í gegnum húsið þeirra, einhver núllstraumur, og það var svo mikið segulsvið að það var eins og að vera inni í Cern-kjarnorkuhraðlinum. En það var ekkert hægt að gera nema fara í gríðarlegar framkvæmdir, færa til jarðstrengi og breyta hitaveitulögnum. Þannig að það eina sem við gátum sagt var: þið verðið bara að gjöra svo vel og flytja. Og þess vegna er þetta svona mikið trúnaðarmál, þessi verkefni, það er ekkert hægt að auglýsa það að húsið sé óíbúðarhæft út af núll-straumum, þá er eignin orðin ónýt og óseljanleg,“ segir hann. Erfitt sé að ræða þessi mál við fyrirtækin sem menga, svo sem orku- og fjarskiptafyrirtæki. En eftir því sem fleiri draugar séu raktir til þeirra, hljóti það að breytast. Að ekki sé minnst á þegar nýja rafmagnskerfið kemur, þá verði þetta úr sögunni!

### Rafsóðarnir Íslendingar

Hann segir merkilegt hversu kærulausir Íslendingar séu um rafmagn. Rafmenguð hús finnist helst þar sem iðnaður og íbúðarbyggð blandist. Í Evrópu séu gríðarlega strangar reglur um frágang á rafkerfum í slíkri blöndun. „En þetta hefur ekki skilað sér á Íslandi. Hér eru menn mjög kærulausir og setja háspennustöð eða dælustöð í mitt íbúðarhverfi. Geislavarnir og heilbrigðiseftirlit og allir þessir aðilar hér á landi túlka viðmiðunarmörkin svo til hins ýtrasta.“

Samkvæmt gömlum heilbrigðisviðmiðunarmörkum mátti rafmagn hita húð mannsins upp um heila gráðu áður en það var talið of skaðlegt. Núverandi mörk vegna GSM-síma segja að þeir megi hita heilabúið um hálfa gráðu, segir Guðlaugur. Sumir símarnir geri það. Þeir geti því þurrkað upp eða skapað holrúm inni í eyra eða milli höfuðkúpu og heila.

Símarnir séu þar af leiðandi hættulegri mönnum en GSM-sendarnir, sem eru oft settir upp á sjúkrahús, háar byggingar og skóla.

„Frakkar eru til dæmis búnir að banna börnum að vera með gemsa og leyfa þeim bara að senda SMS, þannig að síminn sé í sirka fimmtíu sentimetra fjarlægð frá hausnum,“ segir hann.

Skaðsemi gemsa sé sífellt að verða ljósari, en kannski gerist það fullseint.

„Við innleiðum tækninýjungar hér án þess að rannsaka þær til fullnustu fyrst. Þetta væri aldrei leyft í lyfjabransanum til dæmis. Þar væri nýjungin prófuð á dýrum í tíu ár, áður en henni væri hleypt í mannfólkið. En rafeindin fær alltaf að njóta vafans.“

Guðlaugur segir að Evrópumenn séu að vakna til vitundar um skaðsemi GSM-bylgna og byrjaðir að fjölga GSM-sendum, en um leið minnka kraftinn í þeim. Hann hefur sjálfur rannsakað hús á Íslandi, sem varð illþyrmilega fyrir barðinu á GSM-sendi, en vill vera þögull sem gröfin um það verkefni.

### Banar líkamskvillum líka

Draugabaninn tekur þó fram að endingu að rafmagnið sé nú ekki alslæmt heilsu manna.

Sjálfur á hann það til að heila vini og vandamenn með raflosti, réttara sagt riðstraumi.

„Það er nú þverstæðan í þessu að eyðingarmáttinn má beisla til góðs,“ segir hann. Þessi rafheilun sé sérstaklega góð til að stoppa kvef og losna við líkamlegar utanaðkomandi verur, svo sem vörtur. Einnig til að græða gömul sár. Þetta sé í raun lýtalækning með rafseglum. En hvað gefur hann sjúklingnum mikinn straum?

„Það getur verið bæði undir og yfir viðmiðunarmörkum,“ segir Guðlaugur dularfullur í bragði.

## EILÍFÐARLJÓSIÐ



Guðlaugur er kominn með einkaleyfi í yfir sjötíu löndum fyrir svokölluðu eilífðarljósi. Einnig er framleiðandi einn í Bandaríkjunum áhugasamur um verkefnið.

Eilífðarljós þetta er ljósapera sem dugar í tíu til fimmtán ár og kostar kannski hálfa milljón króna peran.

Perurnar eiga að fara á staði þar sem mjög dýrt er að skipta um peru, eða óæskilegt af öryggisaðstæðum, svo sem á flugvöllum.

## NOKKUR NÖFN GUÐLAUGS



Guðlaugur Kristinn Óttarsson
Godkrist (Nafn tekið upp í Kuklinu)
Hum-Free (Suð-laus, sá sem losar þig við suðið)
El Wiz (Electronic wizard)
Mr. Óttarsson
Gulli galdur (Bannorð)
Þriðja eyrað (Megas nefndi Guðlaug þriðja eyrað þegar þeir unnu saman)

## SAMDI FYRIR BOBBY FISCHER

Tónlistarmaðurinn Godkrist er enn við góða heilsu. Godkrist er listamannsnafn frá byrjun níunda áratugarins, þegar Guðlaugur var í hljómsveitinni Kukl, með Björk Guðmundsdóttur og fleirum.

Á árinu hefur hann gert tónlist við heimildarmyndina um Bobby Fischer, ásamt vini sínum Einari Melax.

Einnig kom út í áttatíu eintökum diskurinn Post Humous Art Value Formula, sem var að nokkru leyti byggður á tónlistinni úr myndinni.

Guðlaugur sýtir ekki dræma aðsókn að myndinni um Bobby Fischer fyrir sitt leyti. „Mig vantar ekki peninga og ég lít á allt sem ég geri sem innborgun á ellilífeyrinn. Bobby fer að koma út á DVD og svo í alheimsdreifingu vonandi, og þá er aldrei að vita nema komi einhverjir aurar.“



# Sparaðu ... með okkur!




40% afsláttur

GRÍSAKÓTILETTUR HUNANGS EÐA PIKANT MARINERAÐAR

**1.199 kr/kg**

~~1.998~~ kr/kg

GOÐI

ÓDÝRT

GRILL SVÍNAKÓTILETTUR, REYKTAR

**1.189 kr/kg**

~~1.698~~ kr/kg

KJÖTSEL




30% afsláttur

GRILL SVÍNALÆRISSNEIÐAR

**909 kr/kg**

~~1.298~~ kr/kg

KJÖTSEL



30% afsláttur

GOODFELLA'S PIZZUR, 2stk.

**199 kr/pk.**

~~499~~ kr/pk.




60% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR 900g

**1.198 kr/pk.**




KJÚKLINGALUNDIR, 700g

**998 kr/pk.**

GOÐI

GRILLPYLSUR TOSCANA

**259 kr/pk.**

~~431~~ kr/pk.




40% afsláttur

NETTÓ BRAUÐ

**99 kr/stk.**

~~198~~ kr/stk.




50% afsláttur




*Match Attax Extra möppur og myndir komnar í Nettó*

RAUÐ VÍNBER

**249 kr/kg**

~~498~~ kr/kg



50% afsláttur

CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200g

**189 kr/pk.**




TILBOÐIN GILDA 3. - 5. JÚLÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó SPARNAÐUR

Birt með fyrirvara um prentvillur.
www.markhonnun.is

# Völdum rænt í Hondúras

Herinn í Hondúras rændi völdum í landinu síðastliðinn sunnudag. Hæstiréttur landsins og þing vildu koma forsetanum Manuel Zelaya frá, eftir að hann ákvað að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni. Breytingarnar hefðu haft það í för með sér að forseti gæti setið í embætti lengur en eitt kjörtímabil. Valdaránið er það fyrsta í Rómönsku Ameríku um árabil, en þau voru algeng næstum alla síðustu öld. *Þórunn Elísabet Bogadóttir* skoðaði atburði síðustu daga og önnur þekkt valdarán.

Sunnudaginn 28. júní síðastliðinn var Manuel Zelaya, forseta Hondúras, komið frá völdum í landinu í valdaráni. Á bilinu 200 til 300 hermenn ruddust inn til hans í dögun og handtóku hann á náttfötunum einum fata. Hann var fluttur úr landi til Kostaríku. Það var hæstiréttur landsins sem fyrirskipaði að Zelaya skyldi komið frá völdum. Þingið samþykkti tillögu hæstaréttar og herinn lét til skarar skríða. Eftir að forsetanum var komið frá var þingforsetinn Roberto Micheletti svarinn í embætti forseta að tillögu þingsins. Þingforseti er samkvæmt stjórnarskrá staðgengill forseta.

Micheletti hefur haldið því fram að ríkisstjórn hans sé lögleg og farið hafi verið að stjórnarskrárlögum þegar Zelaya var komið frá völdum. Hann segir landið lýðræðislegra nú en undir stjórn Zelayas, sem hafi sífellt fært landið lengra til vinstri, og líkir honum við Hugo Chavez, forseta Venesúela.

**Aðdragandinn**

Valdaránið varð rétt áður en kosning átti að hefjast um breytingar á stjórnarskránni. Stjórnarskráin kveður nú á um að forseti landsins geti aðeins setið í eitt fjögurra ára langt kjörtímabil, en Zelaya hafði boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingu á þessu. Hæstiréttur landsins dæmdi breytingarnar ólöglegar og fór fram á að hann hætti við atkvæðagreiðsluna en hann hundsaði þá tillögu. Margir töldu að Zelaya vildi gera þessa breytingu til að geta setið áfram í embætti eftir kosningarnar sem eiga að fara fram í nóvember. Hann hefur þó þvertekið fyrir að það hafi verið tilgangurinn. Hann segir að kosningarnar hefðu aðeins átt að vera ráðgefandi og sýna vilja þjóðarinnar í málinu.

Valdarán hefur ekki verið framið í Mið-Ameríku frá árinu 1993 og kom því að vissu leyti á óvart. Undanfarna mánuði hefur spenna þó vaxið meðal valdhafa í landinu. Zelaya rak fyrir stuttu yfirmann hersins, en hann hafði neitað að styðja þjóðaratkvæðagreiðsluna. Hæstiréttur úrskurðaði að brottvikningin hefði verið ólögleg og herforinginn skyldi settur aftur í embætti. Það var í framhaldi af þessu sem bæði þing og hæstiréttur vildu koma honum frá völdum vegna „síendurtekinna brota á stjórnarskrá og lögum“.

**Hörð viðbrögð**

Valdaránið hefur verið gagnrýnt opinberlega af fjölmörgum leiðtogum víðs vegar um heiminn. Samband Ameríkuríkja krafðist þess fyrr í vikunni að Zelaya yrði komið aftur til valda innan þriggja daga, annars yrði ríkið rekið úr sambandinu. Sá frestur rennur út í dag. Alþjóðabankinn stöðvaði fjárhagsaðstoð sína við landið og Bandaríkin gerðu hlé á sameiginlegum hernaðarverkefnum. Bandaríkin hafa þó ekki stöðvað sína fjárhagsaðstoð til ríkisins. Öll ríki Evrópusambandsins hafa flutt sendiherra sína úr landinu. Það sama hafa nokkur lönd í Rómönsku Ameríku gert, þeirra á meðal Bólivía, Ekvador, Venesúela og Kúba.

**Eftir valdaránið**

Þingið setti á útgöngubann í landinu síðastliðinn sunnudag sem bannaði fólki að fara út á milli klukkan tíu á kvöldin og fimm á morgnana. Stuðningsmenn bæði Zelayas og Michelettis hafa mótmælt á götum úti, nokkuð hefur verið um að stuðningsmenn Zelayas hafi særst og fjöldi þeirra hefur verið handtekinn.

Zelaya fór á fund leiðtoga í Sambandi Ameríkuríkja í Níkaragva á mánudag og ávarpaði þjóð sína og bað um stuðning allra þeirra sem teldu hann hafa rétt til þess að sitja út kjörtímabilið. Upp frá því hefur hann ferðast um nágrannalöndin og fundað með leiðtogum þeirra. Ekki var vitað hvar hann var í gær en hann fór frá El Salvador á fimmtudagskvöld.

**Framhaldið**

Jose Miguel Insulza, yfirmaður Sambands Ameríkuríkja, kom til Hondúras í gær til þess að þrýsta á að Zelaya verði komið aftur til valda. Hann sagðist ekki vera á leið þangað til þess að semja við herstjórnina heldur til að fá hana til að breyta gjörðum sínum. Zelaya ætlar að fara aftur til landsins í dag, í fylgd með forsetum Argentínu og Ekvador meðal annarra. Herstjórnin hefur sagt að við heimkomuna verði hann handtekinn og dæmdur.



**MÓTMÆLI Í HÖFUÐBORGINNI** Komið hefur til átaka á milli lögreglumanna og stuðningsmanna Zelaya. Táragasi hefur verið beitt á mótmælendur og margir hafa særst eða verið handteknir. NORDICPHOTOS/AFP




**VIÐ EIGUM OKKUR DRAUM** Stuðningsmenn forsetans útlæga hafa mótmælt síðustu daga. Þessi beinir spjótum sínum að Barack Obama Bandaríkjaforseta, sem hefur farið varlega í yfirlýsingar vegna málsins, en þó fordæmt valdaránið. Bandaríkin hafa hvorki hætt fjárstuðningi sínum við Hondúras né flutt sendiherra sinn í landinu á brott. NORDICPHOTOS/AFP

## Hondúras

Hondúras er í Mið-Ameríku og á landamæri að Gvatemala, El Salvador og Níkaragva. Þar búa rúmlega sjö milljónir manna. Þjóðin er mjög ung og helmingur landsmanna er undir nítján ára aldri.

Herstjórnir, spilling, mikil misskipting auðs, glæpir og náttúruhamfarir hafa sett svip sinn á Hondúras og orðið til þess að landið er eitt vanþróaðasta ríkið í Mið- og Suður-Ameríku.

Hondúras varð illa úti í fellibylnum Mitch árið 1998. Að minnsta kosti fimm þúsund manns létu lífið og sjötíu prósent af uppskerunni í landinu eyðilagðist.

Þúsundir flytja frá landinu á hverju ári, flestir til Bandaríkjanna. Mikið atvinnuleysi er í landinu og það hefur meðal annars átt þátt í því að mikil gengjamenning hefur myndast meðal ungs fólks. Talið er að tugþúsundir ungs fólks séu í gengjum sem stjórna fátækum hverfum í bæjum og borgum.

## Önnur valdarán á svipuðum slóðum

■ Valdarán og herstjórnir voru algengar í Rómönsku-Ameríku meirihluta tuttugustu aldarinnar. Fjöldinn allur af heppnuðum og misheppnuðum valdaránum voru framin, en fram að valdaráninu í síðustu viku hafði álfan verið laus við valdarán frá árinu 1993. Nokkur þekkt valdarán síðustu áratuga má lesa um hér fyrir neðan:

■ Árið 1993 var Jorge Serrano, forseta Gvatemala, komið frá völdum. Hann hafði reynt að leysa upp þingið og hæstaréttinn og fremja þannig sitt eigið valdarán. Það mistókst hins vegar hjá honum og hann neyddist til að segja af sér.

■ Árið 1980 framdi herinn í Bólivíu ofbeldisfullt valdarán undir stjórn Luis Garcia Meza. Hann var forseti í rúmt ár og ríkisstjórn hans var þekkt fyrir mannréttindabrot og eiturlyfjasmygl.



■ Árið 1976 náði herinn í Argentínu völdum af Isabelu Perón, þriðju konu Juans Domingos Perón, sem hafði tekið við völdum eftir lát hans. Jorge Rafael Videla tók við herstjórninni og í kjölfarið létust þúsundir manna.

■ Árið 1973 var Salvador Allende, forseta Chile, komið frá völdum af hernum og Augusto Pinochet, yfirmaður hersins, tók völdin. Allende var drepinn, sem og þúsundir annarra. Um 130 þúsund manns voru handtekin á fyrstu árum herstjórnarinnar, sem hélt í sautján ár.





FIJI SETT
áður 99.900,-
nú 49.950,-
50%
Fiji sett
30%
allar sumarvörur
3 fyrir 2
vasar
3 fyrir 2
Yes To snyrtivörur
3 fyrir 2
glös
3 fyrir 2
púðar
40%
mjúkdýr
70%
allar rúmgrindur
útsala
Útsalan hefst 3. júlí kl. 11
15% afsláttur gefinn við kassa af öllum vörum sem ekki eru á útsölu
the PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



**ÓLÍKIR EN SAMSTILLTIR** Ólík viðhorf og bakgrunnur geta verið kostur, ef rétt er haldið á spöðunum. Þetta segja þeir Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson, sem í sameiningu hafa byggt upp nýstárlegt meistaranám í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Verkfærið er maður sjálfur

**Haukur Ingi Jónasson** og **Helgi Þór Ingason** koma hvor úr sinni áttinni en sameinast í trúnni á að lausn framtíðinnar felist í því að brúa bilið á milli þess skapandi og þess tæknilega. Þeir eru mennirnir á bak við meistaranám í Háskóla Íslands sem snýst um að leysa vandamál. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti þá og komst að því að erlendir háskólar vilja ólmir í samstarf.

Líklega deila fáir kennarar innan verkfræðideilda Háskóla Íslands bakgrunni með Hauki Inga en hann er guðfræðingur og sálgreinir. Helgi Þór hefur hefðbundnari bakgrunn en hann er vélaverkfræðingur með doktorspróf í tæknilegri vélaverkfræði. Þeir koma því úr gjörólíkum áttum, sem þeir álíta einmitt stærsta kost síns samstarfs. Þeir hafa á undanförnum árum byggt upp meistaranám í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands.

### Uppbyggilegur ágreiningur

Samstarf þeirra Hauks Inga og Helga nær út fyrir veggi Háskólans en þeir hafa unnið saman frá árinu 2001 og reka meðal annars saman ráðgjafarfyrirtæki. Leiðir þeirra lágu fyrst saman í Menntaskólanum við Sund, þar sem þeir kljáðust í fyrsta sinn. „Ég var í hagfræðideildinni og bauð mig fram sem ritari skólafélagsins. Helgi var í eðlisfræðibekknum og mótframbjóðandinn var í bekknum hjá þeim svo þeir voru alveg á móti mér,“ rifjar Haukur Ingi upp.

Ólík viðhorf og bakgrunnur geta verið kostur, ef rétt er haldið á spöðunum. Það, fullyrða þeir, er afl sem þeir hafa náð að beisla í sinni samvinnu. „Þegar við Haukur Ingi göngum til einhvers verks erum við oft ósammála. En við erum opnir fyrir því að úr vinnunni geti komið eitthvað nýtt og spennandi, sem það gerir oftar en ekki,“ segir Helgi og bætir við: „Við erum öll fulltrúar okkar viðhorfa og bakgrunns. Við getum lent í því að komast ekki út úr því hlutverki. En ef við náum að sjá möguleikana í því að vera ekki sammála getur ágreiningur verið uppbyggilegur.“

### Burðarþol einstaklingsins

Það er einmitt eitt af leiðarljósum meistaranámsins að leiða ólíka einstaklinga saman og stilla þeim upp andspænis vandamálum sem þeir verða að takast á við sem einstaklingar og í hópum. Nemendur koma úr öllum áttum. Flestir úr viðskiptafræði og upplýsingatækni, verk- og tæknifræði, en einnig úr heilbrigðisgeiranum, kennslu og listgreinum. Námið tekur tvö ár og er gert ráð fyrir að nemendur geti verið í vinnu meðfram því.

Að þróa með sér færni til að koma inn í ólík verkefnateymi, í alls kyns aðstæðum, og vera fljótir að stilla alla strengi og skipuleggja vinnu hópsins og leiða hann út úr vandanum er það sem nemendurnir standa frammi fyrir. Til þess læra þeir tæknilegar aðferðir en ekki síður aðferðir úr siðfræði, heimspeki og öðrum fræðigreinum hugans. „Þeir sem leiða hópa þurfa að þekkja sína eigin eiginleika, því verkfærið er maður sjálfur. Til að skapa vinnufrið þarf að koma inn sköpun hjá þeim sem er ekki skapandi og koma inn kröfu um fagmennsku og skipulag hjá þeim sem er of skapandi,“ segir Haukur Ingi og bætir við með brosi á vör: „En það skiptir máli hvernig þetta er gert. Það gengur til dæmis ekki að segja við suma verkfræðinga „nú ætla ég að tala við þig um sálfræði, siðfræði og ljóðagerð“. Maður verður að segja: „Í dag ætla ég að tala við þig um burðarþol einstaklingsins, aflfræði hópa og hagkerfi hugans“. Þá skilur hann alveg um hvað þú ert að tala.“

### Hugvit og tæknivit í eina sæng

Blanda hugvitsins og tæknivitsins er einmitt það sem hefur kveikt áhuga

> „Þetta reddast“-viðhorfið gerir það að verkum að við höfum tamið okkur að setjast að samningaborðinu illa undirbúin. Þess vegna höfum við samið af okkur aftur og aftur.

erlendra háskóla á samstarfi við Háskóla Íslands á þessu sviði. Þar er um að ræða háskóla í Bandaríkjunum, Evrópu, Asíu og Afríku. Í náminu kenna nokkrir virtir fræðimenn á sviði verkefnastjórnunar. Þeirra á meðal eru Darren Dalcher, prófessor við Middlesex University í London, sem fyrir skemmstu var valinn vísindamaður ársins í Bretlandi; Steven Eppinger, lykilprófessor og -stjórnandi Sloan-viðskiptadeildar MIT í Boston og Mark Morgan frá Stanford-háskólanum. „Samstarfsaðilar okkar trúa á þá leið sem við erum að fara og vilja að við tökum þetta lengra. Við höfum verið að skrifa greinar í virt tímarit á þessu sviði og erum með bækur í smíðum,“ segir Helgi og Haukur Ingi bætir við: „Við erum í fylkingarbrjósti í þeirri sveiflu að opna það tæknilega og taka inn húmanískar áherslur. Það verður nýtt og dýnamískt jafnvægi til við að opna þarna á milli.“

### Stefnumótun þjóðar

Stefnumótun þjóðar virðist á einhvern hátt óyfirstíganlegt verkefni. En þeir Haukur Ingi og Helgi segja einmitt lausnina á því ástandi sem nú ríkir í samfélaginu að líta á það sem eitt stórt verkefni og skipuleggja það frá a til ö. Láta verði af aðferðum sem margir lýstu opinberlega yfir að væru helstu kostir Íslendinga.

„Það er skelfilegt hvernig ákvarðanir hafa verið teknar hérna á undanförnum árum, bæði í atvinnulífinu, í stjórnum fyrirtækja og á þinginu. „Þetta reddast“-viðhorfið gerir það að verkum að við höfum tamið okkur að setjast að samningaborðinu illa undirbúin,“ segir Haukur Ingi. „Þess vegna höfum við samið af okkur, aftur og aftur, í nafni einhvers konar klárheita. Í aðdraganda hrunsins var mönnum að berast mikið á og keyptu til að mynda fyrirtæki á háu verði. Á móti þeim voru þrautþjálfaðir menn sem voru búnir að hugsa forsendur samninganna í þaula. Þetta varð oft og tíðum ójöfn barátta þar sem íslenskir víkingar báru skarðan hlut frá borði, þegar upp var staðið.“

Hann telur hóphugsun, afneitun og vanmetakennd grunninn að vanda Íslendinga nú. „Við vildum að allir héldu að við værum stór og gætum, til dæmis, kennt öðrum þjóðum hvernig á að reka banka. En það er ekki alveg þannig sem heimurinn sér okkur og var aldrei þannig. Menn sáu sér leik á borði í þessari einfeldni okkar.“

### Hefði mátt lágmarka skaðann

Þeir Helgi og Haukur eru sammála um að stjórnvöld hafi ekki staðið sig nægilega vel í kjölfar hrunsins, sem þeir skrifa á skipulagsleysi. Haukur Ingi, sem hefur gaman af því að segja sögur, lýkur spjallinu með dæmisögu: „Stjórnvöld hefðu þurft að staldra við og átta sig miklu betur á því hvernig ætti að vinna vinnuna sem fram undan var. Það var hins vegar byrjað á að redda hlutunum. Þessu má líkja við mann sem ætlaði að setja upp nýja eldhúsinnréttingu hjá sér. Fyrst keypti hann kranann, réði sér rafvirkja, færi svo að mæla upp og færi loks í að ráða smiðinn. Íbúðin væri í tvö ár í rúst.

Ef hann hefði skipulagt verkið tæki það mun skemmri tíma. Það sama gildir með þær aðstæður sem við stóðum frammi fyrir í haust – og kannski alla tíð. Með markvissari skipulagningu og meira næmi fyrir mannlegum þörfum hefði mátt lágmarka skaðann og nýta ný sóknarfæri.“

# ➜ FJÓRAR LEIÐIR TIL BETRI VEGAR

**Greinar útskriftarnema í verkefnastjórnun hafa birst í virtum erlendum fagtímaritum, svo sem Project Management Journal. Þá hafa nemendur kynnt rannsóknir sínar á ráðstefnum, bæði hér á landi og í útlöndum. Hér á eftir fara fjögur dæmi um útskriftarverkefni meistaranema. Fleiri dæmi er að finna á heimasíðu námsins, www.mpm.is.**

## Betri þjónustu hjá spítalanum

***Gunnhildur Gunnarsdóttir og Hólmfríður Benediktsdóttir***

Þær Gunnhildur og Hólmfríður unnu með það vandamál sem heilbrigðisstofnanir standa frammi fyrir: Sívaxandi kröfu um aukna hagkvæmni í rekstri án þess að fórna gæðum í þjónustu við sjúklinga. Þær leggja til að stofnun verkefnastofu við LSH geti verið liður í því að mæta þessari kröfu á Landspítalanum nú, þegar krafan er háværari en nokkru sinni fyrr. Slíkar verkefnastofur hafi skilað skipulagsheildum aukinni skilvirkni í stjórnun verkefna og stutt við þekkingarþróun í verkefnastjórnun. Með gagnreyndum aðferðum við verkefnastjórnun aukist líkur á árangri verkefna. Með árangursríkum gæða- og umbótaverkefnum geti Landspítali átt möguleika á því að viðhalda eða bæta nýtingu fjármuna og aukið gæði í þjónustu við sjúklinga. Stjórnendur á LSH hafa sagt stofnun slíkrar verkefnastofu geta verið raunhæfan kost fyrir stofnunina.



## Maslow og ríkisstjórnin

***Júlía Pálmadóttir Sighvats***

Greinin leitast við að skoða ástæður þverrandi stuðnings við íslensku ríkisstjórnina þá mánuði sem fylgdu í kjölfar falls bankanna þriggja haustið 2008. Safnað var saman skoðunum almennings sem endurspegluðust í skoðanakönnunum og mótmælum. Skoðað var hvernig hagsmunum þeirra aðila sem kreppan snerti var ógnað og tenging þeirra hagsmuna við hin fimm þrep í þarfapíramída Maslows. Ályktun var dregin um að viðbrögð almennings hafi að hluta orsakast vegna skyndilegrar hættu á að þarfir á neðstu þrepum Maslows myndu bresta. Niðurstöður greinarinnar benda til að miðlun upplýsinga í kreppu þurfi að vera með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem er ógnað, séu þeir tengdir neðstu þrepunum.



## Hvatning eykur árangur liðsheilda

***Kristín Leopoldína Bjarnadóttir***

Besta leiðin til að halda í gott fólk, hvort sem er í vinnuumhverfi eða íþróttaliði, er að veita því krefjandi og spennandi verkefni. Sýna þeim traust, veita þeim aukna ábyrgð og virkja þá í ákvarðanatöku. Þá er markmiðasetning lykilatriði til að ná árangri. Þetta er meðal niðurstaðna í lokaverkefni Kristínar Leopoldínu Bjarnadóttur, þar sem hún kannaði hvernig árangursríkast er að hvetja liðsheildir til árangurs. Samanburður var gerður á svörum tveggja verkefnastjóra og tveggja þjálfara, sem hafa náð afburðaárangri með íþróttalið, og kannað hvort hægt sé að heimfæra hvataðferðir íþrótta yfir á verkefnastjórnun.



## Húmor virkar vel

***Guðmundur Gauti Guðmundsson***

Verkefnastjóri þarf að tryggja að verkefnateymi afkasti á sem besta mögulega hátt. Verkefni þurfa að klárast á tíma, á kostnaði og vera í samræmi við kröfur viðskiptavinarins. Verkefnastjórar tengjast meðlimum teymis vináttuböndum en þurfa að passa upp á tilfinningatengsl við þátttakendur verkefna. Jafnframt þurfa þeir að halda góðri stemningu innan teymisins. En hvernig getur húmor aðstoðað verkefnastjórann í hans daglegu störfum? Getur húmor lyft stemningunni hjá teyminu og verkefnastjóranum? Getur húmor aukið líkurnar á árangri í verkefnum? Svar Guðmundar Gauta Guðmundssonar við þessum spurningum var já. Verkefni hans fjallar um húmor og hvort hann eigi heima í hugtakalykli (e. The Eye of Competence) Alþjóðlegu Verkefnastjórnunarsamtakanna en hugtakalykillinn fjallar um þá eiginleika sem einkenna góðan verkefnastjóra. Könnun var lögð fyrir verkefnastjóra, stjórnendur fyrirtækja sem og nemendur í MPM-náminu við Háskóla Íslands til að meta mikilvægi húmors í þeirra augum. Niðurstaðan sýnir að húmor getur verið mikilvægur eiginleiki verkefnastjórans og þýðingarmikill þáttur í því að ná markmiðum verkefna.




# Breytingar á lögum

## um almannatryggingar sem tóku gildi 1. júlí sl.

Við breytingar á lögum nr. 70/2009 um almannatryggingar var leiðarljós stjórnvalda að vernda hag tekjulægstu lífeyrisþeganna. Samkvæmt því helst óbreytt sérstök uppbót til framfærslu, sem sett var með reglugerð á síðasta ári.




## Helstu breytingar eru:

### Ellilífeyrisþegar

- Frítekjumark á atvinnutekjur ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar lækkar og verður 40.000 kr. á mánuði.
- Tekið er upp nýtt frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur við útreikning tekjutryggingar, 10.000 kr. á mánuði.
- Heimild til að velja á milli frítekjumarks og þess að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar er afnumin.
- Lífeyrissjóðstekjur hafa nú áhrif á útreikning grunnlífeyris. Frítekjumark er 214.602 kr. á mánuði.
- Skerðingarhlutfall tekjutryggingar hækkar úr 38,35% í 45%.

### Örorkulífeyrisþegar

- Aldurstengd örorkuuppbót skerðist vegna tekna.
- Heimild til að velja á milli frítekjumarks og þess að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar er afnumin.
- Lífeyrissjóðstekjur hafa nú áhrif á útreikning grunnlífeyris. Frítekjumark er 214.602 kr. á mánuði.
- Skerðingarhlutfall tekjutryggingar hækkar úr 38,35% í 45%.

## Nýjar greiðsluáætlanir

Greiðsluáætlanir eru aðgengilegar á þjónustuvefnum **tryggur.is**. Í lok júlí, að loknu uppgjöri 2008, verður send út ný greiðsluáætlun ásamt uppgjörsbréfi.

Mikilvægt er að tekjuáætlanir lífeyrisþega sem Tryggingastofnun miðar útreikninga lífeyris við séu vandaðar. Starfsfólk Tryggingastofnunar og umboða um allt land aðstoðar gjarnan við endurskoðun og gerð tekjuáætlunar. Með vandaðri tekjuáætlun er hægt að koma í veg fyrir ofgreiðslur eða vangreiðslur sem þarf að leiðrétta síðar.

Öll rafræn þjónusta er á **www.tryggur.is** og nánari upplýsingar eru á **www.tr.is**.

Upplýsingar og ráðgjöf má fá í þjónustumiðstöð, Laugavegi 114 í Reykjavík og umboðum hjá sýslumönnum um allt land.

TRYGGINGASTOFNUN

**Hafðu samband** | **Veldu þá leið sem hentar best** – *fyrir þig!* | **Ný þjónusta**

- > Þú finnur ítarlegar upplýsingar á www.tr.is
- > Þjónustufulltrúar í síma 560 4400 og 800 6044 (grænt nr.)
- > Sendu okkur fyrirspurn á netfangið tr@tr.is
- > Netsamtal – beint samband í gegnum www.tr.is
- > Umboðsmenn TR á landsbyggðinni veita upplýsingar
- > Tryggur.is þjónustuvefur Tryggingastofnunar



**FJÖLHÆF** Halla Oddný Magnúsdóttir er píanóleikari og nemandi við Oxford-háskóla og kennir breskum börnum ensku í sumarfríinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skoðar innsta eðli mannsins í akademískri veruleikafirringu

Á milli þess sem **Halla Oddný Magnúsdóttir** liggur yfir pælingum um eðli mannsins í Oxford-háskóla fer hún á píanistafyllirí með kærasta sínum, Víkingi Heiðari Ólafssyni. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti Höllu á sólríkum föstudagsmorgni í Reykjavík.

Í dag verða í fyrsta sinn tónleikar haldnir í Selinu á Stokkalæk á Rangárvöllum. Halla Oddný Magnúsdóttir er meðal þeirra sem koma fram þar en hún mun spila fjórhenta útsetningu Sveinbjörns Sveinbjörnssonar á íslenska þjóðsöngnum ásamt Víkingi Heiðari Ólafssyni, unnusta sínum. Selið er nýtt tónlistarsetur sem er ætlað það hlutverk að styrkja unga tónlistarmenn í klassískri tónlist. „Ég held að þetta verði æðislegt á Stokkalæk og ég hlakka mikið til að koma þarna fram. Við verðum með tvenna tónleika í fimmtíu manna sal. Ég veit ekki til þess að þessi útgáfa hafi verið flutt áður en hún er mjög falleg. Mér finnst raunar þjóðsöngurinn ofsalega fallegur og mér þykir leiðinlegt þegar fólk segir að hann sé það ekki, bara af því það getur ekki sungið með. Það á þá bara að njóta þess að hlusta,“ segir Halla og brosir.

Þau Víkingur og Halla ætla líka að spila þjóðlegar útsetningar Snorra Birgissonar á þjóðlögum úr Norður-Múlasýslu. Þá mun Víkingur meðal annars flytja eigin útsetningar á íslenskum sönglögum auk þess sem Hulda Jónsdóttir leikur á fiðlu.

### Í námi við Oxford

Halla og Víkingur búa í Oxford en hún er við nám í Oxford-háskóla í mannvísindum. Hún er eini Íslendingurinn sem er í grunnnámi þar, enda ekki auðsótt að komast inn. „Það var bara fyrir rælni að ég sótti þarna um. Við Víkingur vorum búin að vera saman í tvö ár á milli heimsálfa og eiginlega komin með nóg af því, enda er það rómantík sem maður hættir að hafa húmor fyrir eftir smá tíma. Ég var að klára menntaskóla og ljúka mínu burtfararprófi frá Tónlistarskóla Reykjavíkur, svo við ákváðum að finna okkur borg í Evrópu þar sem ég gæti lært, hann unnið og við loksins verið saman.“

Umsóknarferlið var langt og tók á taugarnar. „Þetta er staður þar sem öll sérviska nær nýjum hæðum. Akademísk veruleikafirring er eiginlega það sem mér dettur helst í hug til að lýsa Oxford. Eftir að hafa sent einkunnir, persónulegt bréf og langa ritgerð var ég loks kölluð í viðtal. Þar var ég bara tekin á beinið, eða þannig upplifði ég það, og ég var gjörsamlega niðurbrotin. Það var verið að spyrja út í allt mögulegt sem mér fannst ég ekki hafa nein svör við. Ég kom út hálfkjökrandi og hringdi heim og sagðist sko hvort sem er ekki hafa neinn áhuga á að komast þarna inn hjá þessu vonda fólki, handviss um að ég kæmist ekki inn. En svo komst ég nú inn. Svo eitthvað hefur gengið vel hjá mér þarna.“

### Heimur út af fyrir sig

Oxford er að mati Höllu eins og lítill heimur sem lýtur sínum eigin lögmálum. „Nemendurnir eru sérstök blanda af dugnaðarforkum og krökkum fína fólksins. Þarna er ótrúlegt fólk og það er mjög gaman að fá að læra í þessu umhverfi. Bærinn er yndislegur og maður hnýtur um söguna í hverju fótmáli. Hann er allur samsettur úr kastalabyggingum sem eru skóladeildir. Háskólinn sjálfur er samsettur úr 39 görðum, svo maður fær tækifæri til að vera í risastóru háskólasamfélagi en samt í svona litlum kjarna nemenda.“

Hún segir stéttaskiptinguna í Bretlandi kristallast í Oxford. Íbúar bæjarins búi í jöðrunum og fái ekki einu sinni leyfi til að fara inn í sögulegar háskólabyggingarnar, þar sem þeir séu ekki með háskólaskírteini.

Enda þótt Halla vildi glöð hafa tíma til að spranga um götur Oxford alla daga getur hún ekki leyft sér það, heldur eyðir hún flestum sínum stundum með nefið ofan í bók. „Þetta er mikil keyrsla. Námið er líka mjög vísindalegt, sem ég hafði kannski aldrei séð mig í áður. Við erum að skoða hið innsta eðli mannsins út frá ýmsum sjónarhornum. Stundum er þetta eins og að vera í læknisfræði og stundum í mannfræði eða öðrum hugvísindum. Erfðafræði er líka stór hluti af þessu. Það fannst mér ekki spennandi fyrst en svo er ég að átta mig á því hvað þetta er mikilvægt. Vísindin eru að breytast svo hratt og þau eru líka að breyta stöðu mannsins. Þekking á þessu hefur áhrif á svo mörg svið, til dæmis heimspeki, hagfræði og lögfræði. Ef þú býrð til nýja lífveru, á hún þá til dæmis einkarétt á sjálfri sér, eða ert það þú sem átt hennar rétt? Þetta er spennandi fag.“

### Sárar uppgötvanir

Þótt námið sé strangt líkar Höllu lífið í Oxford. Hún hefur kynnst mörgu áhugaverðu fólki, sem hún eyðir stundum fríkvöldum með á krám, oftar en ekki í eldheitum umræðum, til dæmis um frjálsan vilja og önnur mál sem alvöru háskólastúdentar láta sig varða. „Þessi spurning með frjálsa viljann hefur reyndar hrist dálítið upp í mér. Það bendir nefnilega flest til þess að hann sé ekki til, sem mér fannst svolítið sár uppgötvun. Reyndar var margt hálfsárt sem ég þurfti að velta mér upp úr í vetur. Ég er mikill rómantíker í mér og mér finnst erfitt að eiga að skilja við hugmyndir um hreinar dyggðir og ást sem nær yfir endimörk heimsins, sem vísindin gjörsamlega hafna. En ég á nú eftir að gera það upp við mig hvað ég vil leyfa vísindunum að spila mikið hlutverk í mínu lífi. Ég fæ líka á móti heimspekilegri fög þar sem sú skoðun er ríkjandi að vísindaleg hugsun sé ekki endilega æðri annarri.“

Eftir skóla og um helgar, þegar Halla er ekki úti í rökræðum eða að drekka sérrí með kennurum sínum, sem tíðkast í Oxford, eyðir Halla tímanum með Víkingi í litlu stúdíóíbúðinni sem þau búa í. „Leiguverðið í Oxford er svimandi. Þetta er pínulítil íbúð og helmingurinn af henni fer undir flygilinn. Víkingur er oft að æfa sig á meðan ég er að lesa við skrifborðið, sem er auðvitað voðalega rómantískt, nema þegar við erum ósammála um eitthvað í músíkinni. Þá læt ég hann heyra það,“ segir Halla, sem telur sig harðasta gagnrýnanda Víkings. Hún veit líka hvað hún syngur í þeim efnum þar sem hún er einnig píanóleikari og lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla Reykjavíkur áður en hún flutti til Oxford.

### Sameiginleg ástríða

Píanóið nær því að smeygja sér inn í margar af samverustundum Höllu og Víkings. Hann er þegar búinn að skapa sér stórt nafn í tónlistinni en Halla stefnir ekki endilega á frægð og frama í píanóleiknum. „Draumurinn minn er að halda píanóleiknum við og eiga hann fyrir mig. Maður þarf eiginlega að vera viss um að maður vilji ekkert annað, ætli maður að leggja fyrir sig píanóleikinn, því samkeppnin er svo rosaleg. Víkingur var til dæmis búinn að ákveða að verða píanóleikari áður en hann varð fimm ára. Ég hef áhuga á svo mörgu öðru og hef ekki nógu mikinn metnað fyrir píanóleiknum til að berjast til síðasta blóðdropa fyrir honum. En við hlustum stöðugt á tónlist saman og förum af og til á píanistafyllirí,“ sem hún útskýrir sem svo að þau liggi yfir myndböndum á YouTube og uppgötvi falda tónlistarfjársjóði í gegnum netið.

Halla staldrar ekki lengi við á Íslandi en hún fer aftur út til Oxford á þriðjudaginn. Hún er þó í sumarfríi frá skólanum en hefur vinnu úti við að kenna ensku í sumarskóla. Til þess að geta kennt ensku í Englandi myndi maður halda að enskukunnátta Höllu hljóti að vera afburðargóð. Það læðist líka að manni sá grunur að það sé fátt hún tekur sér fyrir hendur sem hún ekki nær afbragðstökum á. Hún er þó lítillát og vill sem minnst um það segja. „Tja, látum það liggja á milli hluta. Ég reyni bara alltaf að vera einni kennslustund á undan krökkunum sem ég kenni.“

> Víkingur er oft að æfa sig á meðan ég er að lesa við skrifborðið, sem er auðvitað voðalega rómantískt, nema þegar við erum ósammála um eitthvað í músíkinni. Þá læt ég hann heyra það.

# inni&úti

LAUGARDAGUR 4. JÚLÍ 2009 *Sumarblað Fréttablaðsins*




## EINS OG HJÁ ÖMMU

Nýtt kaffihús hefur verið opnað í elsta húsi Hafnar í Hornafirði.

SÍÐA 6



## ERÓTÍSKT Í BÚSTAÐINN

Silja Aðalsteinsdóttir mælir með kvikmynd um Molière í sumarbústaðinn.

SÍÐA 2




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Yfir 30 gerðir vandaðra grilla frá Þýskalandi

Grillbúðin www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400













LANDMANN

Opið laugardag til kl. 16



SUMAR

ROALD EYVINDSSON

# Tími tækifæra

Ein af mínum fyrstu minningum tengist íslenskri sveit og sumri. Ég er þriggja ára staddur ásamt foreldrum mínum í Fljótshlíð þaðan sem ég er ættaður. Verið er að hleypa kúm út úr fjósi og ég fylgist í forundran með hvernig þessar furðuskepnur hlaupa ærslafullar um. Ég man að klaufirnar vekja sérstaka athygli og ég spyr móður mínar mína hissa hvernig standi eiginlega á því að beljurnar séu allar í háhæla skóm.

Önnur minning úr sveit er mér ekki síður fersk í minni. Ég er sjö ára á skólaferðalagi úti á landi. Rútan nemur staðar við bæ þar sem ætlunin er að leyfa borgarbörnunum að kynnast lífinu í sveitinni. Um leið og dyrnar að rútunni opnast tekur krakkaskarinn á rás út í náttúruna. Ég elti bekkjarsystkinin inn í hlöðu þar sem við veltum okkur upp úr heyinu. Það er þá sem ég fæ fyrsta verulega slæma hnerrakastið á ævinni. Fyrsta vísinn að frjókornaofnæmi.

> Í fyrsta skipti í langan tíma get ég nú lyktað af túnfífli án þess að hljóta varanlegan skaða af...

Eftir það man ég varla eftir sumri öðruvísi en að ég hafi fundið fyrir nef- og augnrennsli, hnerrakköstum og andþyngslum, kláða í hálsi og almennu sleni meðan þessi árstími gengur yfir. Ég fer að upplifa sumarið sem leiðindatímabil. Á meðan aðrir njóta þess að vera úti að leika, held ég mig innandyra eins og lítil vampíra og leggst í vídeógláp og les bækur. Stephen King er í mestu uppáhaldi. Þegar tekur að hausta kemst lífið í eðlilegan gang.

Það er ekki fyrr en mörgum árum seinna þegar ég fæ skrifað upp á ný ofnæmislyf að lífið tekur stakkaskiptum. Þótt þeim fylgi sama slenið svínvirka lyfin ólíkt öðru sem ég hef áður reynt. Í fyrsta skipti í langan tíma get ég nú lyktað af túnfífli án þess að hljóta varanlegan skaða af og fyrir mér opnast spennandi heimur.



Upp frá því hef ég litið sumarið allt öðrum augum; sem tíma tækifæra til að njóta svo margs í lífinu: útivistar, ferðalaga og skemmtana. Menningarlegir viðburðir eru sóttir í auknum mæli út fyrir borgarmörkin, heimilisverkin tekin af meiri krafti og svona endrum og eins tekinn sprettur í eldhúsinu. Í raun er ekki annað hægt en að nota þennan árstíma til að njóta og nærast, hvílast og hafa það gott. Því ef það er einhvern tímann ástæða til að mæta lífinu með bros á vör er það á sumrin.




**Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson tók mynd í garði Stefáns Svans Aðalheiðarsonar **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir s. 512 5462 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.






Karenu og Guðmundi finnst báðum gaman að vinna í skapandi starfi á vegum ÍTR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skemmtileg sumarvinna

Ungt fólk í skapandi starfi á vegum ÍTR í Miðbæ og Hlíðahverfi hefur fengið það verkefni í sumar að fegra og auðga hverfið sitt með öðrum hætti en að reyta arfa í görðum.

„Við erum að skemmta okkur, vinna saman, læra hópvinnu og kynnast starfi ÍTR," segir Karen Andreassen Þráinsdóttir, fjórtán ára nemandi í Austurbæjarskóla, og jafnaldri hennar, Guðmundur Steinn Gíslason Kjeld, í Háteigsskóla, tekur við: „Við erum búin að vera að auðga hverfið."

Karen og Guðmundur segjast hafa heimsótt eldri borgara í hverfinu og glatt þá með uppákomum og bakkelsi. „Um daginn fórum við í eldri manna blokkirnar rétt hjá Háteigsskóla og vorum með smá skemmtun þar. Þar spiluðum við á hljóðfæri og bökuðum kökur. Ég og vinur minn bökuðum rice krispies-kökur og kryddbrauð," segir Guðmundur og bætir við að hann baki stundum. „Við prjónuðum líka með þeim og unnum í garðinum þeirra," segir Karen.

Krakkarnir segjast hafa haldið skemmtun fyrir leikskólabörn á Klambratúninu á fimmtudaginn. „Við byrjuðum á brúðuleikhúsi. Svo vorum við með leiki, hoppukastala og nesti," segir Karen og er sammála Guðmundi um að börnunum hafi þótt þetta skemmtilegt. „Mér sýndist þau skemmta sér mjög vel," útskýrir Guðmundur.

Guðmundur og Karen segja starfið mjög skemmtilegt en eru þó ekki viss um hvernig þau fengu það. „ÍTR fékk að velja nokkra í skapandi hóp. Félagsmiðstöðin valdi krakka úr hverjum skóla en ég veit ekkert af hverju ég var valin," segir Karen nokkuð undrandi. „Ég var í ráði sem var að vinna að því að gera dagskrána fyrir félagsmiðstöðina uppi í skóla. Mér finnst líklegt að ég hafi fengið starfið vegna þess," upplýsir Guðmundur.

Karen segist hafa unnið sinn síðasta dag og að hann hafi verið í gær en Guðmundur á viku eftir. „Minn síðasti dagur var í gær vegna þess að ég er í áttunda bekk og við vinnum bara þrjár vikur en ég fæ að koma á sýningu með ljósmyndum sem við höfum tekið í vinnunni í næstu viku," segir Karen og Guðmundur grípur orðið. „Ég var hjá pabba á Akureyri fyrstu vikuna og var fastur þar vegna þess að ekkert far fannst til Reykjavíkur og því er ég viku lengur."

Spurð að því hvað taki við þegar starfinu lýkur segist Guðmundur ætla að ferðast innanlands en Karen mun fara til Svíþjóðar, passa og æfa golf sem hún hefur stundað síðustu fjögur ár. „Ég fer í göngu með ömmu minni, Kristbjörgu Kjeld, en við fórum líka saman í fyrra. Svo fer ég líklega til pabba og afa sem búa á Akureyri," segir Guðmundur og Karen heldur áfram: „Ég ætla að vera mánuð í Svíþjóð að passa fyrir bróður minn."

*- mmf*

Í FERÐALAGIÐ

# Spenna og erótík



Silja Aðalsteindóttur bókmenntafræðingur er nýkomin úr skemmtilegri sumarbústaðarferð með barnabörnin. Hún segir það hafa komið sér vel að hafa við hönd nokkrar valinkunnar bækur. „Ég var með tvær í farteskinu, sem teljast kannski ekki heppileg auglýsing fyrir barnabókasérfræðing, en þjónuðu sínum tilgangi. Lísa eða Lotta eftir Erich Kästner og svo Ævintýrasirkusinn eftir Enid Blyton." Hún segir bók Blyton hafa vakið sérstaka kátínu enda á ferðinni sú best skrifaða í bókaflokknum. „Hún stenst ágætlega tímans tönn þótt vissulega þurfi að umorða textann textann fyrir unga lesendur, þar sem þýðingin er sums staðar stirð og stöku orð úrelt."




Þá mælir Silja með tveimur plötum með Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur messósópransöngkonu. „Ég hef verið að hlusta á plötuna Guðrún Jóhanna og Víkingur. Þetta er falleg plata sem ég fæ aldrei nóg af. Á hinni, Mitt er þitt, eru íslensk og spænsk þjóðlög í bland og leikur spænskur eiginmaður Guðrúnar undir." Hún segist sjaldan taka með sér kvikmyndir í ferðalög. „En ef ég ætti að mæla með mynd þá er það nýleg kvikmynd um listamanninn Molière. Þar er hann látinn lenda í ævintýrum sem hann skrifaði um, svo skáldskapur tvinnast saman við ævisögu í mynd sem er fyndin og erótík."

*- rve*



ego dekor
Leðursófasett 503
Fáanlegt í svörtu leðri
3ja sæta
Verð: 159.000,-
Stóll
Verð: 78.000,-
ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 285X165
Fáanlegur í svörtu leðri
Verð: 289.000,-
ARAN leðurtungusófi
Fáanlegur í svörtu leðri
Stærð: 275X175
Verð: 235.000,-
VISION leðursófasett
Fáanlegt í svörtu og hvítu leðri
3ja sæta
Verð: 169.000,-
Stóll
Verð: 85.000,-
MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM SÓFUM
COMFORT sófasett
2ja sæta
Verð áður:
112.000,-
Verð nú:
89.600,-
3ja sæta
Verð áður:
123.000,-
Verð nú:
98.400,-
-20%
-20%
ROCKPORT tungusófi
Fáanlegur í 2 litum
Stærð: 320X165
Verð áður:
249.000,-
Verð nú:
199.200,-
-20%
MOON tungusófi
Stærð: 295cmX162cm
Eingöngu fáanlegur
í ljósum lit
Verð áður:
215.000,-
Verð nú:
172.000,-
EAST COAST tungusófi
Fáanlegur í 2 litum
Stærð:260X180
Verð:
187.000,-
LUND tungusófi
Stærð: 232X160
Verð:
158.000,-
-25%
MORRIS tungusófi
Stærð: 260cmX180cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður: 209.000,-
Verð nú:
156.750,-
Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun lokað - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

# Um að vera …

## LEIÐSÖGN UM SÝNINGU

Sýningarstjóraspjall verður í Ásmundarsafni á morgun, sunnudag. Þar verður Sigríður Melrós Ólafsdóttir, sýningarstjóri Rím í Ásmundarsafni, með leiðsögn um sýninguna klukkan 14. Yfirskrift sýningarinnar, Rím, vísar til þess skyldleika sem finna má í verkum íslenskra samtímalistamanna við mörg verka myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar. Sérstök athygli er vakin á að mörg verkanna höfða til yngri kynslóðarinnar. Auk Sigríðar Melrósar er Ólöf K. Sigurðardóttir sýningarstjóri en fjölmargir samtímalistamenn sýna verk sín á sýningunni. Ásmundarsafn er opið daglega frá klukkan 10 til 16 og er aðgangur ókeypis.





## TÓNLEIKARÖÐ HEFST

Fyrstu tónleikarnir í tónleikaröðinni Kvöldtónar á Akureyri verða haldnir í Lögmannshlíðarkirkju mánudagskvöldið 6. júlí næstkomandi klukkan 20.30. Á efnisskránni eru: flautukvartett í C-dúr eftir W.A. Mozart, Just a Touch of Armadillo eftir Árna Egilsson, Ótta eftir Skúla Halldórsson og þrjú smáverk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Flytjendur eru Petrea Óskarsdóttir á flautu, Lára Sóley Jóhannsdóttir á fiðlu, Eydís Úlfarsdóttir á víólu og Ásdís Arnardóttir á selló. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.



## LISTASMIÐJA OG BÍÓ

Dagskráin á 101 Tokyo er enn ótæmd, enda stendur hátíðin yfir í Norræna húsinu til 13. júlí. Í dag, laugardaginn 4. júlí, stendur til boða listasmiðja fyrir börn frá klukkan 9.30 til 12.30 þar sem tekin eru fyrir japönsk rými og íslensk form. Á morgun er síðan sunnudagsbíó frá klukkan 16 til 18 þar sem sýnd verður myndin Kikujiro frá árinu 1999 eftir Takeshi Kitano en myndin fékk Gullpálmatilnefningu í Cannes sama ár.

## GOSLOKAHÁTÍÐ Í EYJUM

Fyrstu helgina í júlí halda Eyjamenn goslokahátíð þar sem goslokanna 3. júlí 1973 er minnst en Heimaeyjargosið hófst 23. janúar sama ár. Goslokahátíðin er haldin árlega en fimmta hvert ár er sérstakt afmælisár og er þá haldið veglega upp á þessi tímamót. Núna um helgina eru 36 ár liðin frá lokum gossins í Heimaey og er goslokahátíð þessa árs þegar hafin. Í fyrradag var grillað heilt naut og létu menn vel af matnum, sem kokkarnir Einar (öðru nafni Einsi kaldi) og Gunnar framreiddu. Nánari dagskrá má finna á www.vestmannaeyjar.is.





**Sólveig byggir sýninguna á skemmtilegum minningum úr bernsku sinni og kynnir nýja hluti og hugmyndir í eigin listsköpun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Minningarbrot úr bernsku

● Sólveig Hólmarsdóttir opnaði í gær sýninguna Bernskubrot í listasal Iðuhússins. Þar gefur að líta leirlistaverk er endurspegla minningar hennar og einkennast af barnslegri gleði.

„Sýningin byggist á brotum úr bernsku minni en fram að þessu hef ég verið að gera mósaíkverk í formi álfa og ýmissa kynjavera. Á þessari sýningu er ég hins vegar ekki með mósaík heldur er ég að koma fram með nýja hluti,“ segir Sólveig Hólmarsdóttir listakona sem opnaði í gær einkasýningu í listasal Iðu-hússins.

„Þar sem ég er að brjótast út með nýja hluti þá vil ég hafa þá skemmtilega þannig að sköpunin eflist. Því ákvað ég að gera sýningu byggða á minningarbrotum úr bernsku minni og fór þá leið að hafa þarna allt sem mér þótti skemmtilegast sem krakki,“ segir Sólveig einlæg.

Verkin eru fígúratív leirlistaverk. „Þetta eru skúlptúrar úr leir og glerungi og eru þeir allir hvítir og svartir nema stundum með einum lit í. Þetta eru mínar minningar, skemmtilegustu brotin úr fortíðinni, en sýningin fæddist fyrir nokkrum mánuðum þegar ég var sjálf að breytast,“ útskýrir hún og bætir við: „Ég feta nýjar slóðir og fer meira út í líkamann. Á meðan breytingarnar eru að eiga sér stað vil ég vinna með eitthvað skemmtilegt eins og bernskubrotin.“



Fígúrurnar eru naktar með þjóðlegt höfuðfat.

Undanfarin ár hafa verk Sólveigar einkennst af óræðum fígúratívum formum úr heimi álfa og furðuvera. Á þessari sýningu leitar listakonan meira til upprunans þar sem tilfinningar og minningar skipta meginmáli. „Ég er komin meira í manneskjuna og er að túlka minningarnar. Samt er alltaf ævintýrablær í verkum mínum en í þetta sinn eru verkin kannski meira tengd sjálfri mér.“

Sólveig lauk námi frá listaháskólanum Escola Massana í Barcelona árið 1998, fór því næst heim til Íslands og svo til Bandaríkjanna þar sem hún sýndi í galleríum í Chicago. „Síðan fór ég heim aftur og starfa ég alfarið við listina. Ég er með vinnustofu á Korpúlfsstöðum og þar er mjög gott að vera,“ segir hún ánægð.

Sýningin er opin alla daga frá klukkan 9 til 22 fram til 16. júlí og verður listakonan á staðnum um helgar. „Ég reyni að vera þarna með annan fótinn. Mér finnst skipta máli að gestir eigi þess kost að hitta listamanninn og gaman er að segja frá þessum persónulegu verkum sem hafa veitt mér mikla gleði. Þau eru barnslega einlæg og vonast ég til að hrífa aðra með mér,“ segir Sólveig. *- hs*




ÉG ER KLIKKAÐUR Í COCOA PUFFS OG ÍSÖLD 3
Cocoa Puffs®
SUMARLEIKUR
COCOA PUFFS
NÚ FYLGIR LUKKUNÚMER ÖLLUM SELDUM COCOA PUFFS PÖKKUM. SLÁÐU LUKKUNÚMERIÐ ÞITT AF COCOA PUFFS PAKKANUM INN Á WWW.COCOAPUFFS.IS OG ÞÚ FÆRÐ AÐ VITA UM LEIÐ HVORT ÞÚ HAFIR UNNIÐ EINN AF FJÖLMÖRGUM VINNINGUM Í BOÐI.
PLAYSTATION 3 LEIKJATÖLVA
10 PLAYSTATION 3 LEIKIR
10 PLAYSTATION 2 LEIKIR
FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN
15 ÁRSKORT Í HÚSDÝRAGARÐINN
50 ICE AGE 1 DVD DISKAR
50 ICE AGE 2 DVD DISKAR
ÍSÖLD 3 RISAEÐLURNAR ROKKA!
250 ICE AGE 3 BÍÓMIÐAR
2400 ICE AGE BLÝANTSHÖFUÐ
ÍSÖLD 3 RISAEÐLURNAR ROKKA!
LEIKUR
Cocoa Puffs
Skafið hér
Farðu inn á www.cocoapuffs.is og gáðu hvort þú hafir unnið.
Cocoa Puffs
great Chocolatey taste!
465g (16.4oz)



Stefán heldur mikið upp á bambusstólinn í stofunni, þrátt fyrir að vinum hans þyki hann ljótur.



Stefán Svan situr við eldhúsborðið heima hjá sér á Þórsgötunni og vinnur í tölvunni. Í kringum hann má sjá marga af þeim fjölmörgu hlutum sem hann hefur sankað að sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Svanir, mörgæsir og hreindýr í stofunni

Stefán Svan Aðalheiðarson, fatahönnuður, starfsmaður í GK og áhugamaður um svani, býr í lítilli og fallegri risíbúð á Þórsgötunni í miðbæ Reykjavíkur.



Stefán Svan elskar svani.

Í notalegri risíbúð á Þórsgötunni hefur fatahönnuðurinn og námsmaðurinn Stefán Svan Aðalheiðarson hreiðrað um sig. „Ég keypti þessa íbúð fyrir fjórum árum og sé ekki eftir því, enda hefur alla tíð verið afar góður andi hérna,“ segir Stefán. Hann hefur þó gert andann enn betri og íbúðina smám saman að sinni. „Ég er búinn að skipta ýmsu út. Meðal annars er ég búinn að setja upp nýja eldhúsinnréttingu og skipta um gólfefni. Íbúðin var sko ekki svona smart þegar ég keypti hana,“ segir Stefán og hlær eins og marbendill.

Þrátt fyrir að hafa gert töluverðar endurbætur á heimilinu féll Stefán ekki í minímalísku 2007-gryfjuna heldur er íbúðin persónuleg og litrík. Svanahópur í glugganum vekur strax athygli gestsins. „Ég er sjúkur í svani, enda er ég sjálfur svanur. Svo finnst mér þeir bara svo fallegir. Nú eru mínir nánustu farnir að gefa mér svani við öll tækifæri svo ég á vonandi eftir að eiga þúsund stykki þegar ég verð gamall maður.“

Og dýrgripirnir eru fleiri á heimili Stefáns. Veggina prýða listaverk eftir vini hans og svo á hann tvo forláta eldhússtóla sem koma úr búi ekki ómerkari manns en Vilhjálms Vilhjálmssonar tónlistarmanns. „Vilhjálmur leigði íbúð af manneskju sem tengist mér og skildi þessa stóla eftir þegar hann fór. Svo enduðu þeir hjá mér og mér þykir voðalega vænt um þá.“

Stefán líkir lífinu á Þórsgötunni við það að búa í litlu þorpi úti á landi. „Hér í götunni þekkja allir alla. Allir eru vinalegir og góðir hver við annan. Svo er gatan svo róleg að maður gleymir því næstum að maður búi alveg í miðbænum.“ *- hhs*



Ís eftir myndlistarkonuna Söru Riel.



Græna ljósabarnið lýsir upp skenkinn og af því stafar fagurgrænni birtu.



Það fer vel um svaninn og bambann.





**VOLCANO OPEN**-golfmótið stendur yfir í Vestmannaeyjum þessa dagana. Um 240 kylfingar taka þátt í mótinu, sem er eitt það stærsta á landinu. Í Eyjum stendur einnig yfir Goslokahátíð um helgina þar sem margt er um að vera.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



*Veiðiferð fjölskyldunnar*

**TANGAVATN**

Upplýsingar og sala veiðileyfa að Galtalæk II, sími 861 6528

Gisting í smáhýsum

**Opið flesta daga ársins**





**TIL SÖLU** 135 mm þykkar límtréseiningar og annað efni í fullbúinn 99 ferm. sumarbústað (án innréttinga) Finnskt gæðaefni

**uppl. í síma 896-0423**




Valdimar á margar góðar stundir í garðinum sínum. Um helgina ræktar hann annan garð við sumarbústað sinn í Húsafelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Dýrðarstaður jarðar

**Valdimar Örnólfsson nýtur náttúrunnar í Húsafelli um helgina en næstu helgi stefnir hann upp á hálendið, nánar tiltekið í Kerlingarfjöll þar sem hann ætlar að dvelja ásamt fjölskyldu sinni í húsinu Valdastól.**

„Það stendur til að fara upp í Húsafell þar sem við konan mín eigum sumarbústað sem við byggðum á gamals aldri. Við fengum lítinn skika og byggðum bústað í mjög notalegu rjóðri. Þar er yndislegt að vera auk þess sem svæðið býður upp á mikla útivist,“ segir Valdimar Örnólfsson íþróttafrömuður um helgarplön sín.

Þó að ferðin í Húsafell sé tilhlökkunarefni vill hann þó heldur segja frá því sem hann ætlar að gera næstu helgi. „Þá ætla ég í Kerlingarfjöll að fylgjast með starfseminni þar og líta eftir gamla skíðaskólanum mínum sem er nú hættur,“ segir Valdimar sem rak ásamt fleirum geysivinsælan skíðaskóla í Kerlingarfjöllum í fjöldamörg ár sem lognaðist út af vegna snjóleysis. Hann á þó enn lítið hús í fjöllunum þar sem hann dvelur annað veifið með konu sinni og fjölskyldu. „Húsið heitir Valdastóll og vísar bæði til nafnsins míns og kannski þeirrar stöðu sem ég gegndi hér áður sem skólastjóri skíðaskólans,“ segir Valdimar glaðlega. Hann segir gaman að fylgjast áfram með þróun og uppbyggingu svæðisins. „Nú er til dæmis verið að setja nýja rafstöð eða vatnsaflsstöð í staðinn fyrir þá gömlu. Það eru mikil forréttindi fyrir staðinn að geta unnið rafmagn úr bæjarlæknum,“ segir Valdimar, sem rak skíðaskólann frá árinu 1963 og var aðstaðan byggð upp hægt og rólega. Í upphafi var þar aðeins gamli skáli Ferðafélags Íslands en með tímanum voru byggð ein sautján hús í Kerlingarfjöllum sem mynda nokkurs konar smáþorp inni á miðju hálendi.

„Skólinn starfaði allt til ársins 2000 og flest sumrin var maður þarna því sem næst allan tímann, frá júníbyrjun til ágústloka,“ segir Valdimar, sem telur að um fimmtíu þúsund manns hafi lært á skíði í skólanum á þessum fjörutíu árum. „Það er ekki lítið innlegg í heilsuræktarsjóð þjóðarinnar,“ segir Valdimar, sem á enn dálítinn hlut í fyrirtækinu sem sér um starfsemina í dag. „Ég styð það eins vel og ég get en annars eru það ungir og drifmiklir menn sem eru að byggja þetta upp.“

Inntur eftir því hvað hann geri sér til dundurs í fjöllunum svarar hann: „Þá fer ég í fjöllin og hef skíðin með mér, labba eins hátt og ég get og renni mér og hef svakalega gaman af. Svo er ég í stöðugu sambandi við túristana, rabba við þá og syng kannski með þeim á kvöldin,“ segir Valdimar og bætir við að sér þyki Kerlingarfjöllin einhver dýrðlegasti staður á jörðinni.

*solveig@frettabladid.is*





**Dúnmjúkar**

BRÚÐARGJAFIR

*Gefðu íslenska hönnun*

Sængurfatnaðurinn hjá Lin Design er ofinn úr bómullardamask og er því mjúkur, vandaður og sérstaklega fallegur. Yfir 30 tegundir af íslenskum sængurfatnaði til brúðargjafa.

Lin DESIGN

Laugavegi 176
Sími 533 2220
www.lindesign.is



**SUMARHÚS OG FERÐALÖG**




SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 • 110 Reykjavík • 577 1515 • skorri.is • Opið virka daga frá kl. 8.15 til 17.30

**HALLGRÍMSKIRKJUTURN** er í viðgerð. Samt sem áður er hægt að fara upp í hann og virða fyrir sér útsýnið yfir borgina. Opið er í turninn alla daga í sumar frá 9 til 20 og kostar 400 krónur fyrir fullorðna og 100 krónur fyrir börn 7 til 14 ára.



ALLT FYRIR ÚTIHÁTÍÐINA OG PARTÝIÐ




Pantanir: www.hafnarsport.is og 661 3700

TÍU ÞÚSUND FINGUR



Meira en tíu þúsund fingur hafa leikið fagra tónlist á þetta píanó, síðan það kom í Húsið á Eyrarbakka, árið 1871. Það var flutt á seglskipi til landsins, í árabáti upp í fjöru, þaðan sem fjórir menn báru það heim í grenjandi rigningu. En þú getur snert það núna í Húsinu á Eyrarbakka.



HÚSIÐ Á EYRARBAKKA

Söfnin við Suðurströndina

Opið alla daga frá 15. maí til 15. sept. milli kl 11 - 18. Á öðrum tímum eftir samkomulagi.
sími 483 1504 | husid@husid.com | www.husid.com

# Milliliðalaust grænmeti

**Á Garðyrkjustöðinni Engi í Bláskógabyggð verða haldnir bændamarkaðir um helgar í sumar. Þar má kaupa lífrænt grænmeti og kryddjurtir beint frá bónda og jafnvel fá lífrænan ís.**

„Þetta verður í fyrsta sinn sem við höldum opinn markað um helgi,“ segir Ingólfur Guðnason, garðyrkjubóndi á Engi í Bláskógabyggð, sem heldur lífrænan bændamarkað á Engi í dag og sunnudag frá klukkan 12 til 18. Ætlunin er að vera með slíkan markað allar helgar í júlí og ágúst.

Ingólfur hefur í 25 ár starfað við garðyrkju á Engi ásamt fjölskyldu sinni . Í gegnum árin hefur tíðkast að fólk komi við og kaupi grænmeti. „Þetta var orðið svo vinsælt að við ákváðum að vera með fasta afgreiðslutíma til að auðvelda fólkinu og okkur lífið,“ segir Ingólfur en á markaðnum má nálgast góðgæti á borð við kál, rófur, spergilkál, hvítkál, grænkál og alls kyns kryddjurtir. „Svo erum við með klettasalat og ýmsar tegundir af austurlensku grænmeti sem eru að koma á markað nú í fyrsta skipti,“ segir hann og bætir við að tegundir eins og gúrkur og tómatar, sem þau rækti ekki sjálf, komi frá garðyrkjubændum í nágrenninu sem séu með lífræna ræktun.

Markaðurinn verður inni í notalegum gróðurskála þar sem ávaxtatré vaxa. Þar getur fólk fengið sér sæti, virt fyrir sér gróðurinn og gætt sér á jurtatei eða ís en væntanlega verður á boðstólum lífrænn ís frá Bíóbúi. „Við reynum að halda verðinu niðri með því að fá kúnnann til okkar og svo er líka jákvætt að kaupa beint frá bónda,“ segir Ingólfur, sem telur vaxandi áhuga gæta á grænmeti hjá Íslendingum. „Fólk kemur til að fá upplýsingar um ræktun grænmetis og svo höfum við verið að selja gríðarlega mikið af kryddjurtum sem hafa verið gróðursettar í garða,“ upplýsir hann og telur markaðinn auka forvitni fólks og kynni af grænmeti.



Steingerður Sunna Hrafnsdóttir með girnilegt grænmeti sem verður í boði á bændamarkaði á Engi allar helgar í sumar.

*solveig@frettabladid.is*




4ra rétta tilboð

*og nýr A la Carte*

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·
· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
* EÐA *
· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
· **Skyr “Tonka crème brûlée”** með karamelluís ·

6.890 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

Glas af eðalvíni

**Barolo „Ornato“ 2004** | Ítalía.
**Chablis Grand Cru „Les Clos” 2005** | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.

*Sjá nánar á perlan.is.*

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

# Hamingja ríkir í heimabyggð

**Óhætt er að segja að skipuleggjendur Hamingjudaga á Hólmavík fari ótroðnar slóðir í vali á skemmtiatriðum í ár, þar sem spámiðill, dávaldur og skítkast koma meðal annars við sögu.**

„Við ákváðum, að undirlagi heimamanna, að prófa eitthvað öðruvísi að þessu sinni. Til marks um það höfum við meðal annars fengið til okkar spámiðil sem mun spá beint af útsiviðinu og svo dávald, sem ætlar á sama tíma að bjóða upp á bowen og heilun,“ segir Kristín Sigurrós Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Hamingjudaga á Hólmavík, sem eru nú haldnir í fimmta sinn dagana 2. til 5. júlí, og lofar fjölbreyttri skemmtidagskrá.

Eitt af því sem vekur sérstaka athygli er svokallað Hamingjuhlaup frá Drangsnesi á Hólmavík sem Stefán Gíslason, umhverfisfræðingur í Borgarnesi og fyrrverandi sveitarstjóri á Hólmavík, stendur fyrir á laugardagsmorgun klukkan 10.03. „Stefán, sem er reyndur maraþonhlaupari, ætlar sjálfur að hlaupa þessa vegalengd sem er hvorki meira né minna en 35 kílómetrar. Hann býður svo þeim sem vilja að hlaupa með sér alla leiðina eða hluta hennar,“ útskýrir Kristín.

Þá ætlar fjöldi þjóðþekktra tónlistarmanna að heiðra hátíðargesti með nærveru sinni. „Svo sem Svavar Knútur, Helgi Valur og Árstíðirnar sem eru á tónleikaferðalagi um landið. Gunnar Þórðarson, sem er gamall Hólmvíkingur, og svo KK og Maggi Eiríks. Það er mikill fengur að þessum listamönnum. Annars er þorri tónlistaratriða borinn uppi af heimamönnum sjálfum, tónlistarfólki á öllum aldri. Til dæmis er metþátttaka í söngkeppni krakka,“ bendir Kristín á og lofar mikilli tónlistarveislu um helgina.

Að hennar sögn verða svo vinsælir viðburðir á sínum stað, svo sem sjóstangaveiði, kassabílarall og kökuhlaðborð í Hvamminum sem heimamenn bjóða í. Hamingjudögum lýkur síðan með viðburði, sem sumir telja jafnframt hápunkt hátíðarinnar, svokölluðum Furðuleikum sem hefjast í Sauðfjársetrinu á Sævangi klukkan 13 á sunnudag.

„Þá verður keppt í óvenjulegum íþróttagreinum, fótbolta með trjónum, öskri, girðingarstaurakasti og skítkasti,“ segir Kristín og viðurkennir að hún kvíði svolítið fyrir því síðastnefnda, þar sem hefð hefur skapast fyrir því að framkvæmdastjóri Hamingjudaga sé hafður að skotspæni.

*roald@frettabladid.is*



Hamingjudagar á Hólmavík eru vinsæl bæjarhátíð, ekki síst meðal fjölskyldufólks, enda jafnan eitthvað í boði fyrir börn og fullorðna.
MYND/SAUÐFJÁRSETRIÐ Á SÆVANGI



Sumir telja Furðuleikana hápunkt hátíðarhaldanna en þá er keppt í alls kyns furðulegum íþróttum, svo sem girðingarstaurakasti, öskri og svo skítkasti. Hefð er fyrir því að framkvæmdastjóri Hamingjudaga sé hafður að skotspæni í þeirri viðureign.



Keppnisandinn verður mikill á Egilsstöðum eins og sést á þessum ungu stúlkum sem unnu til verðlauna í fyrra.
AUSTURGLUGGINN/GUNNAR

# Hátindur sumarsins

**Sumarhátíð Ungmenna- og Íþróttasambands Austurlands verður haldin hátíðleg um helgina á Egilsstöðum.**

Íþróttir verða í hávegum hafðar á sumarhátíðinni og verður margt í boði fyrir alla aldurshópa eins og sundmót, víðavangshlaup og skemmtiskokk.

Stefán Bogi Sveinsson, framkvæmdastjóri UÍA, segir hátíðina hátind sumarsins í íþróttalífi á Austurlandi en viðamikið frjálsíþróttamót verður haldið alla helgina á Vilhjálmsvelli. Þar verður einnig haldin hátíðardagskrá þar sem hlauparar í friðarhlaupinu munu meðal annars koma við.

Einnig verður haldið golfmót og knattspyrnumót fyrir börnin.

Í fyrsta sinn verður opið bocciamót haldið og geta allir áhugasamir tekið þátt en hingað til hafa einungis fatlaðir getað verið með.

Svo mun hljómsveitin Dísel leika fyrir dansi á tjalddansleik í Selskógi í kvöld en tjaldsvæðið verður opið alla helgina. *- hds*







Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–80 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 - apríl 2009.

# Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

## Lestur á höfuðborgarsvæðinu







**Allt sem þú þarft...**

# ATVINNA

Sölufulltrúar Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426 Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441


VERKTAKAR MAGNI

**Vantar vanan vélamann til starfa strax.**
**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100**

ÓSKUM EFTIR VÖNUM ÚTHRINGJARA.
VEL LAUNAÐ STARF.

Vinnutími 3-4 kvöld í viku frá kl 18-22 (samkomulag).
Miklir tekjumöguleikar. Þægileg vinnuaðstaða.
Æskilegur aldur 30 – 60 ára.

**Nánari upplýsingar gefa**
**Samúel s. 8970948, Eiríkur s. 8227303.**

**MONTESSORI**

Vantar Montessori kennara eða manneskju með reynslu í Montessori stefnunni í 60% starf.
Þarf að geta hafið störf í lok ágúst/byrjun september.

**Umsókn með ferilskrá óskast sent á skoli@montessori.is**

Landsvirkjun

# FORSTJÓRI

Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi, fyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar.
Landsvirkjun styðst í starfi sínu við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála.
Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.
Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

Stjórn Landsvirkjunar auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra Landsvirkjunar. Forstjóri Landsvirkjunar hefur það hlutverk að framfylgja stefnu stjórnar Landsvirkjunar og gæta hagsmuna fyrirtækisins í hvívetna.

**Starfssvið**
- Stefnumótun og markmiðasetning
- Áætlana- og samningagerð
- Stjórn á daglegum rekstri
- Seta í stjórnum dóttur- og hlutdeildarfélaga
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla á sviði fjármála
- Skilvirkni í eftirfylgni stefnumótunar
- Þekking á og reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Við leitum að
## lögfræðingi, starfsmannastjóra og rekstrarstjóra

**Skeljungur óskar eftir að ráða lögfræðing, starfsmannastjóra og rekstrarstjóra á neytendasvið til starfa. Um er að ræða ný og spennandi störf í góðu vinnuumhverfi.**

### Lögfræðingur
**Starfssvið:**
- Aðstoð við samningagerð félagsins við viðskiptamenn og birgja
- Samskipti við eftirlitsstofnanir og aðra opinbera aðila
- Samskipti við sveitarstjórnir vegna lóðamála
- Fjölbreytt verkefni tengd málefnum félagsins og dótturfélögum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistarapróf í lögfræði (5 ára nám)
- Að minnsta kosti tveggja ára starfsreynsla
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

### Starfsmannastjóri
**Starfssvið:**
- Stefnumótun á sviði mannauðsmála
- Umsjón með ráðningum, launamálum og starfsþróun
- Fræðslumál og upplýsingagjöf
- Fjölbreytt verkefni sem krefjast mikilla samskipta við starfsmenn og stjórnendur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála æskileg
- Reynsla af mannauðsmálum og starfsmannastjórnun
- Frumkvæði, metnaður og miklir samskiptahæfileikar

### Rekstrarstjóri á neytendasviði
**Starfssvið:**
- Umsjón með rekstri eigin rekinna stöðva og önnur rekstrarumsjón
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Stjórnun og samskipti
- Samningagerð og kostnaðareftirlit
- Þátttaka í stefnumótun
- Starfsmannamál

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun
- Reynsla og þekking á neytendamarkaði
- Góð rekstrar- og markaðsþekking
- Frumkvæði, metnaður og miklir samskiptahæfileikar
- Markmiða- og árangurssækni

**Umsóknir** berist fyrir **17. júlí nk.** á tölvupósti á eitt af eftirfarandi netföngum:

**logfraedingur@skeljungur.is**
**starfsmannastjori@skeljungur.is**
**rekstrarstjori@skeljungur.is**

Einnig er óskað eftir **útprentuðu eintaki** af ferilskrá í pósti á:

**Skeljungur hf.**
**Auglýst störf - „starfsheiti“**
**Hólmaslóð 8**
**101 Reykjavík**

Skeljungur er þjónustu- og verslunarfyrirtæki með starfsemi á um 100 stöðum á landinu. Skeljungur leggur áherslu á að starfsfólk nýti hæfileika sína í daglegum störfum, hafi ánægju af starfi sínum og taki virkan þátt í að móta vinnuumhverfið. Markmiðið er að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki þar sem áhersla er lögð á markviss vinnubrögð og skýra ákvarðanatöku. Fjöldi starfsmanna er um 300.

ENNEMM / SÍA / NM38458

Skeljungur

Tálknafjörður er skjólgóður, lygn og gróðursæll fjörður miðja vegu á milli Arnarfjarðar og Patreksfjarðar, einungis 401 km. frá Reykjavík.

Fjölbreytt mannlíf er á Tálknafirði, gott félagslíf, íþróttamannvirki eins og þau gerast best og ekki má gleyma Pollinum.

Í kauptúninu búa um 300 manns.

Ef þig langar til að starfa í metnaðarfullum skóla við góðar aðstæður og með góðan starfsanda þá er Grunnskólinn á Tálknafirði skólinn fyrir þig.



# GRUNNSKÓLI TÁLKNAFJARÐAR

Við skólann eru lausar til umsóknar stöður kennara fyrir skólaárið 2009 til 2010 í eftirtöldum greinum:

- Náttúrufræði og umhverfismennt
- Upplýsinga- og tæknimennt
- Heimilisfræði
- Íþróttir
- Listgreinar

**Umsóknarfrestur er til og með 19. júlí 2009.**
**Ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst n.k.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ. Umsókn og ferilskrá skulu sendar á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Miðtún 1, 460 Tálknafjörður.

Einnig má senda umsóknir í tölvupósti á netfangið: oddviti@talknafjordur.is
Ekki þarf að nota sérstök umsóknareyðublöð.
**Öllum umsóknum verður svarað.**

*Upplýsingar um störfin veita skólastjóri Trausti Þór Sverrisson í síma 456-2537, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti Tálknafjarðarhrepps í síma 456-2539 / 863-5676 og Guðlaug S. Björnsdóttir, formaður skólanefndar í síma 862-2723.*

NORMI Vélsmiðja
Sími +354 565 8822
Fax +354 565 8777
Veffang : normi.is Netfang : normi@normi.is

NORMI EHF VOGUM VATNSLEYSUSTRÖND:

## JÁRNIÐNAÐARMENN

Viljum ráða málmiðnaðarmenn
og menn vana járniðnaði.
Verkefnastaða meðal annars:

Svartsengi fyrir Hitaveitu Suðurnesja
Við Sigölduvirkjun fyrir Landsvirkjun
Í Vogum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

**Mikil vinna - Upplýsingar á netinu www.normi.is (sækja um starf) og í síma 8979743 og 8979741**

## STRANDABYGGÐ AUGLÝSIR !

Grunn- og Tónskólinn á Hólmavík auglýsa eftirfarandi stöður lausar til umsóknar frá 1. ágúst 2009.

**STAÐA TÓNLISTARKENNARA.** Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi reynslu af dægurtónlist og hljómsveitarstarfi og geti kennt á fjölbreytt hljóðfæri.

**STAÐA ÍÞRÓTTAKENNARA.** Til staðar er glæsilegt nýtt íþróttahús og ný sundlaug.

**STAÐA STUÐNINGSFULLTRÚA.** Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi háskólamenntun sem nýtist í starfi, uppeldismenntun eða reynslu af starfi með börnum með sérþarfir. Um er að ræða heila stöðu en hugsanlegt er að skipta starfinu milli tveggja einstaklinga.

Umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 15. júlí og skal umsóknum skilað á skrifstofu Strandabyggðar, Hafnarbraut 19 Hólmavík.

**Nánari upplýsingar veita:**
Kristján Sigurðsson skólastjóri í síma 896 – 9529 eða Bjarni Ómar Haraldsson aðstoðarskólastjóri síma 892 – 4666

# LAUSAR STÖÐUR



## Vísindamaður (Postdoctoral Scientist)

Erfðarannsóknarsvið Íslenskrar erfðagreiningar leitar að vísindamanni sem nýlega hefur lokið doktorsnámi og hefur áhuga á að sérhæfa sig í erfðafræði algengra sjúkdóma.

**STARFSLÝSING**
Starfið felst í meingenaleit sjúkdóma, þar sem tvinnaðar eru saman aðferðir sameindalíffræði, erfðafræði og lífefnafræði. Unnið er í hópum í nánni samvinnu við aðrar deildir fyrirtækisins sem og stofnanir og háskóla í Bandaríkjunum og Evrópu. Einstaklingar með þekkingu á rannsóknum á miðtaugakerfissjúkdómum, geðsjúkdómum og fíkn eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

**HÆFNISKRÖFUR**
Háskólapróf (Ph.D. eða MD.) í sameindalíffræði, lífefnafræði, læknisfræði eða skyldum greinum. Við leitum að sjálfstæðum og samviskusömum einstaklingi sem sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér nákvæm og öguð vinnubrögð. Góð enskukunnátta er skilyrði.

**UMSÓKNIR**
Íslensk erfðagreining býður mikla möguleika á starfsþróun og símenntun, og starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda.

Umsækjendur eru beðnir um að skila umsóknum á umsóknarvef á heimasíðu Íslenskrar erfðagreiningar (www.decode.is). Afrit af prófskírteinum skulu send til: Starfsmannaþjónustu, Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar um störfin má fá á heimasíðu ÍE, eða hjá Sigríði E. Guðlaugsdóttur, starfsmannastjóra, í síma 570 1900 eða (careers@decode.is).**

## Sérfræðingur í Tölfræðideild

Tölfræðideild Íslenskrar erfðagreiningar leitar að sérfræðingi í tölfræði, stærðfræði eða lífupplýsingafræði (bioinformatics).

**STARFSLÝSING**
Starfið felst í tölfræðilegri úrvinnslu gagna í tengslum við sjúkdómaverkefni og þróun nýrra tölfræðiaðferða við þá úrvinnslu. Vinnan felst meðal annars í útreikningum á sambandi stakra erfðamarka og haplótýpa við svipgerðir, arfgengi og erfðafræðilegri áhættu skyldmenna, tengslagreiningu, tengslaójafnvægi, samverkandi áhrifum milli sjúkdómsgena og erfðum magnbundinna eiginleika.

Starfsmenn á tölfræðisviði koma einnig að gæðastjórnun á framleiðslu gagna, sem og undirbúningi einkaleyfaumsókna og vísindagreina til birtingar í alþjóðlegum vísindatímaritum. Að mestu er unnið í Linux stýrikerfi með forritum sem þróuð hafa verið innan deildarinnar.

**HÆFNISKRÖFUR**
Háskólapróf MSc eða Ph.D. gráðu í tölfræði, stærðfræði, lífupplýsingafræði eða skyldum greinum. Þekking á skeljaforritun og forritun í C++, C, S-Plus/R, Python og Perl er mikill kostur.

Við leitum að sjálfstæðum og samviskusömum einstaklingi sem sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér nákvæm og öguð vinnubrögð. Góð enskukunnátta er skilyrði.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING
Sturlugata 8 101 Reykjavík s.570 1900 www.decode.is

E&S
Design and Consultancy Ltd.

Vantar menn í eftirtalin störf:

· Tæknifræðing ·
· Verkfræðing ·
· Bormenn ·
· Sprengjumenn ·
· Tækjamenn ·

**Reynsla af jarðgangagerð skilyrði.**

Sendið nafn, símanúmer og upplýsingar til jorundsson@gmail.com
**· Öllum fyrirspurnum verður svarað ·**

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar
www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Á Nýsköpunarmiðstöð eru jafnframt stundaðar hagnýtar rannsóknir og unnið að tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.

Fab Lab (Fabrication Laboratory) er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðja Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Vestmannaeyjum er samstarfverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar og MIT háskólans í Bandaríkjunum.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

# Sérfræðingur í stafrænni framleiðslutækni

Nýsköpunarmiðstöð Íslands auglýsir stöðu sérfræðings með starfsaðstöðu í Fab Lab smiðjunni í Vestmannaeyjum.

**Starfssvið**

Verkefni á sviði frumgerðasmíði, kennslu, þróunar og ýmiss konar nýsköpunarverkefna í samstarfi við fyrirtæki, nemendur og frumkvöðla.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og dugnaður
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af verkefnastjórnun og forritun.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Frosti Gíslason, frosti@nmi.is.

Nánari upplýsingar um Fab lab smiðjuna eru á www.fablab.is.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Umsóknum skal skila fyrir 21. júlí n.k. merktum:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
b.t. Frosta Gíslasonar
Bárustíg 1
900 Vestmannaeyjum

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • Fax 522 9111 • www.nmi.is

Auglýsingasími
512 5050




– Mest lesið

LAUST STARF HJÁ NÝJA KAUPÞINGI BANKA HF.

# Aðstoðar-útibússtjóri á Hellu

Við leitum að öflugum einstaklingi til að gegna hlutverki aðstoðarútibússtjóra á Hellu. Við viljum fá til liðs við okkur aðila sem hefur metnað til að ná árangri í starfi og vilja til að vinna að uppbyggingu bankans.

## HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐARSVIÐ ERU:

- Staðgengill útibússtjóra
- Þátttaka í stefnumótun og daglegri stjórnun útibúsins
- Mat og ákvarðanataka varðandi lánamál til einstaklinga og fyrirtækja
- Víðtæk fjármálaráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja

## HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf sem nýtist í þessu starfi
- Reynsla af störfum í fjármálafyrirtæki er æskileg
- Stjórnunarreynsla
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

## VIÐ BJÓÐUM:

- Krefjandi verkefni í hópi kraftmikils samstarfsfólks
- Gott starfsumhverfi

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Jónsdóttir starfsmannastjóri, s. 444 6387, netfang: bryndis.jonsdottir@kaupthing.com.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí 2009.
Vinsamlegast sækið um starfið á vefsíðu bankans: www.kaupthing.is.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 46753 07/09

KAUPÞING

ERT ÞÚ Á SKRÁ?

Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!

vinna.is
sími: 511 1144

## Starfsmaður óskast
### til að annast alþjóðleg viðskipti með flugvélaeldsneyti

Starfið felst í að semja um verð á eldsneyti, halda utan um verðþróun og notkun viðskiptavina, gera reikninga og sjá um bókhald að hluta.

**Hæfniskröfur:**
- Viðskiptafræðimenntun æskileg
- Góð tungumálakunnátta, sérstaklega enska
- Góð tölvukunnátta
- Góð verðsýn og glöggur á tölur
- Innsýn í flugheiminn kostur

**Umsókn sendist til:**
g.saevarsdottir@global-fuel.net

Global Fuel
For every destination!

VERKTAKAR MAGNI

**Vantar vanan vélamann til starfa strax.**

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




CitySightseeing Reykjavik

Reykjavik Excursions – Kynnisferðir leita að sölufólki til starfa.
Um er að ræða 60% vinnu en unnið er á vöktum (2-2-3).
Starfið felst í sölu á farmiðum í ferðir félagsins og einnig þarf að aðstoða við afgreiðslu í Hop On Hop Off, 2ja hæða rútu, sem fer frá Arnarhóli á heila tímanum alla daga vikunnar.
Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri tungumálakunnáttu, vera sjálfstæðir í vinnubrögðum, hafa ríka þjónustulund og vera eldri en 18 ára.

Líflegt og skemmtilegt starf hjá traustu fyrirtæki.

Um tímabundna ráðningu er að ræða.
Umsóknarfrestur er til loka dags 7. júlí 2009.

Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir sendist á netfangið thorhildur@re.is




## Viltu eignast Pennavini?



Penninn óskar eftir að ráða starfsmann í upplýsingatæknideild. Starfið felst í alhliða þjónustu við starfsmenn Pennans varðandi notkun á tölvu- og símkerfum fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:
- Góð alhliða þekking á Microsoft lausnum
- Microsoft gráða kostur, t.d. MCP
- Þekking á MBS-Navision æskileg
- Almenn þekking á innviðum PC vélbúnaðar
- Þekking á afgreiðslukassakerfum, handtölvum og stimpilklukkum
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg

Persónulegir eiginleikar:
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Penninn er framsækið fyrirtæki sem veitir framúrskarandi þjónustu með heildarlausnir sniðnar eftir þörfum viðskiptavina. Penninn leggur jafnframt metnað sinn í að bjóða upp á gæðavörur og fjölbreytt vöruúrval.
Hjá Pennanum starfar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur starfsmanna. Það er markmið fyrirtækisins að gera starfsmenn að þátttakendum í velferð fyrirtækisins og skapa þannig sterka liðsheild sem keppir að sameiginlegum markmiðum. Penninn leggur metnað í að taka vel á móti nýju starfsfólki og hlúa vel að símenntun og þjálfun starfsfólks.

Vinsamlegast sendið umsóknir á atvinna@penninn.is fyrir 11. júlí.
Nánari upplýsingar veitir Guðríður Sigurðardóttir starfsmannastjóri, gurry@penninn.is.

Penninn
Með þér í vinnunni

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra

## SKIPULAGSSTJÓRI REYKJAVÍKURBORGAR

**Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir starf skipulagsstjóra laust til umsóknar.**

**Hlutverk og ábyrgðarsvið:**
Skipulagsstjóri stýrir Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar. Hlutverk sviðsins er að veita borgarbúum, borgarfulltrúum, ráðgjöfum, hönnuðum og byggingarverktökum ráðgjöf og upplýsingar um skipulags- og byggingarmál. Sviðið er jafnframt stefnumótandi í skipulags- og byggingarmálum borgarinnar í samvinnu við skipulagsráð. Á sviðinu starfa um 45 starfsmenn með menntun og reynslu m.a. í skipulagsfræðum, arkitektúr, verkfræði og byggingartækni. Sviðið skiptist í skrifstofu skipulagsstjóra og embætti byggingarfulltrúa.

Skipulagsstjóri hefur yfirumsjón og eftirlit með að stefnu og áherslum borgaryfirvalda í skipulags- og byggingamálum sé fylgt. Hann veitir forystu þróun nýrra hugmynda og verkefna og innleiðingu þeirra í málaflokknum. Skipulagsstjóri hefur ríka upplýsinga-, leiðbeininga- og frumkvæðisskyldu gagnvart skipulagsráði og borgarstjóra og á náið samstarf við aðra stjórnendur Reykjavíkurborgar, sem og kjörna fulltrúa.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði arkitektúrs eða skipulagsmála nauðsynleg.
- Reynsla af störfum við skipulagsmálefni.
- Stjórnunarreynsla, leiðtogahæfileikar, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga nauðsynleg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku, einu norrænu tungumáli og ensku.

Borgarstjóri er yfirmaður skipulagsstjóra. Um laun og starfskjör skipulagsstjóra fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

**Sækja skal um starfið á starfsumsóknavef Reykjavíkurborgar, www. reykjavik.is/storf, fyrir 20. júlí nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra á skrifstofu borgarstjóra, anna.g.olafsdottir@reykjavik.is og Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar, hallur.pall.jonsson@reykjavik.is.

Borgarstjórinn í Reykjavík

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Styrkir

### Verkefnastyrkir og ferða- og menntunarstyrkir Myndstefs 2009

Myndstef auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki og ferða- og menntunarstyrki á vegum samtakanna.

Rétt til þess að sækja um verkefnastyrki hafa allir myndhöfundar.

Rétt til að sækja um ferða- og menntunarstyrki hafa allir félagsmenn Myndstefs.

Sérstök umsóknareyðublöð eru á vef samtakanna www.myndstef.is og þar eru einnig nánar skilgreind þau atriði sem þurfa að koma fram í umsókninni ásamt reglum um úthlutun styrkjanna. Umsóknarfrestur rennur út 21. ágúst 2009. Umsóknir sem berast eftir þann tíma fá ekki afgreiðslu. Tekið skal fram að póststimpill gildir á innsendum umsóknum.

Umsóknir skulu berast til skrifstofu Myndstefs, Hafnarstræti 16, p.o.box 1187, 121 Reykjavík fyrir ofangreindan tíma.

Vakin er athygli á að þeir sem sent hafa inn umsóknir um styrki fyrir birtingu þessarar auglýsingar verða að endurnýja þær umsóknir.

**Allar nánari upplýsingar gefa Þórhildur Laufey Sigurðardóttir og Kristín Magnúsdóttir á opnunartíma skrifstofunnar. 10:00 - 14:00 alla virka daga. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið myndstef@myndstef.is**

**Stjórn Myndstefs**

# ÚTBOÐ

Orkuveita Reykjavíkur

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur:**

***Almannadalur 5. áfangi - Fjárborg, lagnir 2009.***
Lokaskiladagur verksins er 1. nóvember 2009.
Útboðsgögn verða seld á geisladiski á kr. 3.000, frá og með 7. júlí 2009, í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 22. júlí 2009 kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12306
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

MOSFELLSBÆR

## ÚTBOÐ

Vegtenging milli Aðaltúns og Flugumýrar

Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í nýja vegtengingu milli Aðaltúns og Flugumýrar ásamt frágangi gangstétta og jarðvegsmana.

Helstu magntölur verksins eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Gröftur: | 21.000 m3 |
| Fyllingar: | 25.000 m3 |
| Ofanvatnslagnir: | 1.100 m |
| Malbik og púkk | 5.500 m2 |
| Gangstéttir | 5.500 m2 |

Útboðsgögn verða afhent á tölvudiski í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2 frá og með þriðjudeginum 7. júlí.

**Tilboð verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska kl. 11 þriðjudaginn 21. júlí 2009.**

Umhverfissvið Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# ÚTBOÐ

VEGAGERÐIN · Orkuveita Reykjavíkur · GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR · míla

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar, Orkuveitu Reykjavíkur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu:**

***Kringlumýrarbraut - Borgartún.***
***Endurbætur gatnamóta.***
Lokaskiladagur verksins er 14. nóvember 2009.
Útboðsgögn verða seld á geisladiski á kr. 3.000 frá og með 7. júlí 2009, í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 21. júlí 2009, kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12299
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

**Tilkynningar**



## TANNLÆKNINGAR

**William H. Clark**
hefur hafið störf á eftirtöldum tannlæknastofum:

SMS bros, Réttarholtsvegi 3. Tímapantanir í síma 553-6423 (opið á laugardögum).

Tannlæknastofu Sigurjóns Sigurðssonar, Ármúla 26. Tímapantanir í síma 568-1377.

Vert er að taka fram, að William er Íslendingur.

*www.hafnarfjordur.is*

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## TJARNARVELLIR 2A - LAUS TIL UMSÓKNAR

Hafnarfjarðarbær auglýsir lausa til umsóknar lóðina Tjarnarvellir 2a sem staðsett er á miðsvæði Valla. Lóðin er ætluð undir starfsemi og rekstur pylsuvagns, sjá nánar á deiliskipulagsuppdrætti sem finna má á www.hafnarfjordur.is

Lóðinni er eingöngu úthlutað til lögaðila. Umsækjendum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2008 ásamt upplýsingum um framkvæmdartíma og fyrirkomulag starfseminnar. Einnig þarf að fylgja yfirlýsing lánastofnunar um fjármögnun byggingarframkvæmda.

Sótt er um lóðina í gegnum umsóknarsíðuna á Íbúagátt bæjarins á www.hafnarfjordur.is þar sem einnig er að finna skipulagsuppdrátt fyrir lóðina og upplýsingar um verð.

**Umsóknarfrestur er til 17. júlí 2009.**

**Hafnarfjarðarbær**

**Fasteignir**

EIGNAMIÐLUN Reykjavík — Frá 1957
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## Lindarberg m. glæsilegu útsýni.



Vandað og velstaðsett 236 fm parhús á fallegum útsýnisstað. Á neðri hæðinni er forstofa, innra hol, 2 svefnherbergi, baðherbergi og geymsla auk innbyggðs bílskúrs. Á efri hæðinni eru stórar stofu, eldhús, þvottahús, 2 svefnherbergi og baðherbergi. Mikil lofthæð er á hæðinni. 4536
**Allar nánari upplýsingar gefur Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali í síma 824 9094**

## Afflakór - nýbygging.



Tvílyft 280,6 fm einbýlishús með mikilli lofthæð og innbyggðum 41,5 fm bílskúr sem selst slétt múrað að utan en tilbúið til innréttinga að innan. Húsið er í byggingu. Á efri hæðinni eru stórar og miklar stofur, eldhús, forstofa, og snyrting. Á neðri hæðinni eru 4 stór herb., hol, þvh, tvö baðh, og fatah. Þetta er hús fyrir vandláta. 4484
**Allar nánari upplýsingar gefur Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali í síma 824 9094**

# VERSLUNAR OG ATVINNUHÚSNÆÐI - TIL LEIGU -




Smiðjuvegur 3, Kópavogi (á móti Orkunni, Bónus og BYKO) 4.000m² verslunar- og atvinnuhúsnæði. Þar af allt að 2.300m² á einu gólfi og í einum sal. Allt að 5,5 m lofthæð og góð bílastæði.
Hugsanlegt að skipta í minni einingar.

**Nánari upplýsingar í síma: 892 1529**

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




Óskum eftir hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum á skrá og í sölu, getum tekið hús á planið, sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Citroen C3 - 2004 (eins og nýr). 100% lán eða staðgreiðsla. Lánstími er allt að 7 ár. Hægt er að greiða inn á lánið eða gera það upp hvenær sem er. Uppl. í síma. 891 7185, Trausti.








Til sölu Ford 350 '05. Ek. 47þ. km. Topplúga, rafmagn, bakkskynjarar ofl. Vsk. bíll. Uppl. s. 864 4777.



Honda Starex 4x4, 7 manna árg. '00, bensín, 5 gíra, sk. '10. Ek. 142þ. DVD, þráðlaus headphone, krókur. Bíll í toppstandi. Ásett verð 450 þús. S. 554 7225 & 863 6060.



Mazda RX-8. Ek. 43 þ.km Innfluttur '05 sem vatnstjónsbíll árgerð 04. Fæst á góðu verði. Uppl. í s. 898 6838.



Toyota Corolla árg. '98 ek. 187þ. Verð 165þ. Uppl. í s. 844 1995.



Toyota Corolla árg. '03 1400 til sölu. Ek. 75þ. Ásett v. 1200þ. Tilboð óskast. S. 868 9810.



VW Golf árg. '99, 5d., bsk. Ek. 130þ.km. Nýsk., nýsmurður og í góðu standi. V. 550þ. S. 848 6169.



Til sölu Toyota Yaris 3 dyra, svartur. Árg. '00. Ek. 120þ. Verð 300þús. stgr. Skoða skipti á notuðum stærri bíl. Uppl. s. 844 0032.



Til sölu Renault Clio 1400 árg. 2001, beinsk. Ekinn 83 þús. Aðeins tveir eigendur og þjónustubók frá upphafi. Nýskoðaður, nýir bremsudiskar og klossar, nagladekk fylgja. Uppl. í síma 898 5854.



Tilboð! Renault Traffic með öllum aukabúnað fyrir farþega í hjólastól. Metinn á 2,1 millj. Tilboð: 1,5 millj. Skuldlaus. Uppl. í s. 865 4820.



VW Vento GL árg. '97 bsk., ek. 177þ. nýsk. án athugasemda. V. 180þ. stgr. S 869 6800.



Til sölu Toyota Hilux árg. 2005, ek. 75 þús. 35" breyttur, skipti á nýrri Hilux eða nýrri Hilux Ram eða Duramax. Uppl. í s. 660 1704 og á starri@borgarafl.is.



**Sjálfskipt Toyota!**
Svört 1300 Corolla,ek. 140þkm. Nýskoðuð án athugas.Nýtt púst,nýleg tímareim,álfelgur,heilsársdekk,Cd. Flottur sparibaukur. Verð 390.Uppl. í s 867 8797



**Nissan Primera 2004**
**Til sölu Nissan Primera Acenta árg. 2004, ek. 85 þús. Fæst á yfirtöku láns, áhvílandi ca 1200 þús.**
**Upplýsingar í s. 770 3797.**



Til sölu Toyota Avensis 2005 árgerð. Sjálfskiptur ekin 56.XXX km ljósgrænn að lit. Spoiler 16 tommu álfelgur sumar- og vetradekk. Áhvílandi er 1.300.000 ISK. Ásett verð er 2.190.000 TILBOÐ ÓSKAST Nánari uppl í síma 869-8132.



**Ford árg. '03 ek. 66.000**
Frábær, sparneytinn Ford Fiesta fæst með yfirtöku á láni+50.000 út. 23.000 á mánuði. S. 868 6069.



Toyota Corolla nýsk '10 árg. '95. Ek. 164þ.km. bsk., CD, saml., rafdr. rúður, d.krókur, smurbók frá upphafi. Toppeintak. V. 250þ. S. 869 7687.



Til sölu Lincoln Navigator Ultimatum ,árg 2005 , einn með öllu, 7manna, ný dekk, ekin 60þkm, sk á ódýrari, uppl í s: 892 1116



Til sölu Lexus SC 430, árg 2003, ekin aðeins 17þkm, glæsilegur sportbíll með felli topp. Uppl í s: 892 1116



Dodge grand caravan EX '03. Ek. 63þ. Loftkæling, spólvörn, fjarstýrð opnun á hliðarhurðum á skotti, aksturstölva, sumar og vetrardekk á álfelgum, dráttarbeisli ofl... Stgr. verð 1600þ. Uppl. s. 693 7314.



Til sölu Hummer H2 , nýr óskráður sýningarbíll, hlaðin aukabúnaði, skipti möguleg, uppl í s: 892 5005



Cadillac Escalade Luxury, árg.'07, einn með öllu, glæsilegur bíll, 2 dekkjagangar 24" og 20". Uppl.820 8483.



Til sölu Chevrolet Tosca, árg 11/2007, ekin 22þkm, Leður, sóllúga, álfelgur, spoiler, glæsilegur bíll, verð 2.9millj, áhv 1300þ, uppl í s: 892 1116



Citroen Berlingo árg. '01. Ek. 96þús. Mikið endurnýjaður. V. 350þ. stgr. Uppl. s. 618 0063.

**Vinnubíll - Hjólabíll**
VW Transporter '92 ek. 147 þús. Áætlað verð 250 þús. Uppl. í síma 698-5266.

3 góðir til sölu!! Kia Sportage '02, ek. 47 þús, verð 650 þús. Dodge B250 '96, ek. 160 þús, verð 400 þús. Einnig Patrol Picup '85, ek 320 þús. Verð 150 þús. S. 894 0431

**Sportari á 130!**
Kreppusportbíll.Hyundai Coupe1,6. árg1999.Svartur,topplúga,álfelgur ofl. Kúpling búin og endurskoðun. Uppl. í s 867 8797

Skoda Fabia 00". Sk. 09". Skoða skipti á dýrari eða tilboð. gislirg@gmail.com

Subaru Legacy '96, sk. '10, ek. 167 þ. Þarfnast smá viðgerðar. Selst á 80-100 þ. S. 894 9969.

Toyota Corolla 2004 h/b Ek70þ. blá Verð 999þ., áhvíl.540þ skoða skipti á ódýrari. S.698 6033.

M.Benz E500 ek.114.þús. Gott eintak. 1690.þús.stgr. tnarfa@yahoo.com 695 4167.

Izuzu vörubíll '87. Ek. 33 þ km. 5 gíra dísel. Burðageta 3 tonn nýsk. á vsk nr. V. 590 þ. s. 690 1665.

### 0-250 þús.

Hyundai Acc,árg. '96 ekinn 153 þús. ökufær en óskoðaður '09 verð tilboð símí 695 1469.

VW Golf GL árg. '95 ek. 156þ. Sk. '10. Ný tímareim. V. 240þ. S. 899 5705.

Til sölu Toyota 4Runner, árg. 93, ek. 198 þ.km., beinskiptur. Bifreiðin þarfnast smá viðgerðar og fæst því ódýrt. Verð 60 þús. Sími 867 5884.

Renault Clio, árg.00, ek. 99 þ. fæst á 120 þ. Þarfnast lagfæringa. S.8404352

Golf '96. 3ja dyra. 5 gíra. ek.212 þús. Sk.'10. Vel með farinn. Verð 120þús. S. 865 4955.

Yfirtaka á láni Accord '06, ek. 74. þús. ssk. Þjónustuskoðaður af Honda fæst gegn yfirtöku + 200 út. Afborganir 21 þús. á mán. S:692 6292.

Suzuki sidekick árg '95, ekinn 187þús, sk 2010. Verð 150 þús. Uppl s: 698 2186.

Hyundai accent '98 ek. 180þús. Verð 95þús Uppl. í s. 8947214

### 250-499 þús.



**Verð 299.000-**
VW Golf 1.4 vél árgerð 2000 ekinn 177 þ. km. 5 gíra 3 dyra cd. rafmagn í rúðum skoðaður 2010 ný upptekin vél ný tímareim verð 490.000- nú aðeins 299.000- stgr. uppl. í síma 861 7600.



**Sjálfskipt Toyota**
Toyota Corolla L/B Spesial Series 1.6 vél árg. 99 ekinn 203 þ. km. sjálfskiptur spoiler cd ný tímareim ný smurður skoðaður 2010 verð aðeins 330.000- stgr. uppl. í síma 861 7600.

Óska eftir Subaru Impreza 2,0 árg. '98 eða yngri. Helst sjálfskiptur, ekki nauðsyn. Staðgreiðsluverð 300þúsund. Sími. 869 1065.

Til sölu Hyundai cupé 3 dyra sportbíll, árg. 99. Ekinn 186 þ.km. Topplúga, spoiler, nagladekk, skoðaður í ár. Verð 300 þ.kr. Uppl. í s.6177760

Óska eftir yaris á 300-400 þús stgr. sími: 4834595 og 8634595

### 1-2 milljónir



MMC L200 DOUBLE CAB GLS 4WD 2005 árg. Disel,sjálfskiptur og fullt af aukahlutum. Ekinn. 150 þús. V.1900 þús S.698 4123.



Toyota Rav4 exe'03. Ásett 1.990þ,TILBOÐ stgr.1.690þ, Ek:84þ.Leðurákl, hiti í sætum, glertoppl ofl. Toppbíll s. 663-5892

Fleetwood Utah 2008 fellihýsi til sölu. Með sólarsellu, markísu, tveimur gaskútum, geymsluhólf o.fl. Verð 1.990 þús. Uppl. í síma 660 2320

### Bílar óskast

Óska eftir skoðuðum bíl í kringum 50 þús. Þarf að vera gangfær. S. 846 7078 Þröstur.

Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Góður bíll óskast. Stgr. 300-350 þús. Aðeins góður bíll kemur til greina. Uppl. í s. 691 5308.

0-50þús.kr. bíll óskast. Má þarfn.lagf. ekki eldri en'97. 864 9296.

Óska eftir Skoda Octavia 4x4 árg. '04-'05. Ek. minna en 90þ.km fyrir allt að 1 milj. stgr. S. 617 6694.

**Þýskir bílar óskast til kaups!!**
**Óska eftir að kaupa gegn staðgreiðslu**
**þýska bíla árgerð 2005 og yngra Mercedes Benz, Bmw, Audi og Porche**
**Hringdu núna og fáðu staðgreiðslutilboð!**
**Sverrir s 618-7001**

Fólksbíll óskast í skiptum fyrir Subaru Legacy (þarfnast lagfæringar) '99, 103þús. km. Millig. staðgr. milljon@visir.is.

Óska e.að leigja kæli/frystirými frá 1.sept-1.maí. Uppl.í síma 8958134.

### Jeppar



Nissan Terrano 2.7 diesel ssk. m/toppl. 7 manna góður bíll á 485þ. Einnig til sölu toppbox (tengdó) á 25þ. Uppl. í s. 821 8780.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Til sölu Musso '99 2.9 diesel sk. 2010. V. 350 þús. Uppl. í s. 899 4009.

Renault Scenic ek.120þ árg'98 sk'10 Verð 250þ. s.7727053

### Fornbílar



Chevrolet Malibu '79. Ek. 72þ.km og sk. til 2011. Nánari uppl. á www.fornbill.is. TILBOÐ óskast. S. 867 3708.




FORD GALAXIE 1967,302,mikið endurnýjaður,verð 1390þús eða tilboð,stendur á www.bill.is sími 577 3777,eða eigandi Sími 898 8829.



Bronco II árg. 1987. Upplagt efni í glæsilegan fornbíl. Ek. 172.852km. Feril- og eigendaskrá fylgir. Tilboð óskast. Uppl. s. 660 0136.

### Pallbílar



Pallhús árgerð 2003 passar á Chevrolet silverado 2500 og 3500 árgerð 2003-2007 minni skúffuna. Veit ekki um aðrar árgerðir. Litur Gullsanserað. Plast innaní samskonar pall fæst gefins. Verðhugmynd 300.000- jonsig@mmedia.is S.660 0350

### Sendibílar



**VINNUFLOKKABÍLL HAGS**
Nýr Isuzu NPR 85 vinnuflokkabíll heildarþyngd 3500kg með sturtupalli Vélarstærð 150hö beinskiptur 5 gíra Upplýsingar Vélheimar ehf Eirhöfða 14 sími 587 5414

## Hjólbarðar




4 notuð og vel með farin heilsársdekk óskast. Nr : 205-55 R16 91W. Upplýsingar í síma 845 9007.

Til sölu 4 stk. 35" x 12,5 jeppadekk. Einnig 9.manna tjald. Uppl. í s. 841 1716.

## Varahlutir

**555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

# ÞJÓNUSTA

## Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

## Hreingerningar




Þrif í heimahúsum.Uppl.865-30-28

## Garðyrkja

**HELLUBORG DÓRA**
**Heildarlausn fyrir lóð og garð**
**Látið fagmenn vinna verkið!**

**Athugið að heimasíðan liggur niðri yfir helgina.**
**Upplýsingar í síma 616 9714**
**www.helluborg.is**

**helluborg@helluborg.is**

**Halldór Ólafsson**

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**










Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.




**Til Sölu Slátturfyrirtæki**
**Til sölu mjög öflugt sláttuþjónustu fyrirtæki á Suðurlandi. Áhugasamir sendi email á : tjonusta@365.is merkt"sláttuþjónusta"**







Tökum að okkur stærri og smærri verk. Traust og alhliða þjónusta. VALDÍS S. 846 0864 (SLÁTTUR + BEÐAHREINSANIR), HÖRÐUR MÁR S. 897 0951 (ÖLL ÖNNUR VERK). Sláttumenn




Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

**Trjáklippingar**
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

**Er öspin til ama?**
Sérhæfum okkur í fellingum og í að fjarlægja allar stærðir og gerðir trjáa. Eyðum líka rótarkerfum. Uppl. í s. 695 1918.

**Láttu okkur sjá um garðinn í sumar**
Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða - garðslátt, trjáfellingar, beðaumhirðu og trjáklippingar! Föst verð tilboð ykkur að kostnaðarlausu Sláttur og Garðaþjónustan 577 4444 & 892 9999.

**Lífrænn Húsdýra áburðu**
Lífrænn húsdýra áburður til sölu. 10 L. kr. 1300, 30 L kr. 2000. Uppl. í s. 567 4656.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Lífrænn húsdýra áburður til sölu. 10 L. kr. 1300, 30 L kr. 2000. Uppl. í s. 567 4656.

## Bókhald

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Þjónusta




## Fjármál

**Lánsveð**
**Er að leita að einstakling/um sem geta veitt mér lánsveð (íbúðarhúsnæði) sem gætu dugað fyrir 4-5 milj. (lífeyrissjóðslán) gegn vænni þóknun að upphæð 1,5-2 milj. Öruggar greiðslur.**
**Áhugasamir sendi upplýsingar á smaar@frett.is merkt „veð"**

Fyrirtæki - tækifæri til sölu. Gallerý + húsgagnasala (umboðssala). Gott húsnæði, hagst. leiga. Hagst. verð. Uppl. Fyrirtækjasalan Suðurveri S. 581 2040.

## Málarar




**Frír háþrýstiþvottur í Júlí!!**
**Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s. 661 7000.**

**Sandspörtlun og málun**
Mála stigahús, íbúðir eða nýsmíði. Uppl. í s. 893 5537 Arnar málarameistari.

Málari getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, sanngjarnt verð! Uppl. í s. 695 1918

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Ertu að flyta til Danmerkur? Tökum að okkur búslóðaflutninga um alla Danmörk. Erum staðsettir í Árhús, gefum föst góð verð. Upplýsingar í síma +45 2635 3361 - odinntransport@gmail.com

## Húsaviðhald



**Hreinsum gráma af sólpöllum!**
**Sólpallaeigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.**
**Anton í síma 866 5262.**
**http://solpallar.123.is**

**Caelum verktakar**

**Reykjavík og nágrenni**
**Hellulagnir, þökulagnir, klóaklagnir, drenlagnir, múrviðgerðir, flísalagnir og allt því tengt, berum á sólpalla, garðúðun, grasslattur og margt margt fl. Fagleg og góð þjónusta. Tökum að okkur stór og smá verk. Tilboð að kostnaðarlausu.**
**Uppl. í síma 820 8888.**

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

**Húseigendur, Húsfélög Ath.**
Múrarameistari sérhæfður í flísalögnum, sprungu og tröppuviðgerðum. Vönduð vinna. Uppl. í s. 896 5778 & 567 6245.

Þarf að skipta um rennur, glerja eða mála þakið? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Múrviðgerðir, tröppur og málun**
Múrviðgerðir, tröppur og málun. Geri tilboð innan viku yður að kostnaðarlausu. Hinrik, s. 892 9499.

## Tölvur

Alhliða tölvu- og netviðgerðir, gagnabjörgun og ráðgjöf. Kem á staðinn. Þar sem aðrir klikka kem ég við sögu. Gott verð!! Baldvin, S. 699 6735.

## Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Whole body massage. S. 841 8529.

NEW!!Whole body tantric massage any time.!!!847 6555.

Tantrik massage in down town any time! 869 8602.

## Spádómar



**Spákonan Michalina**
Býð upp á tarotlestur, talnaspeki og/eða orkuheilun. Umsögn: „Michalina er stórkostlegur spámaður og heilari." Sigríður Klingenberg. Uppl. í s. 845 3455.










Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

## Múrarar

**Viðgerðir**
Múrverk, flísar, gifs, steining, hellulagning ofl. Utan sem innan. S. 847 2209.

## Rafvirkjun

**HEITIR POTTAR**
Ástandsskoðun - viðgerðir og þjónusta. Hafðu samband Svavar s. 821 9426 eða ska@ska.is.

## Trésmíði



**Minigolf**
**www.bustadur.is**
9 holu minigolfvellir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Smíðum og gerum við sumarhús og útileiktæki og almenn trésmíðavinna, smíðum borð með áföstum bekkjum. Uppl. í s. 867 3245 & 869 1690 Bergiðjan ehf Smiðshöfða 12, pukinn@simnet.is

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Viðgerðir

Viðgerðir á motorhjólum fjórhjólum vélsleðum og ymsum smávélum, útvegum varahluti í flestar tegundir SB þjónustan smiðjuvegi 4a grængata 567 7500

## Önnur þjónusta




# KEYPT & SELT

## Útilegudót

Til sölu nýtt fortjald 12 fet. frá Seglagerðinni. Selst á 110 þús. Kostar nýtt 160 þús. S. 899 1185.

## Til sölu



Sterkar íslenskar þvottasnúrur. Sendum um allt land. VIG www.vig.is S: 486-1810



Í litlu og litríku eldhúsinu er bara pláss fyrir einn í einu.



Bambinn í blómapottinum er gjöf frá vinkonu Stefáns, Auði Karítas.



Mörgæsirnar standa alltaf þétt saman í hillunni og skipta reglulega um stefnu.





# SIGLINGASTOFNUN BÝÐUR ÞÉR Á LISTAHÁTIÐ

Listahátíð í Reykjavík stendur í sumar fyrir myndlistarsýningum undir yfirskriftinni **„Brennið þið vitar“** í fjórum vitum sem Siglingastofnun lagði í té, einum í hverjum landshluta. Sýningarnar verða opnar fram yfir verslunarmannahelgi á fimmtudögum til sunnudaga kl. 14-18. Aðgangur ókeypis.

Siglingastofnun Íslands hvetur landsmenn til að heimsækja vitana í sumar og njóta menningar og náttúru í leiðarljósum sjófarenda.




Í hinni veglegu handbók: **„Vitar á Íslandi — Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002“** er saga íslensku vitaþjónustunnar frá upphafi rakin í máli og myndum.

**Vitar á Íslandi** kostar aðeins 4.700 kr., fæst hjá Siglingastofnun Íslands og í bókabúðum Máls og menningar og Pennans-Eymundsson.

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2009 · SIGLINGASTOFNUN · LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2009



# HEILSUSMIÐJAN ER GLÆSILEG NÝ HEILSULIND Í KÓPAVOGI.



Jackie Cardoso
(Framkvæmdarstjóri)
Nudd, heilun, Reiki.



Ólína Gunnarsdóttir
Heilun, orkuvinnu, hugleiðsla.



Sivaraj Thankappan
Ayurveda nudd, steinanudd.



Ragnheiður Júlíusdóttir
Höfuðbeina-og spjaldhryggsmeðferð, svæða- og viðbragðsmeðferð, Spiritual response therapy



Margrét Ö. Stephensen
Reiki (Reikimeistari)



Unnur Sigurbjörnsdóttir
Blómadropaþerapisti.



Sigrún Elín Birgisdóttir
Tarotlestur.

**EINNIG ER HJÁ OKKUR:**
- Kaffihús
- Íslenskar náttúrulegar snyrtivörur
- Kristalar og ýmsar gjafavörur
- Vafningar
- Hljóðbylgjur
- Námskeið

**HEILSUSMIÐJAN**

Smiðjuvegur 4 (Græn gata) 200—Kóp.
S. 578.5520 - 865.4820




## CELLUTRAT ENDERMOTERAPIA

## NÝR APPELSINUHÚÐARBANARI



Vinnur á appelsínuhúð (cellulite)
Vinnur á staðbundnum fitusvæðum
Vinnur gegn vökvauppsöfnun
Örvar sogæðahreinsun
Jafnar óslétt yfirborð húðarinnar
Húðin verður sléttari og stinnari
Örvar blóðflæði






Jóhanna notar ávexti, meðal annars jarðarber, til að skreyta pönnukökurnar. NORDICPHOTOS/GETTY



Rabarbaragrautur er frískandi.



Litlar pönnukökur bragðast vel með rjóma og berjum.

Opið virka daga
9⁰⁰ - 18⁰⁰



Matti frá Canari er komin til Íslands.
Við á Salon Reykjavík bjóðum hann
velkominn til starfa.

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Einfalt, gott og girnilegt

Eftir staðgóða máltíð í bústað, veiðikofa eða sæluhúsi er bráðgott að gæða sér á ljúffengum ábætisréttum sem lítið þarf fyrir að hafa. Jóhanna Benediktsdóttir, fararstjóri hjá Útivist, lumar á góðum ráðum þegar kemur að gerð þeirra.

„Ég elda oft annars staðar en heima hjá mér og reyni þá að hafa hlutina einfalda, góða og girnilega. Þegar ég er á ferðalögum er hluti af ánægjunni fólginn í að borða hollan mat og ljúffengan og það eykur á gleðina ef hann lítur vel út,“ segir Jóhanna.

Hún telur auðvelt að útbúa eftirrétti án þess að auka farangurinn of mikið, einkum ef um veiði- eða trússferðir er að ræða, að ekki sé talað um sumarbústaðarferð. Hún mælir með að taka með nokkra rabarbaraleggi í graut og spelt eða tilbúið vöfflumix í litlar pönnukökur.

Til að bragðbæta notar hún hrásykur, sojarjóma og lífrænan kanil og þegar íslensku berin eru orðin þroskuð er upplagt að skella þeim á pönnukökurnar. Þangað til eru það keypt ber eða ávextir sem sjá um hollustuna og fegurðina.

Jóhanna er þessa dagana að undirbúa kvennaferð á Hornstrandir hinn 15. júlí. „Við leggjum áherslu á að hafa góðan mat meðferðis,“ segir hún. „auk þess að nýta það sem er á svæðinu eins og fíflablöð, maríustakk og hundasúrur í salatið, og ef við gerum súpu þá stingum við hvannarót í hana.“

- gun



Jóhanna aðhyllist heilsufæði eftir því sem kostur er. Hún notar hrásykur, sojarjóma og lífrænan kanil til að bragðbæta eftirréttina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Jóhanna mælir með ávöxtum út á pönnukökurnar, meðal annars til að gera þær hollari.



**Pönnukökur**

250 g spelt
1 tsk. lyftiduft
¼ tsk. hjartarsalt
½ l mjólk
olía til steikingar
Deigið hrært og bakað á heitri pönnu.

**Rabarbaragrautur**

1 kg rabarbari
1 l vatn
100 g hrásykur
Soðið saman í 10 mínútur og kælt.

PÓSTURINN
allur pakkinn




# ERTU AÐ BJÓÐA HÆTTUNNI HEIM?

Það er óþarfi að auglýsa það að maður sé að heiman – með úttroðinni bréfalúgu eða yfirfullum póstkassa. Til að koma í veg fyrir þetta býður Pósturinn upp á biðpóst, en þá eru almennar bréfasendingar geymdar fyrir þá sem ekki eru heima hjá sér tímabundið. Pósturinn þinn er þá áframsendur á umbeðið pósthús þar sem þú getur nálgast hann þegar þér hentar.

Þess vegna skaltu panta biðpóst á næsta pósthúsi eða á www.postur.is.
Mánaðargjald fyrir biðpóst er aðeins 580 krónur.

www.postur.is









**Vertarnir Gauti og Ragnheiður einbeita sér að þessu íslenska, gamla og góða.** FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Eins og að koma í kaffiboð hjá ömmu

● Nýtt kaffihús var opnað í elsta húsi Hafnar í Hornafirði fyrir skemmstu. Það er skammt frá bryggjunni og heitir Kaffi Tulinius eftir kaupmanninum Ottó Tuliniusi sem byggði húsið árið 1897.

„Það er heiður að reka starfsemi í þessu húsi og okkar sérhæfing felst í því að allt meðlætið er heimabakað, bæði brauð og kökur,“ segir Gauti Árnason matreiðslumaður glaðlega.

Hann og kona hans, Ragnheiður Rafnsdóttir, eiga og reka Kaffi Tulinius. Ásamt kaffi og öðrum drykkjum bjóða þau hjón upp á þjóðlegt meðlæti á borð við flatkökur með hangikjöti, rúgbrauð með silungi eða eggi og síld, kleinur og pönnukökur með rjóma, líka tertur af ýmsu tagi. „Við einbeitum okkur að þessu íslenska, gamla og góða og fólk tekur því fagnandi,“ segir Gauti. „Sumir líkja komu sinni hingað við kaffiboð hjá ömmu.“

Gamlar myndir taka á móti gestum í forstofunni á Kaffi Tuliniusi og á veggjum veitingasalarins eru málverk hornfirsku meistaranna Bjarna Guðmundssonar og Höskulds Björnssonar. Í ganginum þar á milli er svo ljósmyndasýning eftir ungan Hornfirðing, Hlyn Pálmason. „Við erum að reyna að vera svolítið menningarleg,“ segir Gauti kankvís. „Tókum þá ákvörðun að vera í stíl við húsið með það sem við bjóðum upp á, bæði fyrir auga og maga.“ *-gun*



**Kaffi Tulinius er í elsta húsi Hafnar, sem oft er kallað Kaupmannshúsið.** FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

## FORTÍÐARÞRÁIN



Nauthólsvík hefur löngum haft mikið aðdráttarafl fyrir börn jafnt sem fullorðna. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því þessi mynd var tekin í júní árið 1975. Þar sitja tveir drengir í stígvélum á bryggjunni og bíða spenntir eftir því að taka þátt í siglinganámskeiði. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Ragnheiður dvaldi nokkur sumur í Vík í Mýrdal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SVEITIN MÍN

# Æskuminningar frá Vík í Mýrdal

Ég á góðar minningar frá Vík í Mýrdal en móðurfjölskylda mín er öll þaðan," segir Ragnheiður Gröndal söngkona. Fjölskylda hennar átti lítið hús í bænum, sem hún dvaldi oft í sem barn, en hún segist ekki hafa haldið miklum tengslum við Vík í seinni tíð. „Ég held ég hafi hreinlega ekki komið þangað í mörg ár," viðurkennir hún en segir jafnframt tíma til kominn að endurnýja kynnin.

Ragnheiður man eftir því að hafa gengið upp í fjall sem stóð við enda götunnar og út í kolsvarta fjöruna. „Þar var svo gott að hugsa og vera einn með sjálfum sér," minnist Ragnheiður. En lék hún sér ekki líka við krakkana? „Pabbi hennar Steinunnar Camillu í Nylon átti hús við hliðina á okkar húsi. Við vorum svo sem engar vinkonur en ég man eftir því að við vorum að leika okkur saman að selja steina í búðarleik," segir hún glettin.

Ragnheiður telur sig þó meira borgarbarn en sveitabarn. „Mér finnst voða gott að vera í borg og hafa borgarmenningu og líf í kringum mig," segir hún og hlær. Hún stefnir hins vegar á það í sumar að fara í göngu á Hornstrandir. „Þá reyni ég kannski að finna náttúrubarnið í mér," segir hún glaðlega.

Útilegur eiga ekki upp á pallborðið hjá henni. „Nei, þá fer ég frekar upp í sumarbústað ef vel liggur á mér," segir hún og innt eftir því hvað sé óheillandi við útilegurnar svarar hún: „Það er aðallega að komast ekki í heitt vatn og jafnvel klósett. Ég vil hafa svolítil þægindi í kringum mig þótt leiðinlegt sé að viðurkenna að vera svona rosalegt borgarbarn."

- sg



**Ragnheiður Gröndal söngkona hefur í seinni tíð heldur kosið borgarniðinn fram yfir rólegheit í sveit. Hún ætlar þó að láta reyna á sveitamanninn í sér í sumar og stefnir á að fara á Hornstrandir.**



**Loftvarnarbyrgi á Reyðarfirði.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Minjar úr seinna stríði

Engum blöðum er um það að fletta hve mikil áhrif seinni heimsstyrjöldin hafði á Íslendinga. Dæmi um það er sá stóri hópur fólks sem bjó í bröggunum sem setuliðið skildi eftir sig í Reykjavík eftir stríðið. Er talið að mest hafi 2.200 manns átt heima í bröggunum á sjötta áratugnum. Þótt ummerki síðari heimsstyrjaldarinnar séu ef til vill ekki eins mikil á Íslandi eins og víða annars staðar, má finna stríðsminjar hér og þar um landið. Þar á meðal í Öskjuhlíðinni, þar sem skoða má loftvarnarbyrgi, skotbyrgi, stjórnstöð, skotgrafir og steypta grunna undan bröggum. Á Reyðarfirði eru einnig fjögur loftvarnarbyrgi og braggar og hægt að heimsækja Stríðsminjasafnið. Heillegustu braggabyggð landsins er síðan að finna í Hvalfirði.

*- hds*


# Costa del Sol

**14. júlí**

**frá kr. 64.990 - 2 vikur**

**- með eða án fæðis**

***Aðeins örfá sæti & íbúðir á þessu kjörum!***





Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætunum til Costa del Sol þann 14. júlí í 2 vikur. Í boði er stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Bjóðum einnig frábært sértilboð, með eða án fæðis, á Aguamarina íbúðahótelinu, einum af okkar allra vinsælustu gististaðnum á Costa del Sol. Ath. aðeins örfáar íbúðir í boði.

***Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í sumarfríinu á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga á ótrúlegum kjörum.***

Verð kr. **64.990** - 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð í 2 vikur. Stökktu tilboð 14. júlí. Verð m.v. 2 saman kr. 74.990. Aukalega fyrir hálft fæði í 2 vikur kr. 44.000 fyrir fullorðna og kr. 22.000 fyrir börn.

Ótrúlegt sértilboð - Principito ***+
Verð kr. **79.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð í 2 vikur. Verð m.v. 2 saman kr. 89.990. Sértilboð 14. júlí. Aukalega fyrir hálft fæði í 2 vikur kr. 44.000 fyrir fullorðna og kr. 22.000 fyrir börn.

Heimsferðir
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Ánægjustundir í Ölveri

**Tryggðu stúlkunni þinni pláss í skemmtilegum og uppbyggjandi sumarbúðum!**















- Hollur matur og fyrsta flokks leiðbeinendur
- Leikir, útivist, sköpun og vinátta
- Fræðsla um kristna trú og góðu gildin
- Daglegar myndir og fréttir á www.kfum.is

| | |
|---|---|
| **5. fl. 30. júní - 6. júlí, 7 dagar** 10-12 ára (1997 - 1999) | Verð kr. 36.400 Fullbókað / biðlisti |
| **6. fl. 7. - 13. júlí, 7 dagar** 8-10 ára (1999 -2001) | Verð kr. 36.400 Örfá pláss laus |
| **7. fl. 14. - 20. júlí, 7 dagar** 9-11 ára (1998-2000) | Verð kr. 36.400 Nokkur pláss laus |
| **8. fl. 21. - 27. júlí, 7 dagar** 10 - 12 ára (1997 - 1999) | Verð kr. 36.400 Fullbókað / biðlisti |
| **9. fl* 28. - 31. júlí, 4 dagar** 6 - 8 ára (2001 - 2003) | Verð kr. 19.800 Nokkur pláss laus |
| **10. fl 4. - 10. ágúst, 7 dagar** 13 - 15 ára (1994 - 1996) | Verð kr. 36.400 Nokkur pláss laus |
| **11. fl** 11. - 14. ágúst, 4 dagar** 11 - 13 ára (1996 - 1998) | Verð kr. 22.800 Örfá pláss laus |
| **12. fl 4. - 6. sept., 2 dagar** Frá 6 ára Mæðginaflokkur | Verð kr. 5.900 Laus pláss |
| **13. fl 11. - 13. sept. 2 dagar** Frá 6 ára Mæðgnaflokkur | Verð kr. 5.900 Laus pláss |



**Rútugjald frá Reykjavík innifalið í verði.**
*9.fl er krílaflokkur fyrir yngri stúlkur, þar eru færri stúlkur og flokkurinn styttri en venjulega

**11. flokkur er listaflokkur með sérstakri áherslu á samvinnu í ólíkri listsköpun, undir stjórn Margrétar Rósar Harðardóttur myndlistarkonu frá listaháskólanum í Bremen.

Allar nánari upplýsingar á www.KFUM.is og í s. 588 8899

KFUM KFUK

## fróðleikur í tölum

**241** ferðamaður kom til Íslands frá Mexíkó árið 2000 en það ár komu í heildina 586.263 ferðamenn hingað til lands.

**4.970** kílómetrar mælist strandlína Íslands.

**21** gráða var hæsti hitinn sem mældist á Raufarhöfn í júlí árið 2005.

**4** almenningssundlaugar eru í Ísafjarðarbæ; þær eru á Suðureyri, Ísafirði, Flateyri og Þingeyri.

## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**...BRAGÐBÆTTUM SÝRÐUM RJÓMA.** Hann er aftur kominn á markaðinn og fæst með hvítlauks- eða laukbragði. Stórkostlegur með grillinu eða sem holl ídýfa.



**...GARÐVINNU,** enda er fátt betra á góðum sumardegi en að vinna heima í garði; reyta arfa, laga beðin, slá grasið eða njóta þess að horfa á aðra sjá um það.



**...KOKKTEILUM.** Þeir eru afskaplega frískandi og hægt er að gera þá mjög fallega og sumarlega. Óáfengir kokkteilar eru ekki síðri og henta vel í sumarveislur.

**...FJÖRUFERÐ,** sem er skemmtileg afþreying fyrir fjölskylduna. Ýmislegt spennandi má finna í fjörunni, til að mynda mismunandi skeljar, þang, brak og steina sem yngstu kynslóðinni gæti þótt gaman að skoða og jafnvel flöskuskeyti frá fjarlægu landi.







Birki 699 1.199
Gullregn 1.499 2.690
Himalajaeinir 1.999 4.490
Dornrós 999 2.490
Skriðmispill 1.199 2.390
Ilmreynir 1.199 2.399
Blágreni 999 1.990
Stafafura 999 1.990
Rússalerki 999 1.990
Birki bakkaplöntur 40 stk 2990 kr
GARÐPLÖNTU
SPRENGJA!
Stjúpur 10 stk 599 kr
KOMIN AFTUR
14.995
Háþrýstidæla Nilfisk
110 bar - 1400W - 440L/klst
5m slanga og 5m rafm. kapall.
5254241
BLACK& DECKER
Rafmagnsláttuvél B&D
1200W, 34 sm sláttubreidd, 35 ltr. grassafnari, 5 hæðarstillingar.
5085134
23.995
Dalía 499 kr
Margarita 499 kr
Sólboði 499 kr
ÚTI POTTAR
TAX FREE!
TAX FREE!
Ís 10 kr
Skútuvogi
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

# Hláturskast á Sinfóníutónleikum

**Hrefna Rósa Sætran** kann að fá munnvatnið til að streyma og garnirnar til að gaula, eins og þeir sem hafa séð matreiðsluþáttinn Matarklúbbinn á Skjáeinum vita vel. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* tók kokkinn káta í þriðju gráðu yfirheyrslu.

**Hvenær varstu hamingjusömust?** Ég er mjög hamingjusöm í dag og verð hamingjusamari með hverjum deginum.
**Ef ekki kokkur, hvað þá?** Hef alltaf haft brennandi áhuga á hönnun og hefði líka alveg verið til í að vera vöruhönnuður.
**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Hrísgrjón í öllum myndum og formi. Soðin, steikt og meira að segja Rice krispies! Þau eru eini æti hluturinn sem ég fæ bara ekki leið á.
**Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?** Sem betur fer þá man ég það ekki og hef lítinn áhuga á að muna vonda hluti.
**Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa?** Tókýó en bara ef ég mætti taka vini mína og Fiskmarkaðinn ásamt starfsfólkinu með mér.
**Draumahelgin þín í einni setningu?** Ég myndi vilja vakna, klæða mig í sumarlegan kjól, fara niður í bæ, kíkja á listasýningar og einhverja þannig viðburði, slappa af á kaffihúsi, bjóða fólki í mat og spila og svo kíkja á bæjarlífið.
**Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt?** Að bera út sjónvarpsdagskrána. Ágætis starf samt sem áður en ég var á þeim aldri að ég vildi vera að gera eitthvað allt allt annað en það.
**Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni?** Ég fíla Reykjavík mjög vel.
**Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju?** Ég myndi fara til framtíðarinnar og sjá heiminn þegar það er búið að finna upp og prófa allt. Allt er orðið stabílt svona eins og í bíómyndinni Demolition Man.
**Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?** Stundum hugsa ég og pæli of mikið og get ekki sofnað.
**Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera?** Ég hefði alveg viljað æfa samkvæmisdansa lengur.
**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?** Heyrðu … ég fæ mjög oft hlátursköst en eftirminnilegasta og nýlegasta kastið var á Sinfóníutónleikum þegar Iðunn vinkona mín benti mér á að einn hljóðfæraleikarinn hét Kleina … ég hló svo mikið að hún Sigrún Eðvalds var byrjuð að hlæja með mér … án gríns!
**Áttu þér einhverja leynda nautn?** Já.
**Bók eða bíómynd?** Ég vildi að ég gæti sagt bók en því miður verður bíómyndin oftar fyrir valinu.
**Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?** Ég lít upp til foreldra minna.
**En hvaða núlifandi manneskju þolir þú ekki?** Ég fíla ekki Michael Bolton sem tónlistarmann en hann er örugglega ágæt manneskja.
**Uppáhaldsorðið þitt?** „Án gríns“ … reyndar tvö orð sem eru ekki skemmtileg nema þau séu notuð saman.
**Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?** Mig langar óendanlega mikið í heitan pott út í garð … sem ég reyndar á ekki!
**Hvað myndi fullkomna líf þitt?** Það væri fullkomið ef ég þyrfti ekki að sofa og myndi sleppa við aukaverkanir eins og þreytu.
**Hvaða lag á að spila í jarðarförinni þinni?** Blue Velvet með Bobby Vinton.
**Hvað er næst á dagskrá?** Taka upp fleiri Matarklúbbsþætti, fara á Eistnaflug og Lunga og svo ætla ég að kíkja til Köben í haust.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran.

**FÆÐINGARÁR:** 1980.

**LÍFIÐ Í HNOTSKURN:** Alin upp í Breiðholti en hefur búið í miðbæ Reykjavíkur frá því hún komst í fullorðinna tölu og kann hvergi betur við sig. Eldamennska er hennar ástríða. Hún stofnaði veitingastaðinn Fiskmarkaðinn í ágúst árið 2007 og á fast sæti í kokkalandsliði Íslands. Nýlega hóf hún sjónvarpsstjörnuferil sinn þegar matreiðsluþátturinn Matarklúbburinn hóf göngu sína á Skjáeinum.



**HREFNA RÓSA SÆTRAN** Langar í heitan pott út í garðinn hjá sér – en fyrst verður hún reyndar að eignast garð.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Augnablikið** Lífið er hverfult og maður veit ekkert hvað það ber í skauti sér. Best að njóta augnabliksins.



**Beljuvín** Árið 2007 snerist valið á víni um gæði umfram magn. Nú viljum við bæði gæði og magn.

**Þjóðsögur** Það er sniðugt að glugga í þjóðsögurnar til að kunna betri skil á þeim stöðum sem maður heimsækir í fríinu.

### Á niðurleið

**Kobe-kjöt** Að kaupa kjöt af nautum sem alin eru á bjór og fá reglulega nudd er fáránlegt á tímum þegar fólk hefur ekki efni á slíkum munaði fyrir sjálft sig.



**Gervineglur** Það er erfitt að athafna sig með sentímetra framlengingu á öllum puttum. Og stuttar og snyrtilegar neglur eru fallegri hvort sem er.


NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig
ÓDÝRT
30% afsláttur
ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI
LAMBALÆRI KRYDDAÐ / ÓKRYDDAÐ
1198
1698 KR./KG
ÞÚ VELUR ÞITT KRYDD EÐA MARINERINGU
– á kjöt úr kjötborði Nóatúns
Góð kaup á grillið í Nóatúni
ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI
LAMBAHRYGGUR MEÐ VILLISVEPPUM
1898 KR./KG
1998
NJÓTTU SUMARSINS
47% afsláttur
GRÍSAHNAKKI MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
898 KR./KG
1698
ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI
ÓDÝRT OG SVALANDI
COKE LIGHT 2 LÍTRAR
149 KR./2L
ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI
UNGNAUTABORGARI 120 G
159 KR./STK.
249
GOTT ÚRVAL AF HAMBORGURUM
15% afsláttur
UNGNAUTALUND ERLEND
3989 KR./KG
4698
ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI
MJÚKAR OG BRAGÐGÓÐAR
VÖLU KÓKOSBOLLUR
299 KR./PK.
LAMBI GOURMET ELDHÚSRÚLLUR
499 KR./PK.
10% afsláttur
MATFUGL KJÚKLINGA-PINNAR BBQ
2698 KR./KG
2998
GOTT Á GRILLIÐ!
12% afsláttur
KINDAINNLÆRI SPJÓT LAS VEGAS
698 KR/STK.
ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI
ÚRVAL AF STURTUSÁPU
STURTUSÁPA 3 TEGUNDIR
159 KR./STK.
NÓATÚN
www.noatun.is
EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

**NEIL SIMON ER 82 ÁRA Í DAG.**

*„Ef enginn tæki nokkurn tíma áhættu hefði Michelangelo málað gólfið í Sixtínsku kapellunni.“*

***Neil Simon er bandarískt leikskáld og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir leikrit á borð við The Odd Couple og Lost in Yonkers og fyrir handritið að kvikmyndinni The Goodbye Girl.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. JÚLÍ 1957

## *Hulda fyrsti kvenbæjarstjórinn*

Þennan dag árið 1957 varð Hulda Jakobsdóttir fyrsta konan til að gegna embætti bæjarstjóra á Íslandi. Hulda fæddist í Reykjavík 21. október 1911, dóttir hjónanna Guðrúnar Ármannsdóttur húsmóður og Jakobs Bjarnasonar vélstjóra. Hún stundaði nám við Miðbæjarskólann og Menntaskólann í Reykjavík. Hún lauk cand.phil.-prófi frá Háskóla Íslands og stundaði síðar frönskunám við sama skóla. Hulda giftist Finnboga Rúti Valdemarssyni árið 1938 og eignuðust þau fimm börn.

Í lokaverkefni Auðar Jónsdóttur um Huldu segir meðal annars: „Hún tók við bæjarstjórastarfi af manni sínum Finnboga Rúti Valdimarssyni. Hulda lagði mikla áherslu á í sinni bæjarstjóratíð að efla og styrkja skóla- og félagsmál enda þörfin brýn þar sem nemendafjöldi fór vaxandi og félagsþjónusta og félagslíf var á algjöru frumstigi. Hulda beitti sér fyrir byggingu Félagsheimilis Kópavogs og Kópavogskirkju, heilsuverndarstöðvar og Sundlaugar Kópavogs. Einnig lagði hún grunn m.a. að fjölmörgum menningarþáttum og valdi til verka víðsýnt og menntað fólk, ekki síst konur.“

Hulda gegndi embættinu í fimm ár en eftir að hún lét af störfum starfaði hún um árabil sem umboðsmaður Brunabótafélags Íslands í Kópavogi og sat aftur sem bæjarfulltrúi í Kópavogi 1970-1974.

Hulda og Finnbogi Rútur voru gerð að fyrstu heiðursborgurum Kópavogs árið 1976 og Hulda var sæmd riddarakrossi fyrir störf sín að sveitarstjórnarmálum árið 1994.



**BÆJARSTJÓRI KÓPAVOGS** Hulda varð fyrsta konan til að gegna embætti bæjarstjóra á Íslandi.

### MERKISATBURÐIR

**1685** Halldór Finnbogason er brenndur á báli á Þingvöllum, gefið að sök að hafa snúið Faðirvorinu upp á andskotann.

**1776** Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna er undirrituð af þrettán breskum nýlendum í Norður-Ameríku.

**1973** Margrét Danadrottning og eiginmaður hennar, Hinrik prins, koma í opinbera heimsókn til Íslands.

**1976** Ferjan Herjólfur kemur fyrst til Vestmannaeyja.

**1976** Ísraelsher frelsar eitt hundrað gísla um borð í Air France-vél á flugvellinum í Entebbe í Úganda.

**2004** Þungarokksveitin Metallica spilar í Egilshöll fyrir um 18.000 manns.



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför móður okkar,*

**Soffíu S. Briem**

Hrafnistu, Hafnarfirði.

**Ingibjörg Briem**
**Sigrún Briem**
**Jón G. Briem.**



*Ástkær faðir okkar,*

**Runólfur Sæmundsson**

Skólavörðustíg 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi að morgni miðvikudagsins 1. júlí. Jarðarför auglýst síðar.

**Davíð Runólfsson**
**Halldór Björn Runólfsson.**



*Ástkær systir okkar og frænka,*

**Ragna Haraldsdóttir**
**Dídí**

hjúkrunarfræðingur, Æsufelli 2,

lést á líknardeild Landakotsspítala mánudaginn 29. júní. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 10. júlí kl. 15.00.

**Sigurður Haraldsson**
**Gunnar Haraldsson** **Ragnheiður Eiríksdóttir**
**og fjölskyldur.**

**Legsteinar og fylgihlutir**
• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista
*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**
**Davíð Ósvaldsson** *Útfararstjóri* S. 896 6988 / 553 6699
**Óli Pétur Friðþjófsson** *Útfararstjóri* S. 892 8947 / 565 6511

Útfararþjónusta
borgarinnar
Sími 551 7080
Bárugötu 4, 101 Reykjavík.
Inger Steinsson, útfararstjóri, s. 691 0919
Inger Rós Ólafsdóttir, útfararstj., s. 691 0919
Ólafur Örn útfararstjóri, s. 896 8544
Vönduð og persónuleg þjónusta



**STOLTAR** Vinkonurnar Emma og María með bókina Matur er mannsins megin sem þær bjuggu til. Þótt áhuginn á eldamennskunni sé mikill ætla þær þó ekki að leggja stund á matreiðslunám. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MARÍA SIGURHANSDÓTTIR OG EMMA ADOLFSDÓTTIR: GÁFU ÚT MATREIÐSLUBÓK

# Ágóðinn til góðgerðamála

„Þetta var lokaverkefni í skólanum sem við völdum sjálfar og við ákváðum að gera matreiðslubók því okkur finnst gaman að mat og eldamennsku. Við elduðum sjálfar allan matinn sem birtist í bókinni og tókum myndir af honum, bjuggum svo til bókina og seldum hana til kennara, vina og vandamanna,“ segir María Sigurhansdóttir um tilurð bókarinnar Matur er mannsins megin, sem hún gaf út ásamt vinkonu sinni Emmu Adolfsdóttur, en þær útskrifuðust úr tíunda bekk í Langholtsskóla í vor.

Alls seldu þær stöllur 68 bækur á 1.000 krónur stykkið og fengu því 68.000 krónur í ágóða af bókinni. Hann gáfu þær svo til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

„Ég tengist þessu félagi, systir mín var veik og það er rosalega erfitt að vera með einhvern veikan í fjölskyldunni. Það er því gott að geta styrkt slíkar fjölskyldur,“ segir María, en systir hennar hefur í tvígang greinst með hvítblæði. Voru forsvarsmenn Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna að vonum ánægðir með framlagið.

Uppskriftirnar í bókinni eru aðallega réttir sem þeim Maríu og Emmu þykja góðir. Þær fengu nokkrar uppskriftanna lánaðar frá ættingjum og sumar byggja þær á uppskriftum úr öðrum matreiðslubókum.

„Mest gaman finnst mér að elda mat, helst stóra rétti frekar en kökur og brauð,“ segir María, beðin um að upplýsa hvað henni þyki skemmtilegast við matreiðsluna en Emmu þykir hins vegar ánægjulegra að baka.

Hvað framtíðina varðar segjast stúlkurnar ætla í Menntaskólann í Reykjavík og Fjölbrautaskólann í Ármúla í haust. Þær segjast staðráðnar í að hafa eldamennskuna að áhugamáli þótt þær hafi engar fyrirætlanir um að fara út í matreiðslunám.

Uppáhaldsuppskriftir Maríu og Emmu úr bókinni fylgja hér með.

**heidur@frettabladid.is**

**Bananabrauð**

1 egg
150 g sykur
2 þroskaðir bananar
1/2 tsk. salt
1/2 tsk. matarsódi
250 g hveiti

*Aðferð: Þeytið eggið og bætið sykri við. Merjið banana og bætið síðan við hveiti, matarsóda og salt. Bakið í 45 mínútur við 160° með blástur eða án blásturs á 180°C.*

**Marineraður kjúklingur**

4 tsk. engifer
3 hvítlauksrif
matarolía
4 kjúklingabringur

*Aðferð: Rífið um það bil fjórar teskeiðar af engifer í skál. Skerið þrjú hvítlauksrif og bætið í skálina. Setjið matarolíu í skál og yfir kjúklinginn. Geymið þetta í ísskáp í tvo tíma. Grillið svo kjúklinginn.*

**Grillbrauð**

1 bolli sýróp
2 bollar súrmjólk
4 bollar hveiti
1 tsk. hjartarsalt

*Aðferð: Hrærið saman öllum hráefnum í eina skál. Takið svo hluta úr degi og gerið litla kúlu og fletjið hana út og bætið við hveiti. Grillið brauðið þar til það er næstum brunnið á báðum hliðum. Berið það fram með grillmat í stað kartaflna. Munið að hafa nóg af hveiti.*

Gott að bera fram með sumarlegu salati og sósu.





**ÆFING** Frá æfingu Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins árið 2007.

# Ungfónía spilar í Neskirkju

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar, heldur tónleika í Neskirkju mánudaginn 6. júlí klukkan 20. Flutt verða verkin Rómverskt karnival eftir Hector Berlioz, ókláraða sinfónía Schuberts og flautukonsert eftir Reinecke. Einleikari verður Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, eða Ungfónía, var stofnuð árið 2004 og tekst á við þrjú verkefni á hverju ári. Hún er jafnan skipuð um fimmtíu tónlistarnemum sem langt eru komnir í námi hér á landi og erlendis. Einleikarar með sveitinni eru jafnan nemendur sem eru um það bil að ljúka námi við erlenda tónlistarháskóla eða eru að stíga sín fyrstu skref sem einleikarar.

Melkorka Ólafsdóttir stundaði tónlistarnám við Tónskóla Sigursveins, Tónlistarskólann í Reykjavík og LHÍ áður en hún hélt til framhaldsnáms í Haag og Amsterdam í Hollandi. Þaðan lá leiðin til Parísar og London. Hún stundaði nám við Guildhall School of Music and Drama og hlaut þar James Galway-verðlaunin. Hún stofnaði Tríó Lurra í Hollandi og hefur komið fram með því víða um lönd. Melkorka hefur leikið með ýmsum hljómsveitum, þar á meðal Orkester Norden, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput, Het Nieuw Ensemble, The Barton Workshop, hljómsveit Hollensku óperunnar, Fílharmóníuhljómsveitinni í Rotterdam og hinni frægu Concertgebouw-hljómsveit í Hollandi.

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra,*

**Hjalta Þórs Kjartanssonar.**

**Sigríður Haraldsdóttir** **Óskar Jóhann Björnsson**
**Kjartan Ólason**
**Andrés Pálmarsson**
**Haraldur Óli Kjartansson**
**Guðrún Helga Andrésdóttir**
**Magnús Arnar Andrésson**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreiðar G. Viborg**

Hraunvangi 3
(áður Barmahlíð 34), Hafnarfirði,

andaðist á Vífilsstöðum þriðjudaginn 30. júní.
Jarðarförin verður auglýst síðar.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Jóna Helgadóttir**
**Helgi Þór Viborg** **Hildur Sveinsdóttir**
**Guðmundur Viborg**
**Sigríður María Hreiðarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór M. Ólafsson**

áður til heimilis að Hlíðarvegi 14, Ísafirði,

lést á Sólvangi, Hafnarfirði, 30. júní sl.
Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 6. júlí kl. 13.00.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs í Hafnarfirði.

**Guðrún Halldórsdóttir** **Halfdán Hauksson**
**Ólafur Á. Halldórsson** **Valgerður G. Jónsdóttir**
**Björg Sörensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Sveinsson**

fyrrverandi útgerðarmaður,
Víkurbraut 30, Hornafirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju þriðjudaginn 7. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarheimili HSSA eða Björgunarfélag Hornafjarðar.

**Sigríður Helga Axelsdóttir**
**Ragnhildur Jónsdóttir** **Grétar Vilbergsson**
**Axel Jónsson** **Fanney Þórhallsdóttir**
**Sveinbjörg Jónsdóttir** **Ómar Frans Fransson**
**og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir viljum við færa öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar dóttur okkar, systur, unnustu og barnabarni,*

**Söndru Lindar Pétursdóttur**

Eyrarvegi 8, Akureyri.

**Pétur Steinar Hallgrímsson** **Eygló Tryggvadóttir**
**Sunna Lind Pétursdóttir**
**Marvin Haukdal Einarsson**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Hallgrímur Matthíasson** **Hrafnhildur Guðjónsdóttir**

---



*Útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og sonar,*

**Þórhalls Steingrímssonar**

kaupmanns, Sogavegi 158,

verður gerð frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 8. júlí kl. 11.00. Jarðsett verður frá Skarðskirkju í Landsveit kl. 15.00.

**Þorgerður K. Halldórsdóttir**
**Þóra Kristín Þórhallsdóttir** **Árni Þór Steinarsson**
**Rakel Ósk Þórhallsdóttir** **Elmar Sigurðsson**
**Berglind Björk Þórhallsdóttir** **Sigurður Árnason**
**Helga María Þórhallsdóttir** **Ívar Daníelsson**
**Þóra Kristín Kristjánsdóttir.**

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Haraldar Brynjólfssonar**

frá Króki Norðurárdal,
Kirkjusandi 3, Reykjavík.

**Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Brynjólfur Haraldsson** **Jóhanna K. Birgisdóttir**
**Guðrún J. Haraldsdóttir** **Þorkell D. Jónsson**
**Arndís Haraldsdóttir** **Ingþór K. Sveinsson**
**Ingibjörg E. Ingimundardóttir** **Kristján V. Kristinsson**
**Sigurður S. Ingólfsson** **Kristín S. Steingrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi*

**Árni Jóhannes Hallgrímsson**

Breiðuvík 6, 112 Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 28. júní.
Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju, mánudaginn 6.júlí. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið og Hjartaheill.

**Ásdís Ásgeirsdóttir**
**Ása Árnadóttir** **Sigurdór Friðjónsson**
**Kristjana Vilborg Árnadóttir** **Hannes Björn Friðsteinsson**
**Guðrún Árnadóttir** **Ásgeir Óskarsson**
**Ásgeir Þór Árnason** **Karlotta Jóna Finnsdóttir**
**Hallgrímur Árnason**
**Sigurður Árnason** **Kari Anne Østby**
**Dagný Árnadóttir** **Hafsteinn Hróbjartur Hafsteinsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sverrir Leósson**

útgerðarmaður
Aðalstræti 68, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 7. júlí kl. 13.30.

**Auður Magnúsdóttir**
**Magnús Sverrisson** **Unnur Dóra Norðfjörð**
**Ásthildur Sverrisdóttir** **Jóhann Björgvinss**
**Ebba Sverrisdóttir** **Sveinbjörn Bjarnason**
**Ragnhildur Sverrisdóttir** **Steinar Sigurðsson**
**afabörnin þín og langafastrákarnir.**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Björns Björnssonar**

til heimilis að Sléttuvegi 19, Reykjavík.

**Jóna Finnbogadóttir**
**Þórhalla Björnsdóttir**
**Björn Björnsson**
**Sigurður Björnsson** **Guðrún Káradóttir**
**Jón Ingi Björnsson** **Aðalheiður B. Matthíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og bróður,*

**Guðlaugs Jónatanssonar**

bifvélavirkja, Faxabraut 28, Keflavík.

**Anna Rodita Rufina Jónatansson**
**Gema Librando** **Leonardo Librando**
**Fanney Guðlaugsdóttir**
**barnabörn og Gunnar Jónatansson.**





# Músin sem varð kettlingur



NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Nýlega átti sér stað furðulegt atvik sem rétt er að greina frá. Þannig var málum háttað að inni á heimilinu er köttur sem heitir Kleópatra. Læðan er ákaflega gáfuð, er hreinræktuð af Abyssinian-kyni sem talið er að eigi sér þúsund ára sögu og var dýrkað af Egyptum til forna. Eða svo segir Wikipedia og ekki lýgur hún.

Kleópatra fór nýlega að venja sig á það að skoða sitt nánasta umhverfi utandyra. Og kunni því bara ágætlega. Heimilisfólkið fór þó að veita því athygli að hún var orðin örlítið breiðari um sig miðja en áleit sem svo að hún hlyti bara að vera að þrífast vel innan og utan veggja heimilisins. Og ekki gat hún verið kettlingafull vegna líffræðilegra vandamála sem hafa fylgt henni um nokkurt skeið.



Einn daginn rak heimasætan hins vegar upp mikið skaðræðisóp þegar henni sýndist Kleópatra koma með mús undan rúminu hennar. Kallað var á meindýraeyði sem lagði gildrur fyrir óboðna gestinn og lét þess getið að það gæti tekið nokkra daga að fanga músina, fólk yrði bara að vera þolinmótt.

Kleópötru stóð hins vegar ekki á sama um örlög músarinnar og vældi svo mikið fyrir utan herbergi eiganda síns að móðirin ákvað að rannsaka málið ögn betur. Í ljós kom að músin var bara alls engin mús heldur lítill kettlingur. Enginn veit hins vegar hvernig stóð á því að ófrjó læða gat allt í einu eignast afkvæmi og enn síður er vitað hver pabbinn er. En svona gerast nú kraftaverkin á hverjum degi. Líka hjá köttum.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLANDSNAUT 1. FL. NAUTAKJÖT Á GRILLIÐ
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans
100% NAUTAKJÖT
4 stk. hamborgarar
599
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M.BRAUÐI MERKT VERÐ 798 KR 25% AFSLÁTTUR 599 kr.
Minna En 5% Fita
Kjöthitamælir fylgir
Grillsteik kryddlegin
2398
ÍSLANDSNAUT KRYDDLEGIÐ INNRALÆRI
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 2398 kr./kg.
NAUTAVÖÐVI New Orleans
1598
ÍN KRYDDLEGINN NAUTAVÖÐVI
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
10 stk 100 gramma alvöru
1298
ÍN FROSNIR 100G UNGNAUTAHAMBORGARAR
10 STK. 1298 kr.
2398
ÍN KRYDDLEGINN NAUTAVÖÐVI
Í SNEIÐUM MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
2398 kr./kg.
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1498
BÓNUS KJÚKLINGABRINGUR 1498 kr./kg
598
598 kr. 8 ltr.
COKE 4 STK. 2 LTR. = 8 LTR.
598 kr.
Lúxus Lambalæri
1398
K.F KRYDDAÐ LAMBALÆRI 1398 kr./kg.
598
598 kr. 8 ltr.
COKE LIGHT 4 STK. 2 LTR.
8 LTR. 598 kr.
198
KÍNAKÁL INNFLUTT 198 kr./kg.
475
JARÐARBER HÁLFT KÍLÓ 475 kr.
398
BLÁBER 290 gr 398 kr.
325
PAPRIKA INNFLUTT
325 kr./kg.
169
ICEBERG 169 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

**> TÍSKUFRÉTT VIKUNNAR**

Rapparinn Kanye West er í eins konar starfsnámi hjá Gap í New York. Kanye reynir að afla sér eins mikillar vitneskju um fatahönnun og tískugeirann eins og hann getur áður en hann kemur eigin hönnunarlínu á laggirnar.

# stíll

utlit@frettabladid.is



litrík sólgleraugu til að nota í sólinni.





þennan yndislega blómahring og eyrnalokka í stíl frá Steinunni Völu Sigfúsdóttur.

OKKUR LANGAR Í …



fallega bleikan varalit fyrir sumarið.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Kolbrún Björt Sigfúsdóttir**

# *Tískan er ekki til í núinu*

Það er byrjun júlí og ég er að skoða helstu tískustrauma í haust- og vetrarlínunni. Blúndur segja þeir. Svart og rómantískt í bland við áhrif frá níunda áratugnum, en ekki hvað? Er nokkur lína laus við þau? Það er byrjun júlí og ég er farin að spá í því hverju ég mun klæðast í vetur. Eins og veturinn sé ekki nógu langur, hans sé sárt saknað héðan úr sólinni. Tískan er aldrei í núinu. Hún er á morgun eða í gær en aldrei í dag. Um leið og orðin „það heitasta í dag“ hafa verið muldruð er augnablikið farið. Það sem var heitast í dag er orðið allra og þar með hallærislegt. Tíska sérhvers tíma er því bara til í fortíð og framtíð.

Þess vegna eru þeir sem eru skrefinu á undan, til dæmis í svörtu á sumrin og gulu á veturna, oft taldir tískugoð eða frömuðir. Hvers vegna gerum við það þá ekki öll? Einfaldast væri náttúrlega að vera allan daginn, alla daga í svörtu. Svart er hið nýja svart jafnvel þegar grátt er hið nýja svart. Getur það klikkað? Ef tískan er aldrei núsins er erfitt að tolla í henni, nema maður sé alltaf í eigin stíl. Með svart er það vitað að næsta haust verður það aftur orðið heitt (þar með kalt um leið) og þú verður stjarna sumarsins. Eins gott að birgja sig upp af svitalyktareyði.



**SVART** Hér sjást föt úr vor- og sumarlínunni 2010 eftir Marcel Ostertag.

Svo er sagt að tískan gangi alltaf í hringi. Getur maður þá bara valið sér áratug til að tolla í? Hringirnir eru orðnir svo stuttir að maður verður örugglega á toppi tískunnar einu sinni á ári, oftar ef maður ákveður að níundi áratugurinn hafi alltaf klætt mann best.

Tvenns konar tískugoð eru til; þau sem eru sjálfum sér samkvæm, það er yfirleitt í svipuðum stíl, annars vegar og hins vegar þau sem eru alltaf að breytast, yfirleitt óháð því sem á að þykja fínt og flott. Í seinni flokkinn falla til dæmis Madonna og David Bowie. Í þann fyrri mætti flokka Michael Jackson, Audrey Hepburn og Jackie Kennedy. Það sem þetta fólk á hins vegar allt sameiginlegt er að það fylgir ekki tískunni, tískan fylgir því. Er þá nokkuð hægt að gera annað en að forðast tískuna eins og heitan eldinn?



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SUMARPILS** Þetta pils fæst í versluninni Spútnik í Kringlunni.



**GLAÐLEGUR BOLUR** Bolurinn fæst í versluninni Spútnik í Kringlunni.



**BLÓMLEGIR KJÓLAR** Fallegir kjólar með blómamynstri verða vinsælir í sólinni í sumar.

## STERKIR OG BLÓMLEGIR LITIR ERU ALLSRÁÐANDI Í SUMAR:

# Sól í hjarta og blóm í haga

**Þó að veðrið hafi ekki leikið við okkur Íslendinga það sem af er sumri er engin ástæða til að halda áfram að klæðast svörtu í sumar. Falleg mittishá pils og skemmtilegar stuttbuxur eru tilvalinn klæðnaður fyrir sumarfríið eða bæjarröltið. Einnig eru röndóttir eða doppóttir bolir sterkir inn ásamt skemmtilegum munstrum og blómlegum litum, á borð við gulan, rauðan og laxableikan, sem munu kalla fram sólskinsskapið í hverjum manni.** - sm



**SKEMMTILEG SAMSETNING** Þessi röndótti kjóll í svörtu og hvítu fer vel með dökkbláum jakka.








**NÁTTÚRULEGAR FLÍKUR** Jet Korine mun selja hönnun sína í versluninni Belleville, sem er í eigu Bjarna og Önnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Breytast eftir veðri og vindum

Ný fatalína hönnuðarins Jet Korine, #01 Endless Light, verður frumsýnd í versluninni Belleville á Laugavegi í dag. Þetta er fyrsta línan sem hún hannar undir eigin nafni og eru flíkurnar nokkuð sérstakar fyrir þær sakir að þær eru allar unnar á lífrænan hátt. „Ég var búin að starfa í tískubransanum í nokkur ár og fékk svo á endanum ógeð. Ég er með ákveðnar hugmyndir um heiminn og heimilið og vil sjálf hafa sem mest lífrænt og umhverfisvænt í kringum mig og þegar ég uppgötvaði hvað tískubransinn var fjarri þeim hugsunarhætti fannst mér ég ekki geta tekið þátt í þessu lengur. Þegar ég fór af stað með þessa fatalínu vildi ég ekki setja nafnið mitt við neitt sem ekki væri lífrænt í framleiðslu,“ segir Jet um hugmyndina að baki línunni.

Fötin eru handlituð með náttúrulegum lit og svo þvegin upp úr sjó; með þessari aðferð skiptir flíkin litum í mismunandi birtu og breytist eftir því hversu mikið hún er notuð.

Frumsýningarteitið hefst klukkan 16 og verður gestum þá boðið að skoða flíkurnar auk þess sem sérstök innsetning verður í glugga verslunarinnar.

- sm




# SJÓÐHEITT DANSFESTIVAL!






## Phlex - heitasti danshöfundur L.A. - einungis helgina 10. og 11. júlí!

**Í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal. Allt það nýjasta frá N.Y. og L.A. 100% DANSGLEÐI lofað!! Námskeiðin eru fyrir ALLA**
**Ekki missa af einstöku tækifæri!!**



**PHLEX hefur samið fyrir So You Think You Can Dance? MTV´s America´s Best Dance Crew, MTV Dancelife, Billboard Music Awards og The Wade Robson Project. Vinnur með Britney Spears að "Circus" World Tour og samdi dansa við nýjasta myndbandið "If you seek Amy". Danshöfundur Beyonce fyrir "I Am" World Tour, Nelly & the St. Lunatics, Lil Jon, J Kwon, Chingy og fjölda annarra.**

**Þeir sem skrá sig á sumarnámskeiðin njóta sérkjara á Dansfestivalið með PHLEX**

## DANSGLEÐI Í SUMAR HEFST 29.JÚNÍ!

Jazzfunk | Street | Hip Hop | Magadans | Freestyle | Barnadansar




**Vertu með frá byrjun og komdu þér í glimrandi form fyrir sumarið!**

**Fjöldi 10 vikna námskeiða í boði - kröftugir tímar við nýjustu danstónlistina!**

**Aldursflokkar:**
7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára, 20-24 ára, 25-30 ára, 35 +

**Sjóðheitir tímar við nýjustu danstónlistina!**

**SKRÁÐU ÞIG NÚNA!**
dancecenter.is

Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is. og facebookgrúbbu DanceCenter Reykjavík.
Einnig er hægt að senda tölvupóst á info@dancecenter.is eða í 861 5658 hjá DanceCenter Reykjavík.




**Vertu í Glimrandi DansFormi í SUMAR!**
Fjölbreyttir, metnaðarfullir og vandaðir danstímar hjá kröftugu DansLiði. Danskennarar eru þaulreyndir dansarar, danshöfundar og kennarar, sem hafa unnið til fjölda Íslandsmeistartitla í sinni grein!

DANSLIÐ
So You Think You Can Dance?
kemur sérstaklega á vegum:

DANCE CENTER REYKJAVÍK

www.dancecenter.is

DANSGLEÐI með:
2 skemmtilegri | ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS | ÍTR | Kristall plús GÓÐUR OG SVALANDI | SAMSKIPTI prentlausnir fyrir skapandi fólk

## > AMY SETT Í BANN

**Amy Winehouse** hefur verið bannað að nota sundlaugina á sumarleyfisstað á Karíbahafseynni St. Lucia. Ástæðan er sú að starfsfólk er hrætt um að hún drukkni ef hún fari ölvuð í laugina. „Hún er alltaf ölvuð og enginn í hennar ástandi ætti að koma nálægt vatni,“ sagði heimildarmaður The Sun.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Susan Boyle frábær í hljóðverinu

Idol-dómarinn Simon Cowell er afar spenntur fyrir nýrri plötu Susan Boyle sem lenti í öðru sæti í raunveruleikaþættinum Britain´s Got Talent. Upptökur á plötunni standa nú yfir og segist Cowell aldrei hafa verið hrifnari af rödd Boyle en einmitt nú.

„Ég hef tekið upp með henni eitt lag og hún hljómar stórkostlega. Hún er virkilega góð og þessi plata verður ekki bara með sýningarlögum. Við ætlum að taka okkur góðan tíma í þetta,“ sagði Cowell.

Boyle sló í gegn þegar hún söng I Dreamed a Dream úr söngleiknum Les Miserables í áheyrnarprufum þáttarins í Glasgow. Eftir að hún lenti í öðru sæti í úrslitaþættinum varð hún örmagna og þurfti að eyða fimm dögum í endurhæfingu.

Cowell var sakaður um að hafa notfært sér hina 48 ára Boyle til að auka áhorfið á þáttinn en hann er ósammála því. „Enginn neyddi hana til að taka þátt. Ég sagði við hana: „Ef þetta er of mikið fyrir þig þá þarftu ekki að taka þátt í úrslitunum“,“ sagði hann. „Enginn ætlar að neyða þig til þess. Gerðu bara það sem þú vilt.“



**SIMON COWELL** Cowell er afar hrifinn af frammistöðu Boyle í hljóðverinu.



**SUSAN BOYLE** Hins skoska Boyle varð önnur í raunveraleikaþættinum Britain´s Got Talent.


FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Til leigu



## Hagabeit og hesthús

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar auglýsir til leigu hagabeit og hesthús í landi Víðiness á Kjalarnesi. Landið er um 63 hektarar og hesthúsið ásamt hlöðu er um 430 m². Landið þarfnast áburðar og húsin viðhalds.

Til frekari upplýsinga vísast á vefslóðina www.reykjavik.is/fer, þar er að finna samningsdrög og loftmynd. Sendið fyrirspurnir á netfangið olafur.i.halldorsson@reykjavik.is

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | www.reykjavik.is/fer

## Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál



REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar




**ALDREI VERIÐ BETRI** Eiríkur Hauksson fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag og blæs af því tilefni til mikillar rokkveislu í Austurbæ. Hann segist aldrei hafa verið í betra formi og aldrei hafa haft jafn mikið að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Aldrei verið í betra formi

**Einhver ástsælasti rokksöngvari þjóðarinnar fyrr og síðar, Eiríkur Hauksson, fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag. Hann blæs af því tilefni til mikillar afmælisveislu í Austurbæ.**

„Takmörk, nei, þetta er samt fín hugmynd. Takk fyrir hana, ég kannski geri það bara, set mér einhver takmörk í tilefni dagsins,“ segir Eiríkur Hauksson, rokksöngvari Íslands númer eitt. Í dag eru fimmtíu ár liðin síðan Eiríkur leit dagsins ljós í fyrsta skipti og óhætt er að segja að hann hafi sett mark sitt á íslenskt tónlistarlíf á þeim fimmtíu árum sem hann hefur gengið um á meðal manna. „Ég er bara fyrst og fremst ánægður að verða þetta gamall, ég meina, hver hefði búist við því?“ segir Eiríkur og hlær. „Svona miðað við aldur og fyrri störf. Ég lít því á þetta sem glæsileg tímamót.“

En þrátt fyrir að Eiríkur sé að verða fimmtugur er hvergi neinn bilbug á honum að finna. Hann segist reyndar aldrei hafa haft meira að gera. „Ég er að taka upp plötu með hljómsveit sem heitir Magic Pie, við erum búnir að taka upp nokkra grunna og klárum plötuna seinna á þessu ári. Og svo mun ég syngja eitthvað fyrir vin minn, Ken Hensley, í júlí og ágúst,“ segir Eiríkur, sem hefur að mestu haldið sig utan landsteinanna undanfarin ár ef undanskilið er Eurovisionlagið Ég les í lófa þínum. „Jú, auðvitað kemur til greina að gefa eitthvað út á móðurmálinu, það yrði þá að vera verkefni fyrir 2010 því ég er alveg fullbókaður fyrir þetta ár.“

Eiríkur segist aldrei hafa verið í betra formi, bæði líkamlega og andlega. „Auðvitað mættu fjúka tvö eða þrjú kíló svo að maður fengi þvottabretti á magann en annars er ég bara mjög góður, verð aldrei veikur eða neitt þannig. Nema bara af stóru sjúkdómunum eins og krabbameini,“ segir Eiríkur og bætir því við að kannski séu þessi tímamót einmitt svolítið sérstök í því ljósi, að hafa unnið bug á þeim mikla vágesti. „Já, það er kannski alveg rétt, maður lítur þennan áfanga kannski öðrum augum í ljósi þessa.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Góðar stundir frá Veðurguðum

Hljómsveitin Ingó og Veðurguðirnir gefur út sína fyrstu plötu, Góðar stundir, næstkomandi fimmtudag. Á henni verða tólf lög, þar af fjögur sem hafa verið spiluð í útvarpi að undanförnu og Undir regnbogann sem Ingó söng í undankeppni Eurovision í vetur.

„Við erum mjög spenntir. Við höfum trú á að fólk hafi gaman af þessu,“ segir Ingó. Nýtt lag af plötunni er væntanlegt í spilun á næstunni og nefnist það Fokk hvað ég fíla hana. „Það fjallar um söngvara í hljómsveit sem fer inn á bar og sér sæta stelpu. Hún fattar ekki hver hann er en svo fattar hún það og þá breytist viðhorf hennar til stráksins,“ segir Ingó og viðurkennir að textinn sé sjálfsævisögulegur.

Ingó og Veðurguðirnir eru bókaðir í allt sumar, enda ein vinsælasta hljómsveit landsins um þessar mundir. Í kvöld spila þeir á Þingeyri við Dýrafjörð, 17. júlí verða þeir á Spot í Kópavogi og um verslunarmannahelgina spila þeir á Þjóðhátíð í Eyjum í fyrsta sinn. Ingó hefur einnig verið að troða upp einn á skemmtistaðnum Oliver á fimmtudagskvöldum og á síðasta giggi var troðfullt út úr dyrum, aðallega af kvenfólki. „Það voru nú ekki bara stelpur, en það var mikill meirihluti,“ játar Ingó. „Fólk veit hvað það er að fá. Ég er alltaf að taka sömu lögin en samt er alltaf troðfullt. Það eru oft sömu stelpurnar sem mæta og þær draga svo vinkonur sínar með.“

- fb



**INGÓ** Hljómsveitin Ingó og Veðurguðirnir gefur út sína fyrstu plötu á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Nýtt í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is

**HEITASTA PLATAN Í DAG**




## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI


















# NÆSTU LEIKIR VISA BIKARINN 2009



## 16 liða úrslit karla

**Sunnudaginn 5. júlí**

| | | |
|---|---|---|
| **Kl. 14:00** | ÍBV - FH | Hásteinsvöllur |
| **Kl. 14:00** | Keflavík - Þór | Sparisjóðsv. Keflavík |
| **Kl. 15:00** | Breiðablik - Höttur | Kópavogsvöllur |
| **Kl. 19:15** | Fram - Grindavík | Laugardalsvöllur |
| **Kl. 20:00** | Fylkir - Fjarðabyggð | Fylkisvöllur |

**Mánudaginn 6. júlí**

| | | |
|---|---|---|
| **Kl. 18:00** | Valur - KA | Vodafonevöllurinn |
| **Kl. 19:15** | Víðir - KR | Garðsvöllur |
| **Kl. 19:15** | HK - Reynir S. | Kópavogsvöllur |

## 8 liða úrslit kvenna

**Þriðjudagurinn 7. júlí**

| | | |
|---|---|---|
| **Kl. 18:00** | Völsungur - Valur | Húsavíkurvöllur |
| **Kl. 19:15** | Fylkir - ÍBV | Fylkisvöllur |
| **Kl. 19:15** | Stjarnan - KR | Stjörnuvöllur |
| **Kl. 19:15** | Breiðablik - Þór/KA | Kópavogsvöllur |

VISA

**VISA styður íslenska boltann**


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 4. júlí 2009**

### ➜ Menningardagskrá

**08.00 Írskir dagar** á Akranesi byrja í dag á opna Guinness-golfmótinu á Garðavelli og lýkur með Lopapeysuballinu næstu nótt. Nánari upplýsingar á irskirdagar.is.

**08.00 Goslokahátíð** í Vestmannaeyjum. Skemmtidagskrá allan daginn fyrir fjölskylduna.

### ➜ Markaðir

**12.00 Lífrænn bændamarkaður** á Engi í Laugarási. Lífrænn ís, kryddjurtir, grænmeti og fleira í boði. Völundarhús, ávaxtatré og kryddjurtagarðar til sýnis.

### ➜ Skógrækt

**14.00 Opinn skógur í Ásabrekku** í Ásahreppi opnaður formlega. Skemmtiatriði, léttar veitingar, ávörp og leikir.

### ➜ Tónlist

**14.00 Árni Heimisson** heldur erindi og fyrstu sumartónleikar Skálholtskirkju hefjast með tónleikum Kammerkórsins Carminu klukkan 15.

**15.00 Kvartett brasilisísku söngkonunnar Jussanam da Silva** kemur fram á Jómfrúnni. Auk da Silva skipa hljómsveitina þeir Haukur Gröndal, Ásgeir Ásgeirsson, Þórður Högnason og Erik Qvick. Aðgangur ókeypis.

**20.00 Eiríkur Hauksson** fagnar fimmtugsafmæli sínu með tónleikum í Austurbæ. Miðaverð 3.900 krónur.

**20.00 Mono** spilar fyrir dansi á Players. Miðaverð 1.000 krónur.

**21.00 Anna Guðný Guðmundsdóttir** flytur Tuttugu tillit til Jesúbarnsins eftir Olivier Messiaen í Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit.

**21.00 Andrés Þór Tríó** leikur í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Á efnisskránni verða gömul íslensk dægurlög í nýstárlegum djassbúningi.



**21.30 Ljótu hálfvitarnir** spila fyrir gesti á Græna hattinum.

**22.00 Ragnheiður Gröndal** og hljómsveit spila þjóðlög á Café Rósenberg. Miðaverð 1.500 krónur.

**22.00** Hljómsveitin **Á móti sól** leikur á stórdansleik í Félagsheimilinu Bolungarvík.



**23.00 Papar** og **Egó** trylla lýðinn í Hvíta Húsinu, Selfossi. Miðaverð 2.500 krónur.



**23.00** Styrktarball Hinsegin daga á Nasa. Plötusnúður og skemmtanastjóri er **Páll Óskar**.

### ➜ Sýningar

**10.00 Sýning í þjóðdeild Þjóðarbókhlöðunnar** á nokkrum handritum **Gunnars Gunnarssonar**, sendibréfum og mismunandi útgáfum á bókum hans á íslensku, dönsku og þýsku.

### ➜ Myndlist

**14.00 George Hollanders** opnar sýninguna Tíðarandinn í Listmunahorninu á Árbæjarsafni.

**14.00 Hrönn Axelsdóttir** opnar sýningu sína með myndum af álagablettum og híbýlum huldufólks í Listasal Mosfellsbæjar.

**14.00 Aðalheiður S. Eysteinsdóttir** sýnir Tvílembd ær undir barði í Veggverki á Akureyri.

**15.00 Lind Völundardóttir** opnar sýninguna Bleikt með loftbólum á Café Karólínu. Lind er kjólameistari, myndlista- og textílkona.

Myndlistarkonan **Sossa** opnar nýja sýningu sína með viðeigandi hætti í Jónas Viðar Gallerí, Listagilinu á Akureyri.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 5. júlí 2009**

### ➜ Kvikmyndir

**16.00** Kvikmyndin Kikujiro frá 1999 eftir Takeshi Kitano sýnd í Norræna húsinu.

### ➜ Tónlistarhátíð

**14.00** Sinfóníuhljómsveit unga fólksins spilar í Siglufjarðarkirkju á Þjóðlagahátíð.

### ➜ Torfhús

**13.00** Burstabærinn Krókur á Garðaholti í Garðabæ er opinn á hverjum sunnudegi í sumar frá kl. 13-17.

### ➜ Uppákomur

**13.30** Í Gamla bænum í Laufási við Eyjafjörð verður hægt að fylgjast með fólki að við ýmsa iðju sem tíðkaðist í gamla daga.

### ➜ Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni að Stangarhyl 4. Borgartríó leikur fyrir dansi.

### ➜ Tónlist

**16.00** Sif Tulinius fiðluleikari og Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari flytja nokkur af lögum Atla Heimis við ljóð Laxness auk annarra perlna úr sögu tónbókmenntanna. Miðaverð er 500 krónur.

**17.00** Kristjana Arngrímsdóttir söngkona og Eyþór Ingi Jónsson organisti koma fram á fyrstu sumartónleikum Akureyrarkirkju.

**20.00** Stúlknakórinn Graduale Nobili heldur tónleika í Langholtskirkju. Á dagskrá er meðal annars Lorca-svítan eftir finnska tónskáldið Rautavaara. Miðaverð er 1.500 krónur.

### ➜ Myndlist

**14.00** Sigríður Melrós Ólafsdóttir, sýningarstjóri Rím í Ásmundarsafni, verður með leiðsögn um sýninguna.

**15.00** Opnun sýningarinnar Andans konur í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Gerður Helgadóttir og Nína Tryggvadóttir sýna.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


BROADWAY KYNNIR

Michael Jackson

SÝNING Á BROADWAY



**Broadway leitar að söngvurum fyrir sýningu sem frumsýnd verður á haustdögum**

Í septemberlok mun Broadway setja upp glæsilega söng- og danssýningu sem byggir á einstökum söngferli **Michael Jackson**.

**Áheyrnar- og dansprufur verða haldnar á Broadway mánudaginn 13. júlí kl. 16:00.**

Við leitum bæði að körlum og konum til að syngja hlutverk þessa frábæra snillings sem nú er fallinn frá. Jafnframt leitum við að ungum og efnilegum söngvurum til að syngja lög í sýningunni frá upphafi ferils meistarans.





Tónlistarstjóri sýningarinnar er Gunnar Þórðarson og leikstjóri er Egill Eðvarðsson

Áhugasamir hafi samband við Arnar Laufdal með tölvupósti á netfangið arnar@broadway.is



BROADWAY


Búðu til þitt eigið
Íslandsævintýri
Í hverri viku drögum við út nafn heppins spilara í Lottó eða Víkingalottó sem hlýtur ævintýralega ferð um Ísland – að verðmæti 200.000 kr.
Þú raðar saman þinni eigin ævintýraferð. Í boði er ótrúlega fjölbreytt afþreying, gisting, veitingar og margt fleira.
Allir þeir sem kaupa tíu raðir eða fleiri í Lottó eða Víkingalottó fara sjálfkrafa í pottinn – og eins allir þeir sem eru í áskrift.
Nánari upplýsingar á lotto.is
Lottó
VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR SUMARIÐ 2009
A. 12 14 17 21 41 48
B. 05 16 23 36 37 38
C. 07 09 13 22 34 38
D. 03 06 19 24 25 31
E. 11 19 21 25 38 42
F. 01 25 35 36 39 46
G. 18 19 20 23 28 46
H. 22 27 29 39 40 42
I. 03 11 15 19 41 45
J. 11 13 14 34 35 45
82310000183296
Í samstarfi við Ferðamálastofu
Dregið verður á hverju laugardagskvöldi frá 4. júlí til 29. ágúst.
Vinningsnúmer eru birt á lotto.is og á textavarpinu, síðu 287.
Vinninga skal vitjað hjá Íslenskri getspá fyrir 15. september 2009.

# Erfitt að segja bless



**JOHNNY DEPP** Hjartaknúsarinn segir að erfitt hafi verið að kveðja persónuna John Dillinger.

Johnny Depp segir að erfitt hafi verið að kveðja persónuna John Dillinger sem hann leikur í sinni nýjustu mynd, Public Enemies. Myndin fjallar um frægasta bankaræningja Bandaríkjanna, sem olli miklum usla í kreppunni á fjórða áratugnum. „Að segja bless við Dillinger var eins og að kveðja ættingja,“ sagði Depp. Samt telur hann að einna erfiðast hafi verið að kveðja Edward Scissorhands í samnefndri mynd. „Það var erfitt að búa ekki lengur við öryggið sem fólst í því að leyfa sér að vera svona hreinskilinn og berskjaldaður.“ Depp nefnir einnig persónu sína í The Libertine sem hann þurfti hreinlega að breytast í í rúmlega fjörutíu daga. „Þetta var eins og maraþon og þegar ljósin slokknuðu varð allt svart.“

Public Enemies er fyrsta mynd Depp síðan hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir Sweeney Todd. Á meðal annarra væntanlegra mynda hans eru The Imaginarium of Doctor Parnassus, Lísa í Undralandi og The Rum Diaries.

# Ný ofurgrúppa

**Dave Grohl úr Foo Fighters, Josh Homme úr Queens of the Stone Age og John Paul Jones, fyrrverandi bassaleikari Led Zeppelin, hafa stofnað ofurgrúppu og eru að undirbúa sína fyrstu plötu. Upptökur hafa farið fram í Los Angeles að undanförnu en ekki hefur verið tilkynnt hvenær platan lítur dagsins ljós. Grohl hefur áður starfað með Queens of the Stone Age, auk þess sem hann var nefndur sem mögulegur arftaki Johns Bonham þegar orðrómur var uppi um tónleikaferð Led Zeppelin, sem aldrei varð úr. Orðrómur um þetta samstarf hefur verið uppi í fjögur ár en núna virðist loksins ætla að verða eitthvað úr því.**



DAVE GROHL

# Beneath sú fyrsta á Wacken

**Íslenska þungarokksveitin Beneath spilar á Wacken-tónlistarhátíðinni í lok mánaðarins.**



**BENEATH** Hljómsveitin Beneath spilar á Wacken-hátíðinni fyrst íslenskra sveita.

„Við lítum á þetta sem frábært tækifæri. Við fáum að spila fyrir eitthvað af fólki og lítum á þetta sem auglýsingu og reynslu,“ segir Gísli Sigmundsson, söngvari dauðarokksveitarinnar Beneath. Hún verður fyrsta íslenska hljómsveitin til að spila á Wacken-hátíðinni í Þýskalandi þegar hún stígur þar á svið 31. júlí.

Wacken er ein virtasta þungarokkshátíð heims. Hún heldur upp á tuttugu ára afmælið sitt í ár og á meðal flytjenda verða stór nöfn á borð við Anthrax, Motörhead, Testament og Bullet for My Valentine.

Beneath vann hljómsveitakeppnina Wacken Metal Battle á Íslandi í apríl og öðlaðist þá rétt til að spila í lokakeppninni sem verður haldin meðfram öðrum tónlistaratriðum á Wacken. Þar taka 22 hljómsveitir þátt frá jafnmörgum löndum. Sigurvegarinn fær plötusamning í verðlaun og er því til mikils að vinna. „Ég held að við séum ekkert verra band en hvað annað. Hvað varðar gæðin held ég að við séum á pari,“ segir Gísli um möguleika Beneath á sigri. „Það er spurning hvort við séum of harðir fyrir þetta því flest böndin eru aðeins aðgengilegri en við.“

Þótt Beneath verði fyrsta íslenska hljómsveitin til að spila á Wacken hefur Íslendingur áður stigið þar á svið, enginn annar en rokkarinn Eiríkur Hauksson. Gísli hlakkar til að feta í fótspor hans. „Við fáum ágætis tíma þarna. Við verðum seinni partinn á föstudeginum, næstsíðasta metal battle-bandið á svið. Þetta verður bara gaman.“

freyr@frettabladid.is


SparBíó kr. 550 á myndir merktar appelsínugulu kr. 850 á digital 3d merkt með grænu










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 - 5:30 - 8D - 11D POWER | 10 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 | VIP |
| ÍSÖLD 3 m/ísl.tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| ÍSÖLD 3 m/ísl.tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| HANGOVER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 8 - 8:10 - 8:30 - 10:20 - 10:30 - 11 | 12 |
| THE HANGOVER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | VIP |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 1D - 4D - 7D - 10D POWER | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 2 - 4 - 6D - 7 - 8D - 9:10 -10:20D | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 2(3D) - 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 4 - 8 - 11 POWER | 12 |
| HANGOVER | kl. 8 - 10 | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 6 | L |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ICE AGE 3 3D ENSKT TAL ÁN TEXTA | kl. 8 - 10.10 D | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| ICE AGE 3 LÚXUS ENS. TAL /ÍSL. TEX | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 10.10 - 11 | 10 |
| TRANSFORMERS 2 LÚXUS | kl. 10.10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 8 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 3.30 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| TYSON | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| YEAR ONE | kl. 9 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 17.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| YEAR ONE | kl. 10 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 2 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| YEAR ONE | kl. 5.45 | 7 |
| TERMINATOR | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.30 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 2(850 kr), 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 2(550 kr), 4 og 6 | L |
| ICE AGE 3 - 3D - Enskt tal | kl. 8 - ÓTEXTUÐ | L |
| TRANSFORMERS 2 - POWER | kl. 4, 8 og 10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 8 og 11 | 7 |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 10 | 14 |
| GULLBRÁ | kl. 2(550 kr) | L |












512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > VISA-bikarinn um helgina

Fimm leikir fara fram í 16 liða úrslitum VISA-bikars karla á morgun. Tveir innbyrðisleikir liða úr Pepsi-deildinni eru þá í boði en ÍBV og FH mætast í Vestmannaeyjum og Fram og Grindavík mætast í Laugardalnum. Þá fá Keflvíkingar 1. deildarlið Þórs frá Akureyri í heimsókn, Fylkir og 1. deildarlið Fjarðabyggðar mætast í Árbænum og 2. deildarlið Hattar freistar þess að slá út Breiðablik á Kópavogsvelli.



**sport**

sport@frettabladid.is

**JAKOB ÖRN SIGURÐARSON: SKRIFAÐI UNDIR EINS ÁRS SAMNING VIÐ SÆNSKU MEISTARANA Í SUNDSVALL**

# *Sé alls ekki eftir þessu ári hérna heima*



KR-ingar misstu stóran spón úr aski sínum í gær þegar leikstjórnandinn Jakob Örn Sigurðarson skrifaði undir eins árs samning við sænsku meistarana í Sundsvall Dragons. Hann er því annar Íslendingurinn sem fer í sænska boltann en þjálfarinn Sigurður Ingimundarson mun þjálfa Solna á næstu leiktíð.

„Þetta leggst bara vel í mig. Þetta er öflugt og traust félag sem sýndi mikinn áhuga á að fá mig. Þeir unnu deildina í fyrra og stefna á að verja titilinn næsta vetur. Þetta er félag með mikinn metnað," segir Jakob Örn sem er með fleiri járn í eldinum.

„Ég fékk tilboð frá Danmörku og Belgíu sem ég hafnaði. Svo voru einhver félög að skoða mig á Spáni en ég ákvað að kýla á þetta," segir Jakob sem segist vera mjög sáttur við samninginn sem hann fékk hjá félaginu.

„Ég þekki lítið til þessarar deildar. Hef ekki séð neina leiki þaðan en hef spilað á móti sænska landsliðinu og það er sterkt. Þetta á að vera nokkuð sterk deild en það er talað um að sænska og finnska deildin séu þær sterkustu á Norðurlöndunum," segir Jakob en hann gerir aðeins eins árs samning líkt og er oft gert í körfuboltanum í Evrópu.

„Það var ekki lengri samningur í boði. Svona er karfan bara í Evrópu, þar er mikið um eins árs samninga og sérstaklega ef maður fer í nýtt lið. Ef maður stendur sig vel fær maður kannski lengri samning."

Það var mikil lyftistöng fyrir íslenskan körfubolta þegar Jakob og Jón Arnór Stefánsson sneru heim úr atvinnumennsku síðasta vetur til þess að leika í eitt ár með uppeldisfélagi sínu, KR.

„Það var alltaf stefnan að fara aftur út eftir þetta eina ár. Ástandið hér heima er svo ekki beint að halda í mann. Engu að síður var frábært að koma hér heim í eitt ár og ég er gríðarlega sáttur með þetta ár. Sé alls ekki eftir því að hafa komið heim. Núna er ég bara til í að fara aftur út og gera þetta á fullu," segir Jakob og bætir við: „Það var rétt ákvörðun að koma heim og gaman að koma aftur í íslenska hversdagsleikann. Þetta var hrikalega gaman."


FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Til leigu



Vonarstræti 4

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar auglýsir til leigu húseignina Vonarstræti 4. Húsið er þrjár hæðir og kjallari, skrifstofur á 1., 2. og 3. hæð, móttaka á 1. hæð og geymslur í kjallara og risi. Staðsetning hússins býður upp á mikla möguleika. Leigutími er frá 1. september 2009.

Áhugasömum er bent á vefslóðina www.reykjavik.is/fer og netfangið olafur.i.halldorsson@reykjavik.is

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | www.reykjavik.is/fer


# Munum ná góðum árangri

**Valsmenn voru fljótir að tryggja sér þjónustu Atla Eðvaldssonar í þjálfarastarf á Hlíðarenda eftir að viðræður við KR út af Guðmundi Benediktssyni sigldu í strand í gær. Atli segist lengi hafa beðið eftir rétta tækifærinu til að þjálfa Val.**

**FÓTBOLTI** Valsmenn sendu frá sér tilkynningu í gærdag um að Atli Eðvaldsson myndi stýra Hlíðarendaliðinu það sem eftir lifir leiktíðar. Atli er Valsmönnum að góðu kunnur en hann lék með meistaraflokki félagsins á árunum 1974-1980 og svo aftur árin 1988-1989 en hann hefur áður þjálfað ÍBV, Fylki, KR og Þrótt ásamt því að vera fyrrverandi landsliðsþjálfari Íslands. Atli var ekki lengi að svara þegar kallið kom frá Valsmönnum.

„Þetta var hálfgert spretthlaup því þetta gerðist allt svo fljótt. Ég var búinn að heyra af möguleikanum á stöðunni deginum áður en Valsmenn hringdu í mig í hádeginu og við fórum yfir stöðuna og eftir að ég var búinn að hringja nokkur símtöl og ræða við mitt fólk þá gaf ég grænt ljós á þetta," segir Atli.

**Tími til að rísa upp**

Valur steinlá sem kunnugt er fyrir Íslandsmeisturum FH í síðasta leik sínum í Pepsi-deildinni en Atli er fullur tilhlökkunar að takast á við komandi verkefni með Valsmönnum. Hann segist lengi hafa beðið eftir þessu tækifæri og er hvergi banginn.

„Ég hefði náttúrlega átt að vera fyrir löngu kominn á Hlíðarenda en núna þegar neyðin er mest þá verð ég að segja að ég kvíði engu. Þegar ég var að spila með Val þá þekktum við bara sigur. Það er metnaðurinn sem Valur hefur staðið fyrir og á að standa fyrir og ég mun reyna að koma þeim skilaboðum til leikmannanna. Það hefur nú líka oft verið sagt að það sé allt í lagi að bogna, bara ef maður brotnar ekki. Ef maður bara bognar, þá reisir maður sig einfaldlega upp aftur. Nú er tími til þess að rísa upp," segir Atli.

„Strákarnir eiga eftir að fá að kynnast mér og ég þeim en ég þekki auðvitað þessa stráka og veit hverjir þetta eru. Ég er því sannfærður um að við munum finna réttu línuna í sameiningu og ná góðum árangri," segir Atli að lokum.



**TILHLÖKKUN** Atli Eðvaldsson getur ekki beðið eftir því að mæta til starfa á Hlíðarenda og segist í raun hafa beðið lengi eftir þessu tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Mikill heiður**

Guðmundur Benediktsson, framherji KR, var fyrsti kostur hjá Valsmönnum þegar þeir leituðu að eftirmanni Willums Þórs en Vesturbæjarliðið vildi ekki sleppa hendi af honum. Guðmundur er þakklátur Valsmönnum fyrir að hafa haft trú á sér en það sama gildi í raun í garð KR-inga.

„Mér fannst það að sjálfsögðu vera mikill heiður að Valsmenn skyldu vilja fara þessa leið og greinilegt að þeir bera mikið traust til mín. Ég er mjög þakklátur fyrir það en það var bara ekki í mínum höndum hvort af yrði eða ekki. Ég er samningsbundinn KR sem vill halda mér og það er líka ákveðin viðurkenning þannig að ég er alveg ánægður," segir Guðmundur.

**omar@frettabladid.is**




Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow með ábyrgð **verð 80.000** tilboð 58.000
*meðan byrgðir endast.*

**Hrein fjárfesting ehf**
**Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is**
**Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337**
**www.rainbow.is**


Baráttan í Pepsi-deild kvenna heldur áfram en heil umferð var leikin í gær:

# Öruggur sigur Valsstúlkna

**FÓTBOLTI** Valur og Stjarnan unnu góða sigra í Pepsi-deild kvenna í gær og eru áfram efst og jöfn. Valur vann 4-1 sigur á KR og Stjarnan vann 3-0 sigur á Aftureldingu/Fjölni. Breiðablik missteig sig hins vegar á Akureyri.

Valsstúlkur gerðu út um leikinn gegn KR á Vodafonevellinum með fjórum mörkum í fyrri hálfleik en Kristín Ýr Bjarnadóttir skoraði tvö mörk og Katrín Jónsdóttir og Dóra María Lárusdóttir sitt markið hvort. Katrín Ásbjörnsdóttir minnkaði svo muninn fyrir KR.

Stjarnan vann öruggan 3-0 sigur gegn Aftureldingu/Fjölni en Stjörnustúlkur hafa unnið alla fimm heimaleiki sína í deildinni, með markatölunni 14-1.

Þór/KA náði fram hefndum gegn Blikastúlkum með 2-0 sigri en fyrri leikur liðanna endaði 6-1 í Kópavogi.

Dragan Stojanovic, þjálfari Þórs/KA, var í skýjunum með sigur liðs síns í gær en Rakel Hönnudóttir skoraði bæði mörk Þór/KA.

„Ég er gríðarlega ánægður með lið mitt og mér fannst við spila vel í níutíu mínútur. Við unnum frábæran sigur gegn frábæru liði og erum nú að nálgast toppinn eftir erfiða byrjun á mótinu," segir Dragan glaður í bragði.

Þá vann Grindavík 2-1 sigur gegn ÍR á heimavelli og Fylkir vann 8-0 stórsigur á lánlausu liði Keflavíkur sem er enn án stiga á deildinni. **- óþ**



**VALSSIGUR** Valsstúlkur lentu ekki í erfiðleikum gegn KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Ódýr ísskápur

**ScanCool SKS126**
110 lítra kæliskápur • Hæð 85sm • Orkuflokkur A • 161 kWh • Mál (hxbxd): 84,5x50,4x51sm.

**39.989 kr.**
Fullt verð ~~52.989~~



**United RCD6408BL**
Ferðatæki • Útvarp • Geislaspilari • Segulband • Heyrnatólstengi

## Ódýrt ferðatæki

**7.989 kr.**

# Frábært raftækjaúrval á góðu verði í Max







## 37" Full HD - 100Hz

**Toshiba 37RV555DG**
37" LCD BREIÐTJALD • 1920x1080p punkta uppl. • 18000:1 skerpa • 100 Hz • 3D Digital Comb Filter • 24 FPS • DVB-T Stafrænn mótt. • Full HD Progressive Scan • HD-Ready • Game Mode • 23x HDMI • 2x Scart tengi ofl.

**179.989 kr.**
Fullt verð ~~249.989~~

## 32" Digital Crystal Clear

**Philips 32PFL3404D**
32" LCD BREIÐTJALD • 1366x768 punkta upplausn • 30000:1 skerpa • Digital Crystal Clear • HD-Ready • Innb. stafrænn móttakari • 2x Scart • 2x HDMI • Component tengi ofl.

**149.989 kr.**
Fullt verð ~~169.989~~

## DVD ferðaspilari

**United DVP8077**
Fjölkerfa DVD ferðaspilari • 7" LCD skjár með LED baklýsingu • Styður DVD, VCD, MP3, MP4, CD & JPEG • Lithium hleðslurafhlaða • 12v og 220v

**19.989 kr.**

*Gildir út mánudag!



**Nikon L19**
8 milljón punkta uppl. • 2.7" LCD skjár • NIKKOR 3.6x linsa • Hristivörn • Brosstilling • Hreyfimyndataka • Styður SD/SDHC kort • Íslenskir leiðarvísir ofl.

## 8 MP myndavél

**22.989 kr.**



## Bolt á DVD fylgir öllum sjónvörpum í Max*

MAX RAFTÆKI

Opið mán - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is







**NÝTUR SÍN Í ÍSLENSKA BOLTANUM** Tomasz Jacek Napierajczyk var annar aðstoðardómaranna í leik KR og Breiðabliks á mánudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Líður vel á línunni

**Meðal þeirra dómara sem nú þreyta frumraun sína í efstu deild er aðstoðardómarinn Tomasz Jacek Napierajczyk. Hann er pólskur en líður vel á Íslandi.**

**FÓTBOLTI** Það hefur vakið athygli margra að Pólverjinn Tomasz Jacek Napierajczyk starfar reglulega sem aðstoðardómari í efstu deild. Þetta er nafn sem fæstir íslenskir knattspyrnuáhugamenn kannast við enda hóf hann fyrst að dæma hér á landi fyrir ári.

Tomasz á langan dómaraferil að baki í Póllandi en fluttist hingað til lands fyrir þremur og hálfu ári til að finna sér vinnu. Honum datt þó ekki í hug að hann fengi að sinna dómgæslu hér á landi.

„Ég hélt að ég myndi aldrei eiga möguleika á því að fá að starfa við dómgæslu á Íslandi og því hafði ég aldrei fyrir því að skoða það nánar. Svo spjallaði ég við nokkra leikmenn hér á landi sem hvöttu mig til að hafa samband við KSÍ, sem og ég gerði. Mér var sagt að mæta til starfa strax degi síðar,“ sagði Tomasz í samtali við Fréttablaðið. Honum var vel tekið í höfuðstöðvum Knattspyrnusambandsins.

### Viðbrögðin komu á óvart

„Þeir sögðu mér að það vantaði alltaf góða dómara. Ég get ekki neitað því að þessi góðu viðbrögð komu mér þægilega á óvart.“

Tomasz byrjaði fyrst um sinn að dæma í neðri deildunum og þótti standa sig með prýði. Hann lagði hart að sér nú í allan vetur og ákveðið var að gefa honum tækifæri í Pepsi-deildinni.

„Ég dæmdi minn fyrsta leik í annarri umferð í vor með Kristni Jakobssyni. Ég var staðráðinn í að nýta það tækifæri vel og hef ég fengið önnur verkefni síðan,“ sagði hann en hann var til að mynda á línunni í leik Breiðabliks og Fjölnis í fyrrakvöld.

Tomasz segir dómgæsluna í íslenska boltanum á háu stigi. „Mér finnst mjög góðir dómarar á Íslandi. Kristinn Jakobsson er afar góður. En ég hef átt mjög góð samskipti við þá alla og er ánægður með að fá tækifæri til að dæma með þeim.“

Samskiptin við leikmenn eru einnig góð. „Ég hef ekki undan neinu að kvarta. Samstarfið hefur verið mjög gott.“

### Dæmdi í atvinnumannadeild

Tomasz er 29 ára gamall og á því nóg eftir í dómgæslunni. Hann hóf dómaraferil sinn í Póllandi árið 1997. „Ég var aðstoðardómari í þriðju efstu deild í Póllandi sem er atvinnumannadeild og dæmdi einnig sem aðaldómari í fjórðu efstu deildinni,“ sagði Tomasz. Hann segir það litlu skipta hvort hann starfi sem aðal- eða aðstoðardómari.

„Ég er fyrst og fremst ánægður með að starfa við dómgæslu hér á landi og það skiptir ekki máli í hvaða hlutverki það er. Ég er fyrst og fremst aðstoðardómari og þar sem ég er ekki íslenskur get ég varla farið fram á meira.“

Hann segir samskiptin inni á vellinum engum vandkvæðum háð. „Það tala allir ensku hér og svo er ég byrjaður að læra íslensku.“

Tomasz og unnustu hans líður vel á Íslandi þrátt fyrir slæmar horfur í efnahagsmálum. „Ég missti vinnuna fyrir nokkrum mánuðum en er síðan þá kominn aftur í vinnu. Útlitið er því orðið bjartara á ný. Þess fyrir utan erum við búin að koma okkur vel fyrir hér á landi og búin að hefja nýtt líf hér. Þá er ekki hlaupið að því að fara aftur til gamla lífsins í einhverju skyndi. Hér höfum við eignast marga góða vini og höfum ekki undan neinu að kvarta.“

eirikur@frettabladid.is



**MEISTARI** Roger Federer getur unnið sinn fimmtánda stórtitil á ferlinum á morgun. NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslitaleikur Wimbledon:

## Federer getur sett nýtt met

**TENNIS** Roger Federer og Bandaríkjamaðurinn Andy Roddick mætast í úrslitaleik Wimbledon-mótsins á morgun en Svisslendingurinn Federer er talinn mun sigurstranglegri.

Federer er fimmfaldur Wimbledon-meistari en hann hafði unnið fimm ár í röð þangað til Spánverjinn Rafael Nadal vann hann í úrslitaleiknum í fyrra.

Ef Federer vinnur á morgun verður það fimmtánda stórmótið sem hann vinnur á ferlinum, sem er met, en hann og Bandaríkjamaðurinn Pete Sampras deila nú metinu.

Hjá konunum eru það systurnar Serena og Venus Williams sem mætast í úrslitaleiknum í dag en þetta verður í fjórða skiptið sem þær mætast í úrslitaleik Wimbledon-mótsins.

Serena hefur tvisvar unnið mótið og í bæði skiptin var það gegn Venus en Venus hefur aftur á móti alls fimm sinnum unnið mótið. - óþ

Óvænt tíðindi gerðust í enska boltanum í gær:

# Owen til United

**FÓTBOLTI** Framherjinn Michael Owen gekk í gær í raðir Englandsmeistara Manchester United en hann kemur þangað á frjálsri sölu frá Newcastle og skrifaði undir tveggja ára samning við félagið.

Félagaskiptin hafa vakið óskipta athygli á Englandi og víðar enda gerði Owen garðinn frægan hjá erkifjendunum í Liverpool á sínum tíma. Knattspyrnustjórinn Sir Alex Ferguson er ekki smeykur að veðja á hinn oft á tíðum meiðslum hrjáða Owen.

„Michael er framherji á heimsmælikvarða. Hann hefur sýnt það og sannað í gegnum árin að hann getur skorað mörk og ég held að hann sé fullur tilhlökkunar að takast á við komandi áskorun að spila með United.“

Owen er þakklátur knattspyrnustjóranum fyrir að hafa trú á sér.

„Þetta er frábært tækifæri fyrir mig og ég ætla að grípa það með báðum höndum. Ég er gríðarlega þakklátur Sir Alex fyrir að hafa trú á mér og ég stefni á að endurgjalda honum traustið með mörkum og góðri frammistöðu á vellinum. Ég var byrjaður að tala við önnur félög þegar Sir Alex hringdi í mig á miðvikudag og bauð mér í morgunmat. Við ræddum málin, þetta er niðurstaðan og ég er í skýjunum,“ segir Owen í samtali við fréttastofuna Sky Sports. - óþ



**ÓVÆNT** Owen er væntanlega ekki ofarlega á vinsældalista Liverpool-aðdáenda núna. NORDIC PHOTOS/GETTY







> **Richard Hammond**

„Ég vildi vinna við Top Gear frá því ég var ungur af því að ég elskaði bíla og ég vildi vera í sjónvarpinu af því ég elskaði sjónvarp. Ég veit að ég er fáránlega heppinn.“
Richard Hammond er þáttastjórnandi Total Wipeout á Stöð 2 Extra kl. 20.



# dagskrá sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.40**

### The End of the World

Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Ofurstormi af styrk sem aldrei hefur mælst áður vex ásmegin og ógnar öllu lífi á jörðinni. Eina leiðin til að stöðva eyðileggingguna er að hópur sérfræðinga fari beint í auga stormsins. Með aðalhlutverk fara Shannen Doherty, Gina Gershon og Cameron Daddo.



**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

### Sunnudagsbíó - Haltu mér, slepptu mér

**Sjónvarpið kl. 21.35**

Haltu mér, slepptu mér (Hold Me Tight, Let Me Go) er bresk heimildarmynd frá 2007. Hér er fjallað um kennslu barna í Mulberry Bush-skólanum. Þar eru börn sem eiga við hegðunarvandamál að stríða vegna vanrækslu og ofbeldis sem þau hafa orðið fyrir. Þessi börn eiga gjarnan í miklum erfiðleikum með að einbeita sér að náminu og starf kennarans er oft á tíðum strembið. Haltu mér, slepptu mér var valin besta breska heimildarmyndin á Britdoc-hátíðinni 2007.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar:** í næturgarði, Lítil prinsessa, Geirharður Bojng Bojng, Disneystundin, Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans, Einu sinni var... Jörðin
**10.15 Landið mitt** (12:26)
**10.40 Popppunktur** (e)
**11.35 Kastljós** - Samantekt
**12.05 Helgarsportið** (e)
**13.05 Íslenska golfmótaröðin** (e)
**13.35 Meistaramót Frjálsíþróttasambands Íslands** (1:3)
**13.50 Reykjavíkurmót Fáks**
**14.20 Í fótspor Tangerbúans** (3:3) (e)
**15.20 Heimkynni** (Home) (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Barnaefni:** Eins og fiskur í vatni, Pip og Panik, Örvaeiturfroskarnir
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Hellisbúar** (5:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Út og suður** (Sigmar Marísson gullsmiður og Sigríður Jónsdóttir í Arnarholti)
**20.05 Afríka, ástin mín** (1:3)
**21.35 Sunnudagsbíó** - Haltu mér, slepptu mér (Hold Me Tight, Let Me Go) Bresk heimildarmynd frá 2007. Hér er fjallað um kennslu barna sem eiga við hegðunarvandamál að stríða vegna vanrækslu og ofbeldis sem þau hafa orðið fyrir.
**23.15 Meistaramót Frjálsíþróttasambands Íslands (2:3)**
**23.30 Söngvaskáld (2:6) (Hörður Torfason) (e)**
**00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.15** EastEnders **10.45** My Hero **11.15** My Hero **11.45** Hustle **12.35** Hustle **13.25** The Chase **14.15** The Chase **15.05** My Hero **15.35** My Hero **16.05** My Hero **16.35** Any Dream Will Do **18.00** Coupling **18.30** Coupling **19.00** The Innocence Project **19.50** Extras **20.20** Extras **20.50** Coupling **21.20** Coupling **21.50** The Innocence Project **22.45** Extras **23.15** Extras **23.45** Coupling

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni.** Lalli, Algjör Sveppi, Þorlákur, Gulla og grænjaxlarnir, Boowa and Kwala, Kalli og Lóa, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra, Aðalkötturinn, Íkornastrákurinn, Apaskólinn
**10.30 Iceage** Á ísöld eru margar hættur og þegar lítið barn verður viðskila við ættbálk sinn er ekki von á góðu.
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 So You Think You Can Dance** (4:23)
**15.10 So You Think You Can Dance** (5:23)
**16.00 Hell's Kitchen**
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.59 Veður**
**19.10 Pressa** (2:6) Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Í þáttaröðinni fylgjumst við með Láru, nýgræðingi í blaðamennsku, sem tekur að sér að rannsaka dularfullt mannshvarf, sem brátt breytist í morðrannsókn.
**19.55 Amne$ia** (5:8) Hversu vel þekkir þú þitt eigið líf? Keppendur í þessari spurningakeppni þurfa að svara spurningum sem tengjast þeim sjálfum.
**20.40 Monk (2:16)**
**21.25 The End of the World** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Ofurstormur ógnar öllu lífi á jörðinni.
**22.50 Prison Break** (23:24)
**23.35 Twenty Four** (23:24)
**00.20 60 mínútur**
**01.05 I Am an Animal: The Story of Ingrid Newkirk and PETA**
**02.20 Flood** (1:2)
**03.55 Flood** (2:2)
**05.30 Fréttir**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**10.10 Shellmótið**
**10.50 Gillette World Sport**
**11.20 Meistaradeildin í golfi**
**11.50 AT and T National** Útsending frá AT and T National-mótinu í golfi en þangað mæta margir af sterkustu kylfingum heims.
**14.50 Valur - FH** Útsending frá stórleik Vals og FH í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**16.40 Pepsímörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar.
**17.40 PGA Tour 2009 - Hápunktar**
**18.35 Inside the PGA Tour**
**19.00 AT & T National** Bein útsending frá lokadegi AT and T National-mótsins í golfi en spennan ræðst væntanlega ekki fyrr en á lokaholunum í þessu magnaða móti.
**22.30 Bremen - Anderlecht 8. 12. 1993** Þjóðverjar og Belgar hafa marga hildi háð á knattspyrnuvellinum. Leikur félaganna Werder Bremen og Anderlecht í Evrópukeppni meistaraliða er með þeim minnisstæðari.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Newcastle - Man. Utd, 01/02** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**18.30 Man. United - Newcastle, 2002** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.00 Galatasaray v Fenerbahce** Í þessum mögnuðu þáttum er fjallað um ríg stórliða víða um heim innan vallar sem utan.
**19.55 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.25 Chelsea - Portsmouth** Útsending frá leik Chelsea og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
**22.05 West Ham - Liverpool** Útsending frá leik West Ham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**23.45 Everton - Liverpool, 2003** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

## EXTRA

**15.30 Sjáðu**
**16.00 Hollyoaks** (221:260)
**16.25 Hollyoaks** (222:260)
**16.50 Hollyoaks** (223:260)
**17.15 Hollyoaks** (224:260)
**17.40 Hollyoaks** (225:260)
**18.05 Seinfeld** (2:22)
**18.30 Seinfeld** (3:22)
**19.00 Seinfeld** (5:24)
**19.30 Seinfeld** (6:24)
**20.00 Total Wipeout** (6:9) Hér er á ferð ómengað skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýrri pælingu sem ekki nokkur maður getur staðist. Þáttastjórnandi er enginn annar en Richard Hammond úr Top Gear.
**21.00 America's Got Talent** (5:20) Það kunna ekki allir að syngja eða dansa.
**21.45 ET Weekend**
**22.30 The O.C. 2** (1:24) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.
**23.15 Seinfeld** (2:22)
**00.30 Seinfeld** (6:24)
**00.55 Sjáðu**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00 Eldað íslenskt**
**14.30 Frumkvöðlar**
**15.00 7 leiðir með Gaua litla**
**15.30 Í nærveru sálar**
**16.00 Hrafnaþing**
**17.00 Græðlingur**
**17.30 Birkir Jón**
**18.00 Borgarlíf**
**18.30 Íslands safarí**
**19.00 Mér finnst**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Útvegurinn**
**21.30 Maturinn og lífið**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**12.45 World Cup of Pool 2008** (5:31) (e)
**13.35 Rachael Ray** (e)
**14.20 Rachael Ray** (e)
**15.05 The Game** (22:22) (e)
**15.30 The Game** (20:22) (e)
**15.55 America's Funniest Home Videos** (44:48) (e)
**16.20 What I Like About You** (8:24) (e)
**16.45 Stylista** (5:9) (e)
**17.35 Monitor** (2:8) (e)
**18.05 Britain's Next Top Model** (1:10) (e) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að nýrri ofurfyrirsætu. Tólf stelpur hafa verið valdar til að taka þátt í keppninni og allar stefna þær að sama marki.
**18.55 The Biggest Loser** (23:24) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (45:48)
**20.10 Robin Hood** (3:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku.
**21.00 Leverage** (12:13) Spennandi þáttaröð um þjófahóp sem rænir þá sem misnota vald sitt og ríkidæmi.
**21.50 Opposite Sex: Rene's Story** (1:1) Rene Pena hefur lifað sem hún væri karlkyns frá því hún var ellefu ára. Á yfirborðinu er ekki annað að sjá en að um karlmann sé að ræða því Rene er með karlmannlegt útlit, starfar sem vörubílstjóri, er giftur fallegri konu og saman eiga þau tvö börn. En líffræðilega er Rene kvenkyns.
**23.10 Heroes** (26:26) (e)
**00.00 CSI** (1:24) (e)
**00.50 Óstöðvandi tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 Last Holiday**
**10.00 The Pink Panther**
**12.00 Fjölskyldubíó – The Borrowers**
**14.00 Last Holiday**
**16.00 The Pink Panther**
**18.00 Fjölskyldubíó – The Borrowers**
**20.00 Flicka**
**22.00 Avenger**
**00.00 Bury My Heart at Wounded Knee** (Heygðu mitt hjarta við Undað hné)
**02.10 The Prophecy 3**
**04.00 Avenger**
**06.00 Ed TV**

## DR 1

**10.10** Boxen **10.25** Boogie Mix **10.40** I lære som stjerne **11.10** Spam **11.35** Flight 29 savnes! **11.56** Boogie Mix **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Fra bondeson til NATO-chef **13.25** Sommerminder **13.55** Columbo **15.30** Ebb og Flo **15.35** Postmand Per **15.50** Det gule hus **16.00** Tæt på Dyrene **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Sherlock Holmes **18.00** Den fantastiske planet **19.00** TV Avisen **19.15** Aftentour 2009 **19.40** Taggart **21.20** Reimers **22.00** Dodens detektiver **22.20** Seinfeld

## NRK 1

**10.00** VM sandvolleyball **12.00** Wimbledon direkte **13.00** Wimbledon direkte **16.00** Freddie og Leos eventyr **16.23** Spirello **16.30** Solens mat **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.45** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.15** Elefantenes farefulle ferd **19.05** Poirot **20.50** Billedbrev fra Europa **21.00** Kveldsnytt **21.20** Drommefangeren **22.20** Min fyrste krig **23.35** Jazz jukeboks

## SVT 1

**10.00** 100 procent bonde **10.30** Guld och gröna skogar **11.00** Med huvudduk och höga klackar **12.45** Confederations Cup **15.00** Hammarkullen **16.00** Rapport **16.15** Hedebyborna **17.10** Konstverk berättar **17.15** Hotell Opera **17.30** Rapport **17.50** Sportspegeln **18.15** Confederations Cup **20.30** Hemligstämplat **21.00** Skrivkamp **21.30** Allt ljus på **04.00** Rapport **04.05** Sport






Sunnudagsmorgunn
með
Sirrý
Mannlegur þáttur
með morgunkaffinu
Vaknaðu með Sirrý á
sunnudagsmorgnum
frá 8.00-12.00
á Rás2
RÁS 2
- Fyrst og fremst um helgar



> **David Hasselhoff**

„Ég er 185 cm á hæð, Bandaríkjamaður í húð og hár og myndarlegur og hæfileikaríkur!“

***David Hasselhoff er dómari í þáttunum America‘s Got Talent á Stöð 2 kl. 19.35***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON TÓK FÓTBOLTAFREGNUM GÆRDAGSINS ILLA

# *Lágvaxnir menn eyðileggja sólríkan sumardag*



Þau eru misjöfn morgunverkin. Það er blátt áfram skelfilegt að þurfa að sporðrenna snemmsumars-morgunmatnum umkringdur umfjöllunum, vangaveltum og slúðri um hvaða eftirlætisleikmaður uppáhaldsfótboltaliðsins sé senn á leiðinni burt frá félaginu, í hvaða átt hugur viðkomandi stefni og hversu margra milljarða punda, evra, japanskra jena eða rússneskra rúbla sé krafist fyrir þjónustuna. Í keppni um stærsta sessinn í hugum og hjörtum knattspyrnuunnenda mega Icesave-samningar og erlendar skuldir þjóðarbúsins sín lítils gagnvart nagandi ótta við að Javier Mascherano sjái ferli sínum betur borgið hjá Barcelona, eða að Xabi Alonso láti glepjast af gylliboðum Real Madrid.

Helstu fótboltafregnir fjölmiðlanna reyndust óvenju óvæginn og þungur baggi inn í annars sólríkan gærdaginn. Sérstaklega voru tvær þeirra til þess fallnar að hrinda af stað atburðarás sem hófst með undrun, þróaðist út í vonbrigði og nettan pirring um hádegið og náði loks hámarki með allsherjar bræðikasti um eftirmiðdaginn, þegar öll kurl voru komin til grafar.

Í báðum tilvikum var um að ræða fréttir af knattspyrnuköppum sem, af einhverjum illskýranlegum ástæðum ákváðu að daðra við erkifjendur þeirra félaga sem gáfu þeim færi á að skapa sér nafn í fótboltaheiminum. Báðir eru leikmennirnir lágvaxnir og íhuguðu að skipta svart/hvít/röndóttum búningi út fyrir rauða treyju og hvítar stuttbuxur. Þegar þessi pistill er ritaður er enn ekki ljóst hvort Guðmundur Benediktsson hættir að leika með KR til að taka að sér þjálfun Vals, né hvort Michael Owen skrifar undir samning við Manchester United, höfuðóvin Liverpool, félagsins sem hann lék með frá tólf ára aldri þar til hann ákvað að elta aurinn til Spánar fyrir nokkrum árum. En bara sú staðreynd að leikmennirnir hafi íhugað slík skipti er meira en nóg til að eyðileggja daginn fyrir viðkvæmum fótboltafíkli.

## LAUGARDAGUR



▶ **18.05 Augusta Masters Official Film** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.20 Everybody Hates Chris** SKJÁREINN



▶ **19.35 America's Got Talent** STÖÐ 2



▶ **19.35 Fjölskyldan mín** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.35 ER** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar:** Pósturinn Páll, Stjarnan hennar Láru, Sammi, Snillingarnir, Tóti og Patti, Ólivía, Elías knái, Strákurinn, Fræknir ferðalangar, Skúli skelfir

**10.30 Leiðarljós** (e)

**11.10 Leiðarljós** (e)

**12.00 Helgarsportið** (e)

**13.00 Gullmót í frjálsum íþróttum**

**15.10 Kastljós** (e)

**15.45 Út og suður** (e) (Hildur Hákonardóttir og Þór Vigfússon)

**16.15 Sápugerðin** (8:12) (Moving Wallpaper) (e)

**16.40 Bergmálsströnd** (8:12) (Echo Beach) (e)

**17.05 Lincolnshæðir** (12:13)(Lincoln Heights)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Popppunktur** (Ingó & Veðurguðirnir - Hvanndalsbræður) (e)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

▶**19.35 Fjölskylda mín** (6:9) (My Family VII)

**20.10 Patch Adams** (e)

**22.05 Samsærið** (The Manchurian Candidate) Aðalhlutverk: Denzel Washington, Liev Schreiber, Jon Voight og Meryl Streep.

**00.15 Meistaramót Frjálsíþróttasambands Íslands** (1:3)

**00.30 Blóraböggull (The Hudsucker Proxy) (e)**

**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.15 Manchester United. The Movie**

**10.00 Home Alone 2**

**12.00 Toy Story**

**14.00 Manchester United: The Movie**

**16.00 Home Alone 2**

**18.00 Toy Story**

**20.00 Rent** Söngleikur sem byggður er á margverðlaunuðum sviðsleik og segir frá hópi fólks sem býr í New York.

**22.10 Poseidon**

**00.00 Blow Out**

**02.00 From Dusk Till Dawn 3**

**04.00 Poseidon**

**06.00 Flicka**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni:** Kalli á þakinu, Ruff's Patch, Flintstone krakkarnir, Algjör Sveppi, Gulla og grænjaxlarnir

**12.00 Bold and the Beautiful**

**12.20 Bold and the Beautiful**

**12.40 Bold and the Beautiful**

**13.00 Bold and the Beautiful**

**13.20 Bold and the Beautiful**

**13.45 Total Wipeout** (6:9)

**14.50 Gossip Girl** (21:25)

**15.45 Jamie At Home** (10:13) Jamie Oliver mun nú sýna hvernig best sé að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima.

**16.15 Ashes to Ashes** (6:8) Ashes to Ashes er snilldarvel útfært sjálfstætt framhald vinsælustu bresku þáttaraðar síðari ára - Life on Mars. Nú kynnumst við hins vegar lögreglukonunni Alex Drake sem verður fyrir skoti, lendir í dái og fer aftur til ársins 1981.

**17.10 ET Weekend** Allt það helsta sem gerist í heimi fína og fræga fólksins.

**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.45 Íþróttir**

**18.52 Lottó**

**19.00 Ísland í dag - helgarúrval**

**19.30 Veður**

▶**19.35 America's Got Talent** (5:20) Nú er leitin hafin í þriðja sinn og aldrei verið vinsælli. Líkt og síðast verða dómararnir þau David Hasselhoff, Piers Morgan og hin orðheppna og stundum kjaftfora Sharon Osbourne.

**20.20 The Jane Austen Book Club** Falleg mynd um vinkonur sem eru á mismunandi stigum í lífinu en eiga það sameiginlegt að stríða við vandamál í ástarlífinu. Þær stofna lestrarhóp til að ræða skáldsögur Jane Austen sem oftar en ekki endurspegla líf þeirra sjálfra.

**22.05 The Amityville Horror** Endurgerð á samnefndri sígildri hrollvekju sem fjallar um fjölskyldu sem flytur í hús sem er rækilega andsetið.

**23.35 Bad Medicine**

**01.10 Darkness**

**02.55 Birth**

**04.35 Interview with the Assassin**

**05.55 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**10.35 PGA Tour 2009 - Hápunktar**

**11.30 Inside the PGA Tour 2009**

**11.55 Sterkasti maður Íslands**

**12.25 Gullleikir** Sýnt frá leik AC Milan og Rosenborg í Meistaradeild Evrópu.

**14.05 Shellmótið**

**14.45 Valur - FH** Útsending frá stórleik Vals og FH í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**16.35 Pepsímörkin 2009**

**17.35 Meistaradeildin í golfi 2009** Ný keppni í golfheiminum þar sem fjórir einstaklingar mynda saman lið og leikin verður riðlakeppni.

▶**18.05 Augusta Masters Official Film** Masters-mótið í golfi er eitt af hinum fjóru árlegu risamótum.

**19.00 AT and T National** Bein útsending frá AT and T National-mótinu í golfi.

**22.00 $5,000 Mixed Hold' Em** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

**22.45 $5,000 Mixed Hold' Em** Sýnt frá World Series of Poker.

**23.30 Ultimate Fighter - Season 9**

**00.25 UFC Unleashed**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**18.55 Brasilía** Frábærir þættir sem varpa einstöku ljósi á knattspyrnuhefðina í Suður-Ameríku. Í þessum þætti verða drengirnir frá Brasilíu teknir fyrir en engin þjóð hefur oftar sigrað á HM í knattspyrnu karla.

**19.50 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.20 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

**21.15 Enska úrvalsdeildin: Portsmouth - Arsenal** Útsending frá leik Portsmouth og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**23.00 Arsenal - Everton, 2001** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**23.30 Liverpool - Arsenal, 2001** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**12.20 Rachael Ray** (e)

**13.05 Rachael Ray** (e)

**13.50 Rachael Ray** (e)

**14.35 The Game** (20:22) (e)

**15.00 The Game** (21:22) (e)

**15.25 All of Us** (12:22) (e)

**15.55 America's Funniest Home Videos** (42:48) (e)

**16.20 America's Funniest Home Videos** (43:48) (e)

**16.45 How to Look Good Naked** (1:8) (e) Tískulöggan Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska línurnar.

**17.35 Matarklúbburinn** (2:8) (e) Hrefna Rósa Sætran matreiðir bleikju með eggjabrauði, grísalund með sætkartöflusalati og tofu með chili og spínati.

**18.05 Greatest American Dog** (4:10) (e) Raunveruleikasería þar sem hundar eru í aðalhlutverki.

**18.55 Family Guy** (5:18) (e)

▶**19.20 Everybody Hates Chris** (6:22) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (44:48)

**20.10 Keeping the Faith** (e)

**22.20 Painkiller Jane** (20:22) (e)

**23.10 World Cup of Pool 2008** (5:31) (e)

**00.00 Opposite Sex: Jamie's Story** (e)

**01.20 The Game** (20:22) (e)

**01.45 Monitor** (2:8) (e)

**02.15 Penn & Teller: Bullshit (**15:59)

**02.45 Penn & Teller: Bullshit** (16:59) (e)

**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## INN

**17.00 Mér finnst**

**18.00 Hrafnaþing**

**19.00 Mér finnst**

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Græðlingur**

**21.30 Birkir Jón**

**22.00 Borgarlíf**

**22.30 Íslands safarí**

**23.00 Mér finnst**

**00.00 Hrafnaþing**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.20**

### The Jane Austen Book Club

Falleg og rómantísk mynd byggð á metsölubók um vinkonur sem eru á mismunandi stigum í lífinu en eiga það sameiginlegt að stríða við vandamál í ástarlífinu. Þær stofna lestrarhóp til að ræða skáldsögur Jane Austen, sem oftar en ekki endurspegla líf þeirra sjálfra.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Patch Adams**

**Sjónvarpið kl. 20.10**

Patch Adams er bandarísk bíómynd frá 1998 byggð á sannri sögu Hunters „Patch“ Adams.

Árið 1969 var hann í vandræðum með sjálfan sig og lagðist sjálfviljugur inn á geðdeild. Þar fann hann að það gerði honum gott að hjálpa öðrum sjúklingum. Hann vildi gera það með óhefðbundnum aðferðum en mætti nokkurri andstöðu hjá yfirvöldum í heilbrigðiskerfinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vistaskipti
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Með laugardagskaffinu
**15.35** Stiklur úr furðum hversdagsins
**16.10** Í boði náttúrunnar
**17.05** Húslestrar á Listahátíð 2009
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Dimitri og dívurnar þrjár
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Tríó
**21.30** Án ábyrgðar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Gullöld revíunnar
**23.10** Stefnumót
**00.00** Fréttir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Nágrannar** Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang enda eru íbúar þar einkar skrautlegir og skemmtilegir.
**16.20 Nágrannar**
**16.40 Nágrannar**
**17.00 Nágrannar**
**17.20 Nágrannar**
**17.40 ER** (18:22) Stöð 2 og Stöð 2 Extra sýna eina allra vinsælustu þáttaröð síðari ára frá upphafi.
**18.30 Ally McBeal** (7:21) John og Ally taka að sér að verja jólasveininn sem var rekinn fyrir að vera of feitur.
**19.15 X-Files** (18:24)
**20.00 So You Think You Can Dance** (4:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Keppnin í ár verður með svipuðu sniði og þær fyrri. Allt byrjar þetta á prufunum, sem fram fóru í fjórum borgum. Aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þessari miklu þátttöku fylgir óhjákvæmilega að þátttakendur hafa aldrei verið skrautlegri. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðar þætti í Las Vegas. Þar er skorið úr um hvaða tíu stelpur og tíu strákar komast í sjálfa úrslitakeppnina.
**21.25 So You Think You Can Dance** (5:23)
**22.10 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
▶**22.35 ER** (18:22)
**23.25 Ally McBeal** (7:21)
**00.10 X-Files** (18:24)
**00.55 Stelpurnar**
**01.20 Sjáðu**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.10** The Black Adder **10.45** The Black Adder **11.20** EastEnders **11.50** EastEnders **12.20** EastEnders **12.50** EastEnders **13.20** Hustle **14.10** Hustle **15.00** My Hero **15.30** My Hero **16.00** My Hero **16.30** Any Dream Will Do **17.30** Coupling **18.00** Coupling **18.30** Dalziel and Pascoe **19.20** Dalziel and Pascoe **20.10** Waking the Dead **21.00** Any Dream Will Do **22.00** Coupling **22.30** Coupling **23.00** Dalziel and Pascoe **23.50** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**10.10** Boogie Mix **10.30** Tjenesten classic **10.45** Boogie Mix **10.50** Hovdingebold **11.35** Flight 29 savnes! **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Landsstævne 2009 **14.10** aHA Award **15.10** For sondagen 2009 **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **15.55** Minisekterne **16.00** Mr. Bean **16.30** TV Avisen med Sport **17.15** Hvem ved det **17.45** Aftentour 2009 **18.10** Merlin **18.55** Kriminalkommissær Barnaby **20.30** Landsstævne 2009 - festaften **21.45** Inspector Rebus **22.55** Kodenavn. Jane Doe

## NRK 1

**10.00** VM sandvolleyball **12.45** Wimbledon direkte og VM sandvolleyball **13.40** 4-4-2 **16.00** Pippi Langstrompe **16.30** Rosa og livet **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Hvilket liv! **18.10** Gylne klassefester **19.20** Sjukehuset i Aidensfield **20.05** Historien om Barack Obama **21.05** Kveldsnytt **21.20** VM sandvolleyball. Hoydepunkter fra dagen **21.35** Slutten på et forhold **23.10** Etter at du dro **23.40** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Med huvudduk och höga klackar **10.30** Uppdrag granskning - sommarspecial **13.00** Älskar dig för evigt? **13.30** Strömsö **14.10** Allt ljus på **14.50** Allsång på Skansen **15.50** Helgmålsringning **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** Bobster **17.25** Bernard **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **19.00** Minnenas television **20.10** Kriminaljouren **20.55** Pistvakt **21.25** Sjukan **21.55** Yrke. reporter




## PERSÓNAN



*Jón Eðvald Vignisson*

**Aldur:** 25 ára.
**Búseta:** Vesturbær Reykjavíkur, aðeins of nálægt KR-vellinum.
**Starf:** Tæknistjóri CLARA.
**Stjörnumerki:** Tvíburi.
**Fjölskylda:** Barnlaus, hamingjusamlega ástfanginn.



**LÁRÉTT**
**2.** báru að, **6.** skst., **8.** kjaftur, **9.** kvk nafn, **11.** átt, **12.** aðfall, **14.** fótmál, **16.** hróp, **17.** frjó, **18.** nafar, **20.** tveir eins, **21.** ókyrrð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nýja, **3.** líka, **4.** afbrot, **5.** líða vel, **7.** orðrómur, **10.** þrá, **13.** hluti verkfæris, **15.** matur, **16.** hljóðfæri, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** komu, **6.** no, **8.** gin, **9.** gró, **11.** sa, **12.** aðsog, **14.** skref, **16.** óp, **17.** fræ, **18.** bor, **20.** óð, **21.** órói.
**LÓÐRÉTT: 1.** unga, **3.** og, **4.** misgerð, **5.** una, **7.** orðspor, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** fæði, **16.** óbó, **19.** ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Faust.
2. Innsiglishringur úr gulli.
3. Bubbles.

# Heiðruðu Jackson á Hróarskeldu

Hljómsveitin Hjaltalín heiðraði Michael Jackson á tónleikum sínum á Hróarskelduhátíðinni á fimmtudagskvöld með því að spila lag hans Don't Stop 'til You Get Enough. Lagið var það síðasta sem hún tók fyrir uppklapp. „Við tókum það líka á Nasa á laugardagskvöldið [27. júní]. Það hitti mjög vel í mark og það var mikið dansað," segir Guðmundur Óskar Guðmundsson, bassaleikari Hjaltalín, sem skemmti sér vel á Hróarskeldu. „Þetta gekk rosalega vel. Við spiluðum fyrir stappað tjald af fólki, svona þúsund manns, og það var vel tekið í allt." Aðeins um tvö hundruð Íslendingar eru á Hróarskeldu í ár sökum lágs gengis krónunnar og var hluti þeirra mættur til að sjá Hjaltalín. „Maður sá að þegar við spiluðum Þú komst við hjartað í mér fóru allir Íslendingarnir á hreyfingu. Þá sá maður hverjir voru útlendingar og hverjir voru Íslendingar," segir Guðmundur.



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín heiðraði hinn sáluga Michael Jackson á Hróarskelduhátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MICHAEL JACKSON** Popparinn er í miklu uppáhaldi hjá Hjaltalín.

Fregnir af meiri þjófnaði á hátíðinni en áður hafa tröllriðið dönskum fjölmiðlum en Guðmundur segist ekkert hafa orðið var við slíkt. „Við vorum með allt okkar dót í mjög vel girtri aðstöðu baksviðs. Það var enginn séns að komast þangað nema að vera með þar til gerða passa og pappíra."

Kira Kira spilaði á Hróarskeldu á þriðjudagskvöldið við góðar undirtektir og gafst liðsmönnum Hjaltalín tími til að hitta hana áður en þeir héldu á brott til Póllands þar sem þeir spiluðu í gærkvöldi. Aftur á móti gafst enginn tími til að blanda geði við stjörnur hátíðarinnar á borð við Oasis, Coldplay og Nick Cave. „Það gafst ekki mikið tækifæri til þess. Við þurftum að ná flugvél snemma um morguninn og við rétt náðum að labba um hátíðarsvæðið." **- fb**



**HVÍTA BÓKIN Í ÚTRÁS** Þýskir, norskir og danskir útgefendur hafa fest kaup á útgáfuréttinum að Hvítu bók Einars Más. Einar segist telja að í alþjóða efnahagskreppunni finnist mönnum aðstæður Íslendinga vera málið í hnotskurn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

EINAR MÁR GUÐMUNDSSON: ÍSLAND ER MÁLIÐ Í HNOTSKURN

# Hvíta bókin seld til Þýskalands, Noregs og Danmerkur

„Nei, nei, þetta kemur mér ekkert á óvart. Og ég á von á fleirum, það er áhugi frá hinum enskumælandi heimi. Ég held að þeir hafi þá tilfinningu að kannski hafi ég bara hitt naglann á höfuðið hvað þessi mál varðar," segir Einar Már Guðmundsson rithöfundur. Þýskir, danskir og norskir útgefendur hafa keypt útgáfurétt Hvítu bókarinnar sem Einar sendi nýverið frá sér. Hún rauk beint í efsta sæti bókalista Eymundssonar en þetta er fjórða bókin um íslenska efnahagshrunið sem kemur út á skömmum tíma. Hvíta bókin velti Hruni Guðna Th. Jóhannessonar úr sessi en einnig hafa komið út Sofandi að feigðarósi eftir Ólaf Arnarson og Íslenska efnahagsundrið eftir Jón F. Thoroddsen.

Einar segir að vinsældir þessara bóka ættu ekki að vera neitt undrunarefni. Íslendingar séu að reyna að skilja þennan veruleika sem nú blasi við þeim. „Þetta eru líka allt mjög ólíkar bækur. Sjálfur fann ég fyrir því, þegar ég fór að tjá mig, að það var mikill hljómgrunnur fyrir mínum málflutningi. Ég segi þetta bara blátt áfram og beint út." Rithöfundurinn segist telja að áhugi erlendra bókaútgefanda stafi af því að í alþjóða efnahagskreppunni finnist mönnum aðstæður Íslendinga vera málið í hnotskurn. „Mér finnst eins og mönnum þyki ég vera að lýsa heimi sem er annaðhvort á leiðinni til þeirra eða er jafnvel til og á eftir að koma upp á yfirborðið." Hvíta bókin sé þannig upplifun hins venjulega Íslendings af þessum sögulegu viðburðum sem hafi breytt íslensku samfélagi til frambúðar. „Þetta er bara tilraun til að skilja þetta allt, þetta eru svo mörg svið. Eitt er fjármálakerfið, annað eru stjórnmálaöflin og svo er þriðji hlutinn hugsunarhátturinn. Og svo er það að tengja alla þessi hluti saman."

Einar viðurkennir að það sé kannski svolítið fyndið að bókin sé á leiðinni í útrás, þar sem það orð hafi fengið frekar neikvæða merkingu eftir að bankarnir hrundu. „Mér hefur samt tekist að halda mér á svæðinu í þrjátíu ár og kannski getur fjármálalífið bara lært af mér. Menn eiga ekki að þurfa að mæta með ímyndað alvæpni og hrópa á torgum úti. Sígandi lukka er best. Sá sem hefur eitthvað fram að færa þarf ekki að tilkynna það í gegnum hátalara eða forseta." **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kaffi Oliver var nokkuð þétt setinn á fimmtudagskvöldinu og var engu líkara en að um laugardagskvöld hefði verið að ræða. Gestirnir voru af öllum stærðum og gerðum en þar mátti meðal annars sjá Björgvin Pál Gústavsson, markmann íslenska landsliðsins, og Aron Pálmarsson, vonarstjörnu íslensks handbolta. Ingó veðurguð lék nokkur létt lög á kassagítar en Sprengjuhallarmaðurinn Atli Bollason lét sér fátt um finnast og sat úti. Hins vegar virtist **Ásgeir Kolbeinsson**, sem sjálfur er að fara að opna skemmtistað, kunna vel við lagaval Ingós þegar hann spjallaði við nokkrar yngismeyjar.



Ágúst Guðmundsson, kvikmyndagerðarmaður og formaður Bandalags íslenskra listamanna, sendi fjölmiðlum yfirlýsingu í gær. Þar kom fram að stjórn BÍL harmaði þá umræðu sem átt hefði sér stað í kringum bókun hans og Áslaugar Thorlacius í menningar- og ferðamálaráði þegar ákveðið var að tilnefna **Steinunni Sigurðardóttur** sem borgarlistamann. Fréttablaðið greindi frá bókuninni sem virtist fara heldur skakkt ofan í aðra félagsmenn því nokkur aðildarfélög BÍL lýstu yfir stuðningi sínum við Steinunni. Fatahönnuðurinn sjálfur hvatti til sameiningar í samtali við Fréttablaðið.



**Jóhanna Guðrún** verður á faraldsfæti í lok þessa mánaðar því hún verður ein af aðalstjörnum sérstaks Eurovision-teitis sem Gay Pride-gangan í Stokkhólmi stendur fyrir dagana 27. júlí-2. ágúst. Annars hefur verið óvenju hljótt um þjóðhetjuna eftir að hún snéri heim frá Moskvu með silfrið í farteskinu og menn eru því farnir að vera ansi spenntir að heyra um nýja landvinninga söngfuglsins. **- fgg**














# Birgitta og Bensi fengu strák

Birgitta Haukdal og maðurinn hennar, Benedikt Einarsson, eignuðust lítinn strák hinn 25. júní. Móður og syni heilsast vel en strákurinn ku vera mikill myndarpiltur. Heimilið að Bakkaflöt 3 í Garðabænum er því í miklum blóma um þessar mundir og lífið leikur við ungu hjónin, sem hafa verið að koma sér fyrir í þessu glæsilega húsi. Ekki verður langt fyrir ættingjana að heimsækja hvítvoðunginn því frændi Benedikts, Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, á heima beint á móti þeim og tveir aðrir af hinni margfrægu Engeyjarætt búa við þessa virðulegu götu í Garðabænum.

Undanfarnir mánuðir hafa því verið viðburðaríkir hjá hjónakornunum. Þau gengu í það heilaga í október á síðasta ári við hátíðlega athöfn í Dómkirkjunni. Nokkrum dögum síðar fengu þau svo að vita að söngkonan ástsæla bæri barn undir belti. „Litla barnið var því leynigestur í brúðkaupinu okkar," sagði Birgitta í viðtali við Föstudag í mars. Birgitta lýsti því reyndar yfir í sama viðtali að hún hefði fengið æði fyrir súrmat, hún hefði hakkað í sig súra hrútspunga og annan þorramat af bestu lyst á meðgöngunni. Þá upplýsti hún einnig að barneignir hefðu ekki verið á dagskránni hjá sér í mörg ár. „Mín skoðun er sú að við verðum að finna manninn okkar sem við viljum eyða ævinni með og koma okkur fyrir áður en barneignir byrja. Ég lít alls ekki á barneignir sem sjálfsagðan hlut og á hverjum degi þakka ég fyrir litla kraftaverkið okkar." **- fgg**



**ALSÆL** Birgitta er alsæl með soninn sem kom í heiminn þann 25. júní en hann þykir mikill myndarstrákur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

# Vorum að opna nýja húsgagna- og gjafavöruverslun

## Úrval brúðkaupsgjafa



**20% kynningarafsláttur!**

OPIÐ VIRKA DAGA 11-18, LAUGARDAGA 11-16
ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - 562 4242

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs Jónssonar


## *Fréttir og fótbolti*

Síðasta sunnudag var úrslitaleikur svokallaðrar álfukeppni í knattspyrnu leikinn. Þar áttust við lið Bandaríkjamanna og margfaldir heimsmeistarar Brasilíumanna. Leikurinn var hin besta skemmtun. Bandaríkjamenn komu verulega á óvart með frækilegri framgöngu og í hálfleik var staðan 2-0 þeim í vil. Þá bitu Brasilíumenn í skjaldarrendur. Þeir skoruðu þrjú mörk í síðari hálfleiknum og fóru með sigur af hólmi. Leikurinn var skólabókardæmi um flest það sem gert hefur knattspyrnu að vinsælustu íþrótt í heimi. Sjónvarpið á heiður skilinn fyrir að sýna leikinn í beinni útsendingu.

**LEIKURINN** fór fram á hefðbundnum fréttatíma hérlendis. Fyrir vikið varð að hliðra fréttatímanum til, eins og áralöng hefð er fyrir þegar heimssögulegir atburðir eða Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva eiga í hlut. Þrátt fyrir þetta sáu einhverjir ástæðu til að fjargviðrast yfir því að fréttirnar skyldu ekki vera á réttum tíma. Einn fór mikinn á blogginu sínu, fannst nú sem Icesave væri mikilvægara en einhver fótbolti og óafsakanlegt að taka afþreyingarefni í hæsta gæðaflokki fram yfir nýjasta þvargið í stjórnmálaleiðtogunum okkar um það viðkvæma mál. Fréttirnar eiga að hans mati að vera klukkan sjö en ekki sex og allt annað að víkja á þeim tíma. Á honum var að skilja að kreppan hans dýrmæta myndi seyrna og skemmast ef hann fengi ekki nýjustu eymdarfréttirnar stundvíslega á hverjum degi.

**AUÐVITAÐ** ætti Sjónvarpið fyrir löngu að vera búið að koma sér upp sérstakri rás til að sýna frá merkilegum viðburðum, sem einhverjir kynnu ekki að hafa áhuga á, í stað þess að dagskráin fari alltaf öll á ská og skjön með reglulegu millibili, til dæmis í kringum HM eða EM í fótbolta og Ólympíuleika. En í raun er þessi tilfærsla dagskrárliða fyrir löngu orðin rótgróin hluti af íslenskri sjónvarpshefð og engum ofraun að fylgjast með því hvenær fréttirnar eru þegar þannig ber undir. Kreppufréttir og Icesave-umræða eru vitaskuld bráðnauðsynlegar lýðræðinu í landinu. En kreppan er ekki að fara neitt. Hún verður hér enn eftir að næsti fótboltaleikur er búinn og líka sá þarnæsti.

**ALLT** hefur sinn tíma. Og stundum er einfaldlega tími til að njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða – þótt það sé kreppa.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 4. júlí 2009, 185. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.12 | 13.32 | 23.50 |
| Akureyri | 2.11 | 13.16 | 0.19 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


